

## Stresslaus, norsk jól

Bjarni Ármannsson og kona hans, Helga Sverrisdóttir, ætla að eyða jólunum í Ósló ásamt fjórum börnum sínum. Þar halda þau stresslaus jól en á áramótum verða þau heima.

FERÐIR 36

## Indverskur jólamatur

George Holmes er indverskur kokkur sem gerir vel við sig um jólin, enda er hann kapólskur. Hann gefur lesendum spennandi en framandi jólauppskriftir ættaðar frá heimalandinu.



JÓLAMATUR 26

Þriðjudagstilboð
Kjötfars 421 kr. kílóið
Úr kjötborði
SPAR
Opið alla daga frá kl. 10-20
Bæjarlind 1 - Sími 544 4510

þriðjudagur
18. desember 2007
242. tölublað 3. árgangur
24stundir



## Mestu stolið í desember

Búðahnupl er algengast í desember. Í fyrra voru 73 mál af 640 tilkynnt lögreglu í jólamánuðinum. „Skýringin er einfaldlega sú að flestir stela í hlutfalli við það sem þeir versla," segir Eyþór Víðisson öryggisfræðingur. 2



## Ekki verið að búa til nýtt REI

Landsvirkjun Power verður ekki nýtt REI, segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Félagið verður í fullri eigu Landsvirkjunar, ekkert framsal á sér stað og engir einkaréttir eða kaupréttarsamningar eru í spilinu. 4



## Góð ímynd en ekki nógu sterk

Ímynd Íslands erlendis er almennt jákvæð en ekki nógu sterk. Ísland er víða um heim helst þekkt fyrir náttúrufegurð. Þetta var niðurstaðan á samráðsfundi atvinnulífsins og stjórnvalda. 22

Orkuveita Reykjavíkur
6
dagar til jóla
Skyrgámur kemur í bæinn
• or.is/jolaleikur – Taktu þátt!

# Báknið kjurt

■ Ársverkum hjá utanríkisráðuneytinu fjölgaði um 166 prósent á tíu ára tímabili ■ Iðnaðarráðuneytið eitt um að draga saman

Eftir Frey Rögnvaldsson
freyr@24stundir.is

Ársverkum í dagvinnu hjá hinu opinbera fjölgaði um 31 prósent á tíu ára tímabili. Árið 1997 voru ársverk hjá hinu opinbera 12.468 en í fyrra voru þau 16.324. Ársverkum hefur fjölgað mest hjá stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þar fjölgaði ársverkum um 1.749 á tímabilinu. Hlutfallslega fjölgaði ársverkunum hins vegar mest hjá utanríkisráðuneytinu en þar fjölgaði þeim um 166 prósent.

**Iðnaðarráðuneytið sker sig úr**

Þessar upplýsingar koma fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um þróun ársverka í opinberum stofnunum. Í svari fjármálaráðherra kemur fram að ársverkum í dagvinnu hefur fjölgað umtalsvert hjá öllum ráðuneytum og stofnunum sem undir þau heyra. Þó er ein undantekning á þeirri þróun því ársverkum í stofnunum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið hefur fækkað um fjörutíu á tímabilinu.

**SAMANBURÐURINN**

- Fjölgun íbúa á Íslandi árin 1997-2006 var 13 prósent.
- Fjölgun starfandi fólks á tímabilinu var 19,5 prósent.
- Fjölgun ársverka í opinbera geiranum var á sama tímabili 31 prósent.

**Kemur ekki á óvart**

Ármann segir að þessar niðurstöður komi honum ekki á óvart. „Eftir að hafa starfað til langs tíma í stjórnsýslunni hafði ég sterklega á tilfinningunni að staðan væri svona. Báknið er ekki að fara burt heldur er báknið kjurt. Það eru sífelldar umræður um að það sé verið að einkavæða ríkisstofnanir og færa verkefni til einkaaðila. Þegar ég settist inn á Alþingi fannst mér ástæða til að fara ofan í saumana á þessum málum. Því óskaði ég eftir þessum upplýsingum. Það kemur svo bara í ljós að störfum hjá hinu opinbera virðist fljótt á litið vera að fjölga hraðar en störfum í einkageiranum," segir Ármann.

RÍKIÐ EKKI Á BREMSUNNI 6

# Smáhjólaæði grípur um sig



24stundir/G. Rúnar

## „Öruggara en að vera á reiðhjóli úti í umferðinni"

Börn allt niður í sex ára þeysast um á svokölluðum smámótorhjólum á afgirtum svæðum. Hálft ár er síðan reglum um hjólin var breytt og aldursmark lækkað. Þeim sem eiga smámótorhjól hefur snarfjölgað og hafa hundruð hjóla verið skráð á árinu, þótt stykkið kosti vart undir 200 þúsundum. „Þetta er öruggara en að vera á reiðhjóli úti í umferðinni," segir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður Vélhjólaíþróttaklúbbsins. 42



## Tekinn á hundraðinu

**Hundrað ára ökumaður hefur verið tekinn í tvígang undanfarinn mánuð fyrir að aka bíl réttindalaus í Japan. Ökuréttindin missti hann eftir að hann flýði af vettvangi áreksturs í ágúst. „Akstur kemur í veg fyrir að ég verði elliær með því að halda viðbrögðunum við," hefur lögreglan eftir ökumanninum Masaru Hori. Hefur hann þó heitið því að hætta akstri fyrir fullt og allt.** aij

**NEYTENDAVAKTIN**

## Mikill munur á suðusúkkulaði

NÁNAR 4

**GENGI GJALDMIÐLA**

| | SALA | % |
|---|---|---|
| USD | 63,12 | 0,41 ▲ |
| GBP | 127,27 | 0,15 ▲ |
| DKK | 12,09 | -0,16 ▼ |
| JPY | 0,56 | 0,20 ▲ |
| EUR | 90,81 | -0,16 ▼ |
| GENGISVÍSITALA | 119,79 | -0,04 ▼ |
| ÚRVALSVÍSITALA | 6.316 | -2,32 ▼ |

**VEÐRIÐ Í DAG**






16



Opið til kl. 21:00
alla daga til jóla
LYSTADÚN Marco
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Afgreiðslutími alla daga til jóla: 9–21

Kona dæmd í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot

# Braut gegn ölvaðri vinkonu

Kona var sakfelld í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir kynferðisbrot, en hún notfærði sér ástand vinkonu sinnar er hún sleikti kynfæri hennar þar sem hún lá meðvitundarlaus sökum ölvunar.

Atvikið átti sér stað í júlí á síðasta ári þar sem konurnar sátu að drykkju ásamt fjórum vinkonum sínum í sumarbústað.

Sumar kvennanna sátu naktar í heitum potti og neyttu áfengis, en hin ákærða misnotaði brotaþola eftir að sú síðarnefnda lagðist drukkin til svefns inni í sumarbústaðnum, nakin eftir veruna í heita pottinum.

Brotaþola var tjáð af vinkonum sínum þegar hún komst til meðvitundar að þær hefðu séð ákærðu með höfuðið á milli fóta hinnar ölvuðu. Hún gekk því næst á hina ákærðu og spurði hana út í atvikið, en hún neitaði sök þá og einnig síðar fyrir dómi. Hún fullyrti að ekkert kynferðislegt hefði átt sér stað á milli sín og brotaþola.

Framburður vinkvennanna um gjörðir hinnar ákærðu þótti trúverðugur. Þá þótti sannað að brotaþoli hefði sofið ölvunarsvefni og að hin ákærða hefði notfært sér ástand hennar.

Auk skilorðsbundna fangelsisdómsins var ákærðu gert að greiða brotaþola þrjú hundruð þúsund krónur í skaðabætur og tæpar 560 þúsund krónur í sakarkostnað.




aegir@24stundir.is

Nauðgunarrannsókn á Selfossi

# Annar Pólverji í farbanni fór úr landi

Lögreglan á Selfossi telur að annar Pólverji, sem grunaður er um að hafa tekið þátt í nauðgun í október, hafi rofið farbann og yfirgefið landið. Félagi hans fór úr landi í byrjun desember. Lýst hefur verið eftir báðum mönnunum á Schengen-svæðinu.

Í gær var tekin fyrir krafa lögreglustjórans á Selfossi um framlengingu farbanns yfir tveimur Pólverjum, sem grunaðir eru um að hafa tekið þátt í nauðguninni. Annar þeirra, Jaroslaw Pruczynski, mætti ekki og við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að hann hefur ekki mætt til vinnu síðan 9. desember. Þriðja manninum var í dag gert að leggja fram tryggingu fyrir því að hann yrði tiltækur fyrir lögreglu fram til 4. febrúar.



mbl.is

# Dæmdur fyrir þrjár árásir



**Héraðsdómur Austurlands dæmdi í gær karlmann á þrítugsaldri í 8 mánaða fangelsi, þar af 6 skilorðsbundna, fyrir þrjár líkamsárásir, þar af eina sérlega hættulega. Hann var einnig dæmdur til að greiða öðrum manninum, sem hann réðist á, 275 þúsund krónur í bætur og hinum 95 þúsund auk málskostnaðar. Maðurinn var fundinn sekur um að hafa veist að manni, sem sat í bíl á Eskifirði í maí í vor og slá hann í andlitið í gegnum opna rúðu. Síðar sama kvöld sló hann manninn nokkur högg með golfkylfu í höfuðið með þeim afleiðingum, að sá sem varð fyrir höggunum fékk m.a. heilablæðingu og mar á heila. Þá sló árásarmaðurinn annan mann í öxlina með golfkylfunni. Í dómnum segir, að við ákvörðun refsingar sé litið til þess að maðurinn hafi á afar greinargóðan hátt játað háttsemi sína en á hinn bóginn sé litið til þess að í málinu sé hann sakfelldur fyrir þrjár fyrirvaralausar líkamsárásir af litlu tilefni.**

mbl.is

# Sniglar undrast ummæli um 2+2 vegi út frá Reykjavík

**Umferðarnefnd Sniglanna undrast ummæli Rögnvaldar Jónssonar, eins reyndasta vegaverkfræðings landsins, um ákvörðun stjórnvalda um 2+2 veg til Selfoss og Borgarness. Rögnvaldur taldi að frekar ætti að byggja 2+1 vegi á þessum stöðum.**
**Umferðarnefnd þykir ljóst af reynslu undanfarinna tveggja ára af 2+1 vegum, að þetta sé ekki góð lausn og sé í raun hættuleg lausn, og varar við því að svona vegir verði byggðir á Íslandi í framtíðinni. Svona vegir ýti undir hraðakstur á tvöföldum köflum, sérstaklega á háannatíma, hvort sem um er að ræða bifreiðar, bifhjól, fjórhjól eða stærri ökutæki.**

# Útlit fyrir íkveikju í Eyjum



**Allt útlit er fyrir að kveikt hafi verið í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum, þar sem eldur kom upp aðfaranótt föstudags. Menn úr tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu rannsökuðu vettvang í gær. Maður sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald vegna rannsóknar málsins hefur verið látinn laus. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Vestmannaeyjum er málið enn í rannsókn. Maðurinn sem var úrskurðaður í gæsluvarðhald neitar að hafa kveikt í, en hann var síðastur út úr húsinu áður en eldurinn kom upp.**

mbl.is

# Starfsfólk stelur helmingnum

■ Starfsfólk verslana ábyrgt fyrir helmingi búðahnupls ■ Þjófnaður starfsfólks hérlendis með því mesta sem þekkist í Evrópu

Eftir Ægi Þór Eysteinsson
aegir@24stundir.is

Starfsfólk verslana ber ábyrgð á helmingi búðahnupls hér á landi, en hlutfallið er með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Þetta kemur fram í nýlegri alþjóðlegri rannsókn, Global Theft Barometer, sem náði til 32 landa í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu árið 2006.

„Ég myndi giska á að tuttugu prósent starfsmanna steli um áttatíu prósentum af því sem stolið er," segir Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur hjá VSI – öryggishönnun og ráðgjöf. „Ég held að vandamálið hér á landi sé að hér vantar alla umræðu um þessi mál og sömuleiðis fræðslu fyrir starfsmenn því ég tel að þeir viti ekki í mörgum tilfellum að þeir séu að gera rangt og fái sér súkkulaðistöng því aðrir gera það."

### „Kunningjaafgreiðslur"

Svokallaðar kunningjaafgreiðslur eru ein tegund þjófnaðar sem er hvað algengust hér á landi hjá starfsfólki. „Þá kemur mamma í búðina, verslar og vörurnar eru settar í poka án þess að þær séu skannaðar inn í kerfið. Það er erfitt að rukka mömmu," segir Eyþór.

Samkvæmt rannsókninni er svipaður fjöldi kvenna og karla gripinn við búðahnupl, en konur stela fleiri og ódýrari hlutum.



### BÚÐAHNUPL

- **Búðahnupl hefur minnkað um 5,7% á milli ára hér á landi.**
- **Dregið hefur úr þjófnuðum um 3,2% prósent í Danmörku, um 2,3 prósent í Portúgal og um 2,2 prósent á Spáni.**
- **Meðaltalið í Evrópu var þó 1,6% aukning búðaþjófnaða.**

Í rannsókninni kemur fram að þjófnaður er áttatíu prósent af rýrnun hjá verslunum. Kostnaður við búðahnupl hér á landi er tæpir þrír milljarðar króna, sem samsvarar að hér sé stolið vörum í verslunum fyrir um átta milljónir króna á dag.

### Mest stolið í desember

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru 640 búðaþjófnaðir tilkynntir á síðasta ári, flestir í desembermánuði eða 73. Á þessu ári hafa 715 búðahnuplsmál ratað inn á borð lögreglu en langflestir þjófanna voru á aldrinum 15 til 24 ára. Það sem af er desembermánuði hafa tilfellin verið 31 talsins.

„Skýringin er einfaldlega sú að flestir stela í hlutfalli við það sem þeir versla. Langflestir stela þegar þeir eru að versla og svo nota margir tækifærið þegar mikið er að gera í verslunum," segir Eyþór.

SÍÐASTA BÓK BJÖRNS TH.




Í þessari margslungnu sögu frá Sturlungaöld segir frá systrum tveim, Þórum Guðmundsdætrum frá Þingvöllum og þungum örlögum þeirra, en Þóra yngri var móðir Gissurar jarls.

Tær stíll og myndvísi á sviðsetningu atburða bregst Birni ekki í þessari bók fremur en í fyrri bókum hans.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

### VEÐRIÐ Í DAG




**Léttir til síðdegis**

Snýst í suðvestan 13-20 m/s með skúrum eða éljum sunnan- og vestanlands, en heldur hægari vindur og léttir til seinni partinn. Kólnandi veður.

### VEÐRIÐ Á MORGUN




**Rigning eða súld**

Sunnan og suðvestan 10-15 m/s og rigning eða súld, en heldur hægari vindur og úrkomulítið um landið norðaustanvert. Hiti 2 til 8 stig.

### VÍÐA UM HEIM

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Algarve | 14 | Halifax | -6 | New York | -2 |
| Amsterdam | 1 | Hamborg | 2 | Nuuk | -2 |
| Ankara | 3 | Helsinki | -1 | Orlando | 4 |
| Barcelona | 7 | Kaupmannahöfn | 4 | Osló | -5 |
| Berlín | 0 | London | 4 | Palma | 21 |
| Chicago | 2 | Madrid | 7 | París | -1 |
| Dublin | 6 | Mílanó | 3 | Prag | 3 |
| Frankfurt | 2 | Montreal | -13 | Stokkhólmur | -3 |
| Glasgow | 2 | München | 0 | Þórshöfn | 8 |

Leiðrétting

# Trjástærðin reyndist röng

**Síðastliðinn laugardag birti blaðið verðkönnun á jólatrjám. Þar sagði að miðað væri við tré á stærðarbilinu 1,5-2,0 metrar. Þarna átti að standa 1,75-2,0 metrar. Eftirtaldir selja jólatré í stærðarflokknum 1,50-1,75 metrar á lægra verði en tré sem eru í stærðarflokknum 1,75-2,0 metrar: Byko, Europris, Garðheimar og Jólatréssalan Landakoti. Aðeins Blómaval selur þessa tvo stærðarflokka á sama verði.**

**Leiðrétt**
Ritstjórn 24 stunda vill leiðrétta hvaðeina, sem kann að vera missagt í blaðinu. Leiðréttingar birtast að jafnaði á síðu 2.




# OPNUNARTÍMAR YFIR JÓLIN

MÁN 17.DES - ÞRI 18.DES 10:00-18:00
MIÐ 19.DES - FÖS 21.DES 10:00-20:00
LAU 22.DES 10:00-22:00
SUN 23.DES 10:00-23:00
MÁN 24.DES 10:00-12:00

## DOLCE & GABBANA

FYRIR DÖMUR OG HERRA Í SÆVARI KARLI

**SÆVAR KARL BANKASTRÆTI 7**
SÍMI 551 3470
www.saevarkarl.is





Opið hús og fyrirlestur um mansal hjá Unifem á Íslandi

# Eins og nektardansstaðir hér

„Þessir staðir voru mjög áþekkir nektardansstöðunum hér heima“ segir Hreiðar Eiríksson sem ræðir reynslu sína af viðtölum við fórnarlömb mansals hjá Unifem í dag.

Hreiðar er mastersnemi í lögfræði en starfaði áður sem rannsóknarlögregluþjónn. Hann fór á vegum friðargæslunnar til Bosníu árið 2002.

„Við fórum inn á staði þar sem við töldum að konum væri haldið, til að athuga hvort þarna væri um ófrjálsa þolendur mansals að ræða,“ segir Hreiðar en hátt á annað hundrað kvenna voru fluttar aftur til síns heima þá níu mánuði sem hann starfaði í Bosníu. Konurnar voru fengnar til að koma með lögregluþjónunum út af stöðunum og voru fluttar í örugg hús þar sem þær fengu læknisþjónustu og sálfræðiviðtöl áður en lögreglumennirnir töluðu við þær.

Varðandi stöðu þessara mála á Íslandi segir Hreiðar: „Það er óhætt að segja að það séu ákveðnir samnefnarar milli þess sem ég hef rekist á hér og þess sem ég sá í Bosníu. En lengra er ég ekki tilbúinn að ganga að svo stöddu.“



**Mansal** Hreiðar Eiríksson talar um mansal í Bosníu.

Opið hús verður hjá Unifem milli kl. 17 og 19 í dag.

aak

# Power verður ekki nýtt REI

■ Forstjóri Landsvirkjunar Power segir félagið ekki verða nýtt REI
■ Landsvirkjun mun eiga allt hlutafé í nýju útrásarfyrirtæki sínu

Eftir Þórð Snæ Júlíusson
thordur@24stundir.is

Landsvirkjun Power (LVP) verður ekki eins félag og Reykjavík Energy Invest (REI), segir Bjarni Bjarnason, forstjóri LVP, en félagið mun hefja störf á nýju ári og stefnir í útrás. Félagið verður í 100 prósenta eigu Landsvirkjunar sem mun leggja til átta milljarða króna í hlutafé. Ekki kemur til greina að selja hluti í félaginu til einkaaðila né að setja það á almennan markað.

**Fá ekki einkarétt**

„Mér sýnist munurinn vera sá að þetta félag verður í 100 prósenta eigu Landsvirkjunar. Þá flyst verkfræði- og framkvæmdaþekkingin úr Landsvirkjun yfir í þetta félag. Það var ekki gert í REI,“ segir Bjarni um muninn á félögunum tveimur. „Svo er ekki um neitt framsal að ræða og Landsvirkjun Power fær ekki einkarétt á nokkrum sköpuðum hlut frá móðurfélaginu.“ Hann segir ennfremur enga kaupréttarsamninga hafa verið gerða við starfsmenn hins nýja hlutafélags og að ekki standi til að gera neina slíka.

**Einungis nafnbreyting**

Í ársbyrjun stofnaði Landsvirkjun fjárfestingafélagið Landsvirkjun Invest (LVI) um útrásarverkefni sín. Það félag stofnaði síðan HydroKraft Invest ásamt Landsbankanum og lagði hvor aðili fyrir sig um tveggja milljarða króna hlutafé til. Stefnt var að því að skrá félagið á erlendan hlutabréfamarkað. Bjarni segir muninn á LVP og LVI einfaldlega vera nafnbreytingu. HydroKraft og önnur smærri félög í eigu Landsvirkjunar muni renna inn í LVP. „Í byrjun þessa árs var hugmyndin að félagið væri í fjárfestingum. Um mitt árið kviknaði síðan sú hugmynd að flytja verkfræði- og framkvæmdasvið Landsvirkjunar yfir í félagið. Þá var ekki eðlilegt að félagið héti Invest og því völdum við nafnið Power, sem er miklu breiðara. Þetta er orkufélag sem sýslar með orkutengd mál, hvort sem það er í ráðgjöf, fjárfestingum, eða rekstri. Það er allt opið.“




24stundir/Golli

**Landsvirkjun** Ekki kemur til greina að selja hluti í félaginu til einkaaðila.

**LANDSVIRKJUN**

- **Landsvirkjun er að fullu í eigu íslenska ríkisins eftir að 50 prósenta eignarhlutur Reykjavíkur og Akureyrar var keyptur haustið 2006 fyrir um 30 milljarða króna.**
- **Landsvirkjun Power verður að fullu í eigu móðurfélags síns, en starfar sem hlutafélag.**






**NEYTENDAVAKTIN**

**Síríus konsum suðusúkkulaði 200 g.**

| Verslun | Verð | Verðmunur |
|---|---|---|
| Kaskó | 179 | |
| Melabúðin | 249 | 39,1 % |
| Samkaup-Strax | 269 | 50,3 % |
| Þín verslun Seljabraut | 276 | 54,2 % |
| 11-11 | 289 | 61,5 % |
| Kjarval | 289 | 61,5 % |



## Mikill verðmunur á suðusúkkulaði

**Neytendasamtökin könnuðu að þessu sinni verð á Síríus konsum suðusúkkulaði í 200 g pakkningu. Verðmunur er verulegur og er hæsta verð 61,5 % hærra en það lægsta eða 110 króna munur.**



Sonja McManus

NEYTENDASAMTÖKIN

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök: stofnuð árið 1953. Þau verja hag félagsmanna og berjast fyrir hagsmunum neytenda.
Sjá www.ns.is - netfang:ns@ns.is

Héraðsdómur

## Mátti skattleggja lífeyri

**Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað íslenska ríkið af kröfu ellilífeyrisþega, sem vildi greiða fjármagnstekjuskatt af þeim hluta lífeyris, sem var ávöxtun af innborguðu iðgjaldi. Var úrskurður skattstjóra um að greiða skyldi tekjuskatt af lífeyri staðfestur með dóminum. Dómurinn taldi, að skattlagning lífeyristekna væri að öllu leyti lögmæt. Hafnaði dómurinn því að skattlagningin bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.**

mbl.is






Tónlist í símann
vodafone
Milljón íslensk og erlend lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn
Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.
Tónlistarklúbburinn
• Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
• Íslensk tónlist **innifalin** (almennt verð 149 kr.)
• Kauptu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr**. lagið (almennt verð 149 kr.)
• 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)
Sony Ericsson W880i
1 GB minniskort fylgir, Walkman spilari, 3G sími, 2 MP myndavél, stereo heyrnartól fylgja. Fer á Netið með Vodafone live!
Fæst svartur og gylltur. Fæst eingöngu gylltur hjá Vodafone.
29.900 kr.
Komdu við í næstu Vodafone verslun á Akureyri
Gríptu augnablikið og lifðu núna

GLIT

Ker til að brenna gler í örbylgjuofni T.d skartgripi. Tekur aðeins nokkrar mín. Úrval af skartgripagleri ásamt öðrum efnum til skartgripagerðar




Glit ehf. Krókhálsi 5 110 reykjavík
Sími 587 5411 www.glit.is

# Ríkið ekki á bremsunni

- Fjölgun ársverka hjá hinu opinbera meiri en hjá einkageiranum
- Pétur Blöndal segir einkavæðinguna ekki hafa undan vextinum

**Eftir Frey Rögnvaldsson**
freyr@24stundir.is

Fjölgun ársverka í dagvinnu hjá hinu opinbera er að minnsta kosti jafnhröð og í einkageiranum. Ýmislegt bendir til að fjölgunin sé jafnvel ívið hraðari. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar á Alþingi kemur fram að ársverkum hjá hinu opinbera hafi fjölgað um 3.856 á árunum 1997 til 2006 eða um 31 prósent. Við sameiningu Borgarspítalans og Landsspítalans fjölgaði ársverkum í dagvinnu hjá ríkinu um 1.300. Ef sú fjölgun er undanskilin fjölgaði ársverkum hins opinbera um 20,5 prósent á tímabilinu.

Fjölgun ársverka hjá stofnunum sem heyra undir forsætisráðuneytið og einnig utanríkisráðuneytið er yfir hundrað prósent á þessum tíu árum. Umtalsverð fjölgun er á ársverkum hjá flestöllum öðrum ráðuneytum eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Flest ársverk eru unnin hjá stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, eða 6.475.

### Mjög varasöm þróun

Pétur Blöndal alþingismaður telur þessa þróun mjög varasama. „Þetta leiðir af sér gríðarlega útgjaldaaukningu hjá ríkinu. Ríkið er að taka til sín stærri og stærri hlut af þjóðarkökunni og það finnst mér vera mikið áhyggjuefni. Fjölgun starfa í opinbera geiranum sýnist mér vera nokkuð í takt við það sem er að gerast í einkageiranum. Menn hafa talið sig vera að einkavæða og sýna aðhald í ríkisrekstrinum en þessar tölur sýna að aukningin í ríkisvæðingunni heldur hins vegar ríflega í við einkavæðinguna. Það er alltaf verið að setja á fót nýjar stofnanir og ný fyrirtæki á vegum ríkisins.“




**Utanríkisþjónustan** Vöxtur utanríkisþjónustunar er ein ástæða gjölgunar ársverka hjá hinu opinbera.

**TILFÆRSLUR**

- **Árið 2006 var stærstur hluti launaafgreiðslu heilbrigðisstofnanna færður til ríkisins, alls 1.511 ársverk.**
- **Heilbrigðisstofnanir voru í sérstöku launakerfi áður og því fjölgaði ársverkum ekki við tilflutninginn.**

### Aukin einkavæðing nauðsyn

Pétur vill meina að nauðsynlegt sé að reyna að auka einkavæðinguna. „Við verðum að fækka ríkisfyrirtækjum og innleiða samkeppni í til að mynda menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Hvað varðar útþenslu stjórnsýslunnar þá er það varasöm þróun. Ég veit til dæmis ekki hvort að vöxtur utanríkisþjónustunnar skilar sér fyrir íslenskta atvinnulíf.“

**HVAÐ VANTAR UPP Á?**

**Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á bladid@bladid.net**

Ný sending af vörum frá Comptoir de Famille



www.nora.is
Dalvegi 16a Kóp. S: 517 7727
Opið: mi-fö. 11-21, lau og su 11-23, aðfangadag 11-14

Nóra

**FJÖLDI ÁRSVERKA HJÁ HINU OPINBERA**

Ársverk í dagvinnu hjá opinberum stofnunum, tímabilið 1997-2006, flokkað eftir ráðuneytum







Framtíðarbók
KAUPÞING Hugsum lengra

## Halda á annan fund eftir hálft ár

**Samráðsfundur embættismanna Íslands og Bretlands um öryggis- og varnarmál fór fram í gær. Helstu umfjöllunarefni hans voru sameiginleg hagsmunamál og viðfangsefni á Norður-Atlantshafi, samstarf innan Atlantshafsbandalagsins og stöðu alþjóða öryggismála, auk mögulegra samstarfsverkefna ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála. Fundurinn þótti gagnlegur og var ákveðið að halda annan slíkan fund eftir hálft ár.** æe

# HARÐIR PAKKAR FRÁ NÝHERJA




## Canon EOS 400D

**18-55mm linsa - 1GB minniskort - taska**

Myndavélin sem hefur slegið í gegn hjá áhugasömum ljósmyndurum. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felast í skörpum og hreinum myndum.

Verð: **84.900 kr.**



## Canon Pixma MP970

MP970 er toppurinn í fjölnota prenturum og er hannaður fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara. Prentar, einnig á CD/DVD diska, ljósritar og skannar. Náðu hámarks gæðum með sjö blekhylkjum eða einfaldlega settu 35mm filmuna á stafrænt form.

Verð: **32.900 kr.**



## Canon DC220

DC220 breiðtjaldsupptökuvélin tekur beint á DVD disk sem þú getur horft á í DVD spilaranum eða í tölvunni andartökum síðar. Tekur auk þess kyrrmyndir. 35x optical zoom linsa, framsýnir eiginleikar til að stjórna vélinni og þá er hægt að geyma allt að 108 mínútur af efni á einum Dual Layer disk.

Verð: **49.900 kr.**



## My Book 500 GB flakkari

Stílhreinn flakkari með 500GB hljóðlátum hörðum disk. Ekkert vesen, setur hann í samband og byrjar strax að setja kvikmyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar inn á hann. Hugbúnaður frá Google fylgir.

Verð: **18.900 kr.**



## Canon Ixus 70

Hönnun Ixus 70 er stórglæsileg. 7.1 megapixla myndflaga og ein vinsælasta myndavélin á markaðinum í dag. Búin leiðandi tækni frá Canon sem skilar afköstum er jafnast á við ómótstæðilegt útlit.

Verð: **29.900 kr.**



## Bose SoundDock Portable

SoundDock Portable ferðahljómtækið býr yfir öllum kostum SoundDock. Að auki færðu endingargóða lithium hleðslurafhlöðu sem gerir þér kleift að taka tækið með hvert sem er. Á SoundDock Portable er tengi þar sem hægt er að tengja annan búnað, s.s. tölvur og geislaspilara. Vögguna fyrir iPodinn er hægt að fella inn í tækið. Hægt að fá sérhannaða tösku til að auðvelda flutning.

Verð: **49.900 kr.**



## Lenovo ThinkPad R61

Traustar, krafmiklar og góðar fartölvur sem endast og endast.

Verð: **159.900 kr.**



NÝHERJI

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

# GEFUR ÞÚ BARNINU BÓK Í JÓLAGJÖF?




Fyrsta bókin í frábærum bókaflokki um Skelmi Gottskálks og Valkyrju Kain.

Æsispennandi frá upphafi til enda.




Jólasveinarnir koma einn af öðrum til byggða síðustu dagana fyrir jól. Hver kemur fyrst? Hver rekur lestina? Í þessari bók er allt á sínum stað, líka Grýla, Leppalúði og jólakötturinn.

Yndisleg og gullfalleg jólabók.




Fyrsta bókin í nýjum flokki um Spiderwick-fólkið. Enn meira spennandi en fyrri bækurnar.

Heillandi ævintýri handa krökkum frá 9 ára aldri.

HEIMSBÓKMENNTIR HANDA BÖRNUM




Þessi sígildu verk Charles Dickens og Jules Verne í myndasöguformi. Frábærar bækur handa börnum frá 10 ára aldri.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


Brottkast þorsks og ýsu

## Sex milljónum fiska hent



**Brottkast þorsks á árinu 2006 var 2.754 tonn eða 1,5 prósent af lönduðum afla, samkvæmt nýrri skýrslu frá Hafrannsóknastofnun, en greint er frá henni á vefnum skip.is. Brottkast ýsu var 2.452 tonn eða 2,6 prósent af lönduðum afla. Þá var samanlagt brottkast þessara tegunda að jafnaði um 6,2 milljónir fiska á ári frá 2001 til 2006.**

ibs

Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi

## Hótaði löggunni

Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt karlmann á þrítugsaldri í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum lífláti og slá annan þeirra. Þá var maðurinn einnig dæmdur til að greiða sýslumanninum á Eskifirði 35 þúsund krónur í bætur fyrir skemmdir, sem hann vann á fangaklefa.

Þetta gerðist í janúar á þessu ári. Dómurinn taldi sannað, að maðurinn hefði hótað lögreglumönnunum með orðunum „þetta er þitt síðasta verk," þegar þeir höfðu afskipti af honum. Þóttu þessi orð ekki verða skilin á annan veg en þann að maðurinn hefði með þeim




hótað lögreglumönnunum lífláti og var sú hótun talin hafa verið til þess fallin að vekja hjá lögreglumönnunum ótta um velferð sína.

Ekki þótti skipta máli í því sambandi þótt maðurinn hefði verið undir talsverðum áhrifum áfengis þegar hann lét þessi orð falla.

mbl.is

# Vilja selja í HS og kaupa í OR

■ Hafnfirðingar vilja selja OR hlut sinn í HS ■ Viðræður hafa þegar átt sér stað ■ Mögulega fyrsta skrefið í átt að frekari breytingum

**Eftir Þórð Snæ Júlíusson**
thordur@24stundir.is

Meirihluti bæjarráðs Hafnarfjarðar vill selja Orkuveitu Reykjavíkur (OR) 95 prósenta hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja (HS) á rúmlega sjö og hálfan milljarð króna. Bærinn á í dag um fimmtán prósenta hlut í HS en mun eiga undir einu prósenti verði salan að veruleika. Í staðinn vill Hafnarfjörður fá að kaupa hlut í OR.

### Hafa þegar rætt við OR

Gunnar Svavarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn HS, segir viðræður við OR þegar hafa farið fram. „Ég held að það sé vilji innan Orkuveitunnar og eigendahóps hennar til að fá Hafnfirðinga þar inn og því er auðvitað spennandi fyrir okkur að stíga það skref. Okkur þótti ekki ásættanlegt að fara þar inn á meðan við værum enn í Hitaveitunni, en síðan hafa þessir hlutir verið á fljúgandi ferð. Við viljum því fjárfesta og tryggja okkur í báðar áttir."

Mörgu í tillögunni sem var samþykkt í gær svipar til svokallaðrar sáttartillögu sem lögð var fyrir stýrihóp Svandísar Svavarsdóttur um málefni OR. Í henni kom meðal annars fram að skipta ætti HS upp í þrjú félög. Gunnar segir það einfaldlega eiga eftir að koma í ljós hvort þetta verði fyrsta skrefið í átt að frekari breytingum á HS. „Það má vel vera að þessi ákvörðun okkar og lagaumgjörðin sem boðuð hefur verið þýði að menn vilji skoða það betur að skipta Hitaveitunni einhvern veginn upp. Það verður bara að koma í ljós."



**Hitaveita Suðurnesja** Miklar hræringar hafa verið í eignarhaldi fyrirtækisins á liðnu ári.

**HLUTHAFASAMKOMULAG**

▶ **Þann 11. júlí í sumar undirrituðu eigendur Hitaveitu Suðurnesja hluthafasamkomulag.**

▶ **Þar kom fram að aðrir eigendur myndu ekki nýta forkaupsrétt sinn ef Hafnfirðingar seldu OR hlut sinn í félaginu. Samkomulagið gildir fram yfir áramót.**

### Eiga ekki lengur dreifikerfi sitt

Árni Sigfússon, stjórnarformaður HS, segir ákvörðunina í samræmi við hluthafasamkomulagið frá því fyrr í sumar og að hún segi ekkert um frekari breytingar á rekstrarformi HS. „Samkomulagið segir ekkert til um neinar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi og þessi ákvörðun ein og sér breytir engu þar um. En ef Hafnarfjöður selur hlut sinn í Hitaveitunni þá stendur bærinn frammi fyrir því að Hafnfirðingar eigi ekki lengur dreifikerfi sitt. Það er bara þannig."


Skatan beint á borðið
Engin biðröð

Matseðill:
Blandaðir síldarréttir
Kæst skata, saltiskur og saltfisk réttur
Stóruvalla-hamsatólg
Verð kr 2.950-

Einar Ben

Veitingahúsið Einar Ben Veltusund 1 (við Ingólfstorg)
S: 511 5090 einarben@einarben.is






Arena
Dansverslun
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
Sími 893-8184 arena.is
Opið 12-18 og 10-14 laugardaga
Einnig í Point Dansstudió Akureyri


Sofðu vel um jólin
JÓLATILBOÐ
Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.
Hágæða hlífðardýna, lak og konfektkassi fylgja öllum heilsudýnum.
IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Þrýstijöfnun er lykilorðið
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð og finnið muninn.
Queen rúm kr. 129.900,-
King rúm kr. 159.900,-
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
Medium kr. 7.990,-
Okkar vinsælasta jólagjöf
iq-care com
Tugþúsundir Íslendinga elska IQ-CARE
Svæðisskipting tryggir réttan stuðning og fullkomna þrýstijöfnun.
Chiropractic®
Queen rúm kr. 159.900,-
King rúm kr. 209.900,-
FLIPFREE
Since 1949
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kíróprakorsamtökunum.
Yfir 32.000 kíróprakorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.
Sængur, sængurverasett og teppasett í miklu úrvali.
Svefnsófar, svefnherbergishúsgögn og hægindastólar.
Svefn & heilsa
★★★★★
Veldu það besta
Sæng frá Betty
Sængurvera-sett
Heilsukoddi
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

### Fundur áhugafólks um miðbæ Reykjavíkur haldinn í kvöld

# Tækifæri en ekki fótakefli

„Það var í raun röð atburða sem varð til þess að mér ofbauð," segir Óttar Martin Norðfjörð, en hann stendur fyrir fundi um miðborgina á veitingastaðnum Boston í kvöld.



„Það síðasta sem kom upp var þegar átti allt í einu að loka Kolaportinu, þá hugsaði ég með mér, hvernig er hægt að sjá ekki þessa fjársjóði sem eru í miðbænum, eins og gömlu húsin og Kolaportið? Það er eitthvað massíft að hugmyndum fólks um borgina," segir Óttar og bætir við að flestir sem hann ræði við virðist sammála honum í þessum málum. Þetta fólk vill hann fá á fundinn, sem hann segir fyrst og fremst ætlaðan til að sameina fólk með svipaðar skoðanir á miðbænum því klukkan tifi.

Óttar segir áherslur rangar í málefnum miðborgarinnar, gömlu bárujárnshúsin séu að verða að undantekningu en með því sé hjartað rifið úr miðbænum. Hann nefnir erlendar stórborgir eins og Liverpool og Birmingham sem víti til varnaðar.

Snorri Freyr Hilmarsson, formaður Torfusamtakanna, heldur erindi á fundinum en samtökin hafa bent á hvernig hægt sé að auka byggingamagn á reitum í miðbænum með því að byggja aftan við hús, því yfirleitt séu það baklóðirnar sem séu auðar. „Við höfum litið svo á að þessi hús séu tækifæri en ekki fótakefli," segir Snorri.

Fundurinn er haldinn á Boston, Laugavegi 28b, og hefst klukkan 20. aak











# Svipað mynstur

## ■ Meðaltal einkunna í 4. og 7. bekk hæst í Suðvesturkjördæmi eins og í fyrra

**SAMRÆMDAR EINKUNNIR EFTIR KJÖRDÆMUM**

Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10.

| Meðaltal eftir kjördæmum | 4. bekkur Stærðfræði Fjöldi | 4. bekkur Stærðfræði Meðale. | 4. bekkur Íslenska Fjöldi | 4. bekkur Íslenska Meðale. | 7. bekkur Stærðfræði Fjöldi | 7. bekkur Stærðfræði Meðale. | 7. bekkur Íslenska Fjöldi | 7. bekkur Íslenska Meðale. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík: | 1247 | **6,8** | 1253 | **6,2** | 1318 | **7,1** | 1312 | **7,1** |
| Suðvesturkjördæmi: | 1040 | **6,9** | 1015 | **6,3** | 1082 | **7,3** | 1077 | **7,2** |
| Norðvesturkjördæmi: | 414 | **6,7** | 408 | **6,0** | 452 | **6,8** | 448 | **6,9** |
| Norðausturkjördæmi: | 533 | **6,8** | 527 | **6,3** | 515 | **7,0** | 514 | **7,2** |
| Suðurkjördæmi: | 593 | **6,5** | 587 | **6,0** | 668 | **6,6** | 660 | **6,7** |
| **Landið allt:** | **3827** | **6,8** | **3790** | **6,2** | **4035** | **7,0** | **4011** | **7,0** |

Heimild: Námsmatsstofnun

**Eftir Ingibjörgu B. Sveinsdóttur**
ingibjorg@24stundir.is

Nemendur í Suðvesturkjördæmi koma best út í samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í fjórða og sjöunda bekk. Hins vegar er meðaltalið í Suðurkjördæmi lægst í öllum greinum, samkvæmt könnun Námsmatsstofnunar í ár sem um 8 þúsund börn þreyttu.

„Mynstrið er svipað og undanfarin ár og við kunnum enga skýringu á því. Ef menn gerðu það væri búið að leysa vandann," segir Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun.

Að sögn Sigurgríms er yfirleitt munur á árangri milli skóla innan kjördæmanna en ekki er búið að skoða hann enn sem komið er. „Það er líka oft munur á skólum frá einu ári til annars," bendir hann á. Hann bendir jafnframt á að töluverð tengsl hafi verið milli árangurs í stærðfræði og árangurs í lestri.

Meðaltal einkunna á kvarðanum 1 til 10 í fjórða bekk í Suðvesturkjördæmi er 6,9 í stærðfræði en 6,3 í íslensku. Í Suðurkjördæmi er meðaltalið í stærðfræði 6,5 en 6 í íslensku í fjórða bekk.

Meðaltal einkunna í sjöunda bekk í Suðvesturkjördæmi er 7,3 í stærðfræði en 7,2 í íslensku. Í Suðurkjördæmi er meðaltalið í sjöunda bekk 6,6 í stærðfræði en 6,7 í íslensku.

**NÁMSMATSSTOFNUN**

- **Námsmatsstofnun er í reglubundnu samstarfi við alla grunnskóla landsins vegna framkvæmdar samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.**
- **Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi rannsóknastofnana á sviði uppeldis- og menntamála.**

**ÞEKKIR ÞÚ TIL?**

**Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á fréttir@24stundir.is**

### Bandarísk yfirvöld herða eftirlitið

# För af tíu fingrum

Bandarísk yfirvöld hafa hingað til látið sér nægja að taka för af tveimur fingrum þeirra sem koma í heimsókn til Bandaríkjanna. Nú vilja yfirvöld taka för af öllum fingrunum tíu, að því er greint er frá á vefsíðunni epn.dk sem vitnar í netritið Take off.

Sagt er að reglurnar eigi að taka til allra á aldrinum 14 til 79 ára sem ekki eru bandarískir ríkisborgarar. Jafnframt mun þess verða krafist að viðkomandi láti taka mynd af sér hjá þeim sem sinna vegabréfaeftirliti á flugvöllum.

Byrjað verður á því að herða eftirlitið á Dulles-flugvellinum í Washington DC og því næst á alþjóðaflugvöllunum í Atlanta, Boston, Chicago, Detroit, Houston, Miami, New York, Orlando og San Francisco. Í lok næsta árs verður búið að herða eftirlitið á öllum alþjóðaflugvöllum í Bandaríkjunum. ibs







ALLT Á AÐ SELJAST!!
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
RÝMINGARSALA
RÝMUM FYRIR GLERÁRTORGI
NÚ HAFA AKUREYRINGAR MÖGULEIKA AÐ GERA STÓRGÓÐ JÓLAINNKAUP - EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI - GERUM PAKKASAMNINGA VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI
20-60%
BJÓÐUM FRÍAR HEIMSENDINGAR TIL STÓRREYKJAVÍKURSVÆÐISINS
TÆMUM LAGERINN
ALLT Á AÐ SELJAST!!
HÚSGÖGNIN HEIM
Dalsbraut 1 - 600 Akureyri
Verið velkomin
Opið
Mánudaga til föstudaga kl. 10:00 - 18:00
laugardaga kl. 11:00 - 18:00
Sími 461 5200 · Fax 461 1121

# NÓATÚN



HJARTARLUNDIR
**4.998** kr. kg
NÓATÚN MÆLIR MEÐ



ELGSLUNDIR
**6.998** kr. kg
NÓATÚN MÆLIR MEÐ



VILLT DÖNSK STOKKÖND
**1.298** kr. stk.
TILBOÐ! 10% afsláttur




**Mikið úrval af tilbúnum réttum frá Nóatúni**




**Pantene hárvörur**
TILBOÐ! 20% afsláttur




BORGARNES PARÍSAR LIFRARKÆFA
**186** kr. stk.




**VSV humar A og B flokkur ásamt skel-brotum og humar í súpur og smárétti**

Verslanir Nóatúns

Austurver Furugrund Grafarholt Hafnarfjörður Hamraborg Hringbraut Hverafold Nóatún 17 Rofabær Selfoss Smáralind

# Þú getur treyst á
# NÓATÚNS HAMBORGARHRYGG



NÓATÚNS HAMBORGARHRYGGUR

**1.698** kr. kg

MARGFALDUR SIGURVEGARI!



HÚSAVÍKUR HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

**2.735** kr. kg



Frönsk aliönd

TILBOÐ! 30% afsláttur




Frábært úrval af sniglum
- frosnir, í brauðhjúp, troic d'artmen og loic d'artiment sniglar



Lax frá Eðalfiski um jólin!

TILBOÐ! 30% afsláttur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

Glæsileg heimasíða

www.noatun.is

LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ FYRIR JÓLIN










Bólivía

## Héruð krefjast sjálfsstjórnar



**Þau fjögur héruð Bólivíu sem framleiða mest af gasi landsins hafa slitið samband við ríkisstjórnina í La Paz. Vilja sveitarstjórnarmenn á svæðinu fjarlægjast nýja stjórnarskrá landsins, sem meðal annars kveður á um aukna skattlagningu í gasiðnaði til að greiða fyrir félagsþjónustu. Styr hefur staðið um gasframleiðslu í Bólivíu síðan Evo Morales, forseti landsins, þjóðnýtti iðnaðinn á síðasta ári.** aij



Írak

## Bretar frá Basra

**„Þeir skildu eftir vígaflokka fyrir mig. Þeir skildu eftir glæpamenn fyrir mig. Þeir skildu eftir öll heimsins vandamál," segir Jalil Khalaf, sem tók við löggæslu í Basra þegar breskt herlið hélt á brott. Gagnrýni Khalafs stangast á við yfirlýsingar breskra yfirvalda, sem segja brotthvarfið frá Basra vera á réttum tíma.** aij

Barack Obama

## Spurður um Ísland og Noreg



**Bandaríska forsetaframbjóðandaefnið Barack Obama var í fyrsta sinn um helgina spurður um bæði Ísland og Noreg. Á fundi á föstudag sagðist Obama dást að því hversu skynsamlega Norðmenn nýttu olíuhagnað sinn. Á laugardag var hann svo spurður um álit sitt á stefnu Íslands í orkumálum. Obama sagði að sér litist vel á hana, enda fælist mikil framtíð í vetni sem hreinum orkugjafa.** aij

# Sótt í Svalbarða

■ Á Svalbarða eru bæði byggðir Norðmanna og Rússa ■ Uppbygging á vegum Rússa vekur spurningar um fyrirætlanir þeirra

**Eftir Andrés Inga Jónsson**
andresingi@24stundir.is

Áður stýrðu námafyrirtæki og einkaaðilar byggðum Rússa á Svalbarða, en nú virðast fyrirskipanir koma beint frá ríkisstjórn Rússlands. Þetta segir Per Sefland, sýslumaður á Svalbarða, sem sýnist Rússar vera að stórauka ítök sín á eyjunum.

Öllum aðilum Svalbarðasamningsins er heimilt að koma sér upp aðstöðu á Svalbarða til að nýta auðlindir eyjanna. Deilur Íslendinga og Norðmanna um nýtingu auðlinda sjávar byggjast að miklu leyti á ólíkri túlkun á Svalbarðasamningnum.

Rússland er eina landið utan Noregs sem hefur nýtt sér réttinn til auðlindanýtingar á landi. Rússar stunda námagröft í Grumant, Pyramiden og Barentsburg.

### Hernaðarlegt mikilvægi

Starfsemi Rússa á Svalbarða hefur aldrei staðið undir sér, enda hefur mikilvægi byggðanna frekar verið hernaðarlegt en annað. Meðan kalda stríðið stóð sem hæst var Svalbarði einn af fáum stöðum þar sem austur- og vesturveldin þurftu að lifa saman.

Frá lokum kalda stríðsins hefur starfsemi Rússa dregist saman jafnt og þétt. Undanfarin tíu ár hefur

**Barentsburg á Svalbarða**
Minnisvarði um Sovétríkin sálugu



AFP

**SVALBARÐI**

**Svalbarðasamningurinn frá 1920 kveður á um að Noregur fari með stjórn eyjanna, en allir aðilar samningsins hafi rétt til að nýta auðlindir Svalbarða.**

Pyramiden til dæmis verið draugabær, en í vetur mætti þangað vinnuflokkur til að standsetja hótel bæjarins.

### Aukin starfsemi

Rússar segjast vilja byggja upp aðstöðu til rannsókna og fyrir ferðamenn. Í því skyni hafa rússnesk stjórnvöld sótt um leyfi til að staðsetja tvær til þrjár þyrlur í nágrenni Barentsburg.

„Það er ljóst að Rússar stefna að því að styrkja ítök sín hérna. Það verður stöðugt skýrara að hér er rússneska ríkið að störfum," segir Sefland.

„Rússarnir vilja sýna sig og hegða sér sem stórveldi," segir Julie Wilhelmsen, sem starfar að rannsóknum hjá norsku utanríkismálastofnuninni NUPI. „Nú geta þeir staðið undir því að koma áætlunum sínum í framkvæmd. Þetta er þeim mikilvægt, bæði hernaðarlega og táknrænt," segir hún.



# THE BODY SHOP™

# Hvað á að gefa í jólagöf?



## Sigga litla systir mín

Lítil gjafakarfa sem inniheldur jarðarberja-sturtusápu, jarðarberja-húðnæringu og hjartalaga jarðarberja-sápustykki

***1530 kr.***



## Handa bestu ömmu í heimi

Stór gjafakarfa með ólífu-dekurvörum: “Body butter”-húðnæringu, hörundsskrúbbkremi, sturtusápu, sápustykki og baðhönskum

***5460 kr.***



## Kærkomin hressing í skammdeginu

Gerðarleg gjafakarfa sem inniheldur dekurvörur með upplífgandi mandarínu-ilmkjarnaolíu: Sturtusápu, húðnæringu og bað-og nuddolíu

***3990 kr.***



## Unaðslegur ilmur

Fallegt brennsluker, tvenns konar brennsluolíur og sprittkerti í snoturri öskju

***2990 kr.***



## Gleðileg jól, Geirþrúður mín!

Gjafakarfa (millistærð) með jarðarberja-dekurvörum: “Body butter”-húðnæringu, sturtusápu, hörundsúða, hjartalaga sápustykki auk hvítrar baðlilju

***3170 kr.***



## Handa uppáhaldsfrænkunni

Bakki með dekurvörum (sem innihalda rakagefandi, ilmgóða kókosolíu): “Body butter”-húðnæringu, kremkenndri sturtusápu, sápustykki auk hvítra skrúbbhanska

***3690 kr.***



## Ég elska þig!

Glæsileg askja með“White Musk®”-vörutegundum (sem færa hörundinu góðan ilm og gera það silkimjúkt): Húðnæringu, sturtusápu, ilmvatni, skrúbbkremi, freyðibaði auk baðlilju

***6990 kr.***



## Dekraðu við elskuna þína

Dekurvörur með róandi lofnarblóms-ilmkjarnaolíu (þ.e. “lavender”): Sturtusápu, húðnæringu og bað- & nuddolíu auk “twin ball”-nuddtækis og lítillar baðlilju – allt saman í fallegri öskju

***3690 kr.***



## Handa stóra bróður

Snotur kassi með “Of a Man”-ilmvatni og sams konar hár- & sturtusápu

***4290 kr.***

## Hátíðlegur farði

| | | |
|---|---|---|
| a | Askja með augnskuggum og kinnalit | ***Uppselt!*** |
| b | “Brush on shimmer”-púðurkúlur | ***2190 kr.*** |
| c | Kinnalitsbursti | ***1330 kr.*** |
| d | “Glimmer”-augnlínupenni *(4 litbrigði)* | ***1190 kr.*** *hver* |
| e | “Ultra glimmer”-varagljái *(2 litbrigði)* | ***1190 kr.*** |
| f | “Shimmer squares”-augnskuggar og -kinnalitur | ***2160 kr.*** |
| g | “High shine”-varagjái með“glimmeri” | ***1380 kr.*** |
| h | Gyllt snyrtibudda | ***1190 kr.*** |
| i | Tvær töskur saman *(önnur með blómamynstri, hin fjólublá)* | ***1890 kr.*** |




**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI**

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®

AUKAKRÓNUR 7%

24stundir

**Útgáfufélag:** Árvakur hf.
**Ritstjóri:** Ólafur Þ. Stephensen
**Fréttastjórar:** Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Þröstur Emilsson
**Ritstjórnarfulltrúi:** Elín Albertsdóttir

# Einkavæðum áhættuna

Stofnun fyrirtækisins Landsvirkjun Power utan um útrásarverkefni Landsvirkjunar hlýtur að verða til þess að fleiri átti sig á nauðsyn þess að hefja hið fyrsta undirbúning að einkavæðingu orkuframleiðslufyrirtækja, sem nú eru í almannaeigu.

Rétt eins og hið margfræga fyrirtæki Reykjavík Energy Invest er Landsvirkjun Power stofnað til að standa í áhætturekstri. Vissulega felast gífurleg tækifæri í þeirri hreyfingu, sem er nú um allan heim í átt að virkjun endurnýjanlegra orkugjafa. En áhættan er engu að síður veruleg.

Það er hægt að taka dæmi af hliðstæðum til að setja málið í skýrara ljós. Fyrirtæki, sem fyrir nokkrum árum voru í eigu ríkisins, þ.e. tveir af stærstu viðskiptabönkum landsins, hafa undanfarin ár tekið þátt í ákaflega vel heppnaðri og arðbærri útrás á fjármálamarkaði. Hefði nokkrum manni fundizt koma til greina að sú útrás færi fram á vegum ríkisfyrirtækja? Áreiðanlega ekki. Annars vegar hefði fólk ekki tekið í mál að taka þá áhættu með fé almennings. Hins vegar hefði útrásin einfaldlega ekki orðið eins vel heppnuð og raun ber vitni, ef bankarnir hefðu áfram verið í eigu ríkisins. Þær hömlur, sem fylgja opinberu eignarhaldi, gera fyrirtæki of svifasein.

Útrás opinberra orkufyrirtækja má líka bera saman við umsvif norrænu ríkissímafélaganna á síðasta áratug. Þau fóru öll í uppkaup á fjarskiptafélögum erlendis til að styrkja stöðu sína. Þessar fjárfestingar voru umdeildar, en menn gátu þá vísað til þess að fyrir lágu skýr áform um að einkavæða félögin. Því er ekki að heilsa með hina opinberu, íslenzku orkuútrás.

Einhverra hluta vegna er það ennþá pólitískt tabú að tala um einkavæðingu orkufyrirtækja. Þó er með lagabreytingum búið að koma á samkeppnismarkaði á sviði orkuframleiðslu hér á landi. Ekkert er því til fyrirstöðu að orkuframleiðsla sé í höndum einkaaðila, þótt veituhluti orkufyrirtækjanna verði áfram í almannaeigu.



Íslenzkum stjórnmálamönnum finnst hið bezta mál að íslenzk orkufyrirtæki í útrás taki þátt í einkavæðingu orkufyrirtækja erlendis. En það má ekki tala um einkavæðingu hér heima.

Með einkavæðingu orkuframleiðslu fá skattgreiðendur peninga í vasann en losna við áhættuna, sem fylgir útrásarstarfsemi. Um leið er útrásarstarfseminni bjargað frá hömlum opinbers eignarhalds.

**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@24stundir.is

SÆKTU LEIÐARANN Á WWW.MBL.IS/PODCAST

Gott til endurvinnslu
**Auglýsingastjóri:** Steinn Kári Ragnarsson **Ritstjórn & auglýsingar:** Hádegismóum 2, 110 Reykjavík
**Aðalsími:** 510 3700 **Símbréf á fréttadeild:** 510 3701 **Símbréf á auglýsingadeild:** 510 3711
**Netföng:** 24stundir@24stundir.is, frettir@24stundir.is, auglysingar@24stundir.is
**Prentun:** Landsprent ehf.

ÁSTUND®
Gleðileg jól

Gæða fatnaður og reiðtygi

- Úlpur
- Jakkar
- Peysur
- Skór
- Hanskar
- Hjálmar
- Hnakkar
- Beisli



Allt í jólapakkann fyrir hestafólkið

Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík. Sími 568 4240.
www.astund.is astund@astund.is

# Heimurinn eftir Balí

**ÁLIT** Á loftslagsráðstefnu SÞ náðist marktækur árangur í viðleitni mannkyns til að sporna við loftslagsbreytingum og þeirri vá sem af þeim stafar. Þar ber hæst að þjóðir sem mættu á ráðstefnuna eru aðilar að samkomulaginu sem náðist um vegvísi samningaviðræðna sem leiða til næstu loftslagsráðstefnu þegar ákveðið verður hvað tekur við þegar núverandi skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar rennur út. Bandaríkjamenn voru í lykilaðstöðu á Balí enda allt til þess að vinna að hafa þá með. Þótt þeir hafi ekki fallist á töluleg markmið um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda verður að hafa í huga að sendinefndin var í þeirri erfiðu stöðu að hafa ekki umboð frá Hvíta húsinu um að semja um slíkt. Aðalráðgjafi Bush forseta í umhverfismálum, James Connaughton, er ekki vísindamaður heldur lögfræðingur og var skipaður af Bush eftir að hafa varið starfsferlinum sem verjandi framleiðenda í efnaiðnaði og áliðnaði í dómsmálum. Aldrei voru miklar líkur á því að afstaða Hvíta hússins til loftslagsmála yrði allt önnur á Balí en hún hefur verið hingað til. En mikið er að gerast í loftslagsmálum í Bandaríkjunum á öðrum vettvangi, t.d. sveitarstjórnarstiginu og í einstökum fylkjum með Kaliforníu í fararbroddi. Stundum heyrast þær raddir að Kýótó-bókunin hafi verið til lítils gagns vegna þess að hún skuldbindur aðeins þróuð ríki en ekki þróunarlönd og að útblástur hafi haldið áfram að aukast. Það er rétt að þróunarlönd verða að vera hluti af heildarsamkomulagi. Þær loftslagsbreytingar sem spáð hefur verið eru vá sem mannkynið hefur aldrei áður staðið frammi fyrir og það er gífurlega flókið ferli að ná heildarsamkomulagi um hvernig á að ná utan um þennan vanda. Kýótó-samningurinn var aðeins fyrsta skrefið á þessari leið og óraunhæft að ætla að einn alþjóðasamningur gæti leyst vandann í fyrstu atrennu. En Kýótó skapaði rammann, ruddi brautina og hrinti af stað ferli sem hefur í raun breytt hugarfari til loftslagsmála. Án Kýótó hefði ekki náðst samkomulag á Balí.



**Björgólfur Thorsteinsson**
bth@landvernd.is

Höfundur er formaður Landverndar og sótti ráðstefnuna á Balí.




## BLOGGARINN

### Óeirðalögga

**Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vill koma upp vel vopnaðri óeirðalöggu að erlendri fyrirmynd. Hún á að njóta verndar fjögurra óeirðabíla, eins og við sjáum stundum í sjónvarpi frá útlöndum. Ráðherrann gerir ráð fyrir gjá milli stjórnvalda og borgara. Sem endi með, að stjórnvöld þurfi að verja sig gegn almenningi. Hann hefur fattað, að himinn og haf er milli hans og fólksins í landinu. Telur beztu viðbrögðin felast í að koma upp óeirðalöggu á óeirðabílum. Til að keyra um og sprauta vatni á fólk?**



**Jónas Kristjánsson**
jonas.is

### Breytt skoðun

**Málið snýst um ratsjárstofnun sem nú er orðin íslensk stofnun. Björn Bjarnason vildi að starfsemin heyrði undir starfsemina í Skógarhlíð og þar með dómsmálaráðuneytið. Hann taldi það stílbrot fyrir nokkrum dögum að varnarmálastofnun yrði til. Nú er hins vegar annað uppi á teningnum og nú sér hann ekkert því til fyrirstöðu ef marka má pistil á heimasíðu ráðherrans. Sem sagt hann er á harðahlaupum frá fyrri skoðunum. Það er hins vegar algjör „smjörklípa" hjá ráðherranum að blanda mér inn í málið í þessu sambandi …**



**Valgerður Sverrisdóttir**
valgerdur.is

### Ný útrás

**Hvað má lesa út úr orkuútrásinni undir merkjum nýs dótturfélags Landsvirkjunar – Landsvirkjun Power? Væntanlega að engin prinsippafstaða um þessi mál er til innan Sjálfstæðisflokksins? Enda segir í sáttmála ríkisstjórnarinnar að orkufyrirtæki skuli fara í útrás í samstarfi við einkafyrirtæki. Sexmenningarnir í borgarstjórninni eru hins vegar á allt annarri línu og fleiri áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum. Og Morgunblaðið – sem reyndar talaði allt öðruvísi í fyrra. Hefur þetta þá öðru fremur snúist um pólitískan hráskinnsleik?**



**Egill Helgason**
eyjan.is/silfuregils

## KLIPPT OG SKORIÐ

**Björn Bjarnason** segir að **Jónas Kristjánsson** og **Egill Helgason** séu í skjallbandalagi. Þeir sameinist svo **Pétri Gunnarssyni** Eyjuritstjóra um þá túlkun að hér eigi að vera fjórir óeirðabílar á vegum óeirðalögreglu undir stjórn dómsmálaráðherra. Á vefsíðu Jónasar segir: „**Björn Bjarnason** dómsmálaráðherra vill koma upp vel vopnaðri óeirðalöggu að erlendri fyrirmynd. … Ráðherrann gerir ráð fyrir gjá milli stjórnvalda og borgara. Sem endi með, að stjórnvöld þurfi að verja sig gegn almenningi. … Fjörugt verður í landinu, þegar rætast huldar hugsjónir herforingjans Björns Bjarnasonar.“ Björn segist þurfa „að hryggja þessa áhugamenn um öryggismál með því, að ég hef ekki neina tillögu í þá veru, sem þeir lýsa. Þeir verða líklega að flytja á **eyjan.is** til að njóta hennar í framkvæmd.“





Vefmiðillinn Eyjan virðist ekki hátt skrifaður hjá **Birni Bjarnasyni**, enda ræður hann sjálfur yfir miðli sem hann treystir betur en öðrum, **bjorn.is**. Ritstjóri þess miðils leggur ekki í vana sinn að vera í skjallbandalagi með öðru fjölmiðlafólki – þvert á móti.

**Séra Geir Waage** og **Baldur Þórhallsson** prófessor takast á um kristileg málefni nú fyrir jólin. Presturinn hrakti allar röksemdir prófessorsins í mikill **Morgunblaðsgrein** um helgina. Greinin sú var ekki nútímaleg að formi til, með stafsetningu aftan úr grárri forneskju.

Um þá skoðun Baldurs, að ekki sé langt síðan „mikið þurfti til að yfirmenn kirkjunnar féllust á að konur stæðu körlum jafnfætis innan kirkjunnar og í samfélaginu,“ segir Geir: „Ekki kannast eg við nein veruleg átök um það, að konur tækju vígslu til prestsembættisins í **Þjóðkirkjunni**. … varla hefðu slík átök farið fram hjá mjer, hefðu þau orðið.“ Reyndar bendir orðfæri **séra Geirs** og fleira í hans fari til þess að flest sem gerst hefur síðustu tvær aldir hafi farið framhjá honum.



beva@24stundir.is

# Menntastefna þjóðarinnar

Menntamálin verða í framtíðinni eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna því menntastefna þjóðar er í senn samfélags-, menningar-, atvinnu- og efnahagsstefna hennar. Menntun og vísindi eru grundvöllur framfara og undirstaða öflugs samfélags. Menntamálaráðherra hefur nú mælt fyrir heildstæðum og metnaðarfullum skólafrumvörpum sem endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar um að menntakerfi þjóðarinnar skuli vera í fremstu röð í heiminum. Í anda stefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á gæði, sveigjanleika og fjölbreytni námsins. Verklegu námi er gert hátt undir höfði sem og skapandi hugsun. Þá er áhersla lögð á velferð og hagsmuni barna og unglinga og um leið hvatt til aukins samstarfs milli skóla, foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að minnka miðstýringu og auka faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði einstakra skóla. Þetta einkennir frumvörpin. Fram kemur að menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á málaflokknum og setur leikreglur en sinnir um leið eftirfylgni með því að þær leikreglur séu virtar með gæðamati. Ábyrgð sveitarfélaga er skilgreind og skerpt er á stjórnskipan skólanna. Sveitarfélögum er gert að setja almenna stefnu um skólamál og sinna gæðamati. Skólar, stjórnendur þeirra og starfsmenn fá aukið frelsi og sveigjanleika til að sinna hlutverki sínu og móta áherslur í starfi í samvinnu við hagsmunaaðila. Um leið er gert ráð fyrir lögbindingu gæðakerfis starfseminnar með innra og ytra gæðamati, sem er markvisst og stöðugt ferli.

Gæðamat krefst þess að við skilgreinum hvað vel er gert og hvað betur má fara í starfseminni. Það hefur tvíþætt hlutverk, annars vegar eftirlitshlutverk og hins vegar umbótahlutverk. Bæði hlutverkin

**VIÐHORF**

**Guðfinna S. Bjarnadóttir**



**Menntamálaráðherra hefur nú mælt fyrir heildstæðum og metnaðarfullum skólafrumvörpum sem endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar um að menntakerfi þjóðarinnar skuli vera í fremstu röð í heiminum.**

eru nauðsynleg allri starfsemi því miklir framþróunarmöguleikar felast í markvissu gæðastarfi.

Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar sem kynntar voru fyrr í desember voru vonbrigði, við stóðum okkur í meðallagi vel. Rannsóknin ber saman prófárangur 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í 57 löndum. Sem betur fer sættum við Íslendingar okkur ekki við annað en að vera í fremstu sætum í samanburðarvísitölum. Ég sé í þessum niðurstöðum gríðarleg sóknarfæri því við höfum þegar byggt upp innviðina sem þarf til að ná árangri og verði frumvörp ráðherra að lögum gefast enn frekari tækifæri til að bæta árangur starfsins.

Innihald námsins og fagleg þekking kennara á öllum skólastigum skiptir gríðarlega miklu máli í skólastarfi. Gert er ráð fyrir því að fagleg þekking kennara verði efld með lengingu kennaranámsins. Í því samhengi ætla ég að leyfa mér að rifja upp og líta til miðalda, til þess sem þá var kennt til að undirbúa nemendur fyrir háskólanám. Undirbúningsnámið skiptist í þríveg og fjórveg. Þrívegur fól í sér þrennt. Í fyrsta lagi var áhersla á málfræði til þess að nemendur gjörþekktu uppbyggingu málsins. Í öðru lagi var kennd mælskulist um framsetningu máls, bæði í ræðu og riti. Í þriðja lagi var kennd rökfræði þannig að nemendur kynnu að byggja upp málsókn og fylgja henni eftir. Að loknum þrívegi kom fjórvegurinn sem var ekki síst ætlaður fyrir þá sem stefndu á háskólanám, t.d. í heimspeki eða guðfræði. Í fjórvegi fólst kennsla í flatarmálsfræði, tölvísi, stjarnfræði og tónlist. Í framhaldsskólafrumvarpinu er gert ráð fyrir fjölbreytni um leið og kveðið er á um að áhersla skuli vera á grunn í íslensku, stærðfræði og ensku. Spennandi væri að setja íslensku og stærðfræði í trí- og fjórvegsbúning.

Í dag eru um 22,5 prósent fólks á vinnumarkaði með háskólapróf, en í ljósi mikilvægis menntunar fyrir þjóðina er óskandi að þetta hlutfall nálgist 50 prósent á næstu áratugum. Verði skólafrumvörpin að lögum er kominn grundvöllur fyrir mun hærra menntunarstigi þjóðarinnar sem á eftir að efla hagsæld hennar um ókomin ár.

Höfundur er alþingismaður





Óvenjuleg og spennandi skáldsaga um glæp

Bækur þýska rithöfundarins og tónlistarmannsins Alexöndru Kui eiga sér tryggan og sífellt stærri hóp aðdáenda, enda tekst henni að byggja upp dulmagnaða spennu án þess að fara troðnar slóðir. Bækur hennar ná stöðugt vaxandi útbreiðslu, því hér er sleginn nýr tónn bæði hvað varðar stíl og efnistök.

www.skjaldborg.is

Skjaldborg

HÚSGAGNA - LAGERSALA

HÚSGAGNA
LAGERSALA

Leður sófasett
Hornsófasett
Sófasett með skemli
Tungusófar
Tungu hornsófar
Stakir sófar
Borðstofuborð og stólar
Skenkar
Sófaborð
Eldhúsborð
Rúmgaflar

ALLTAF EINHVAÐ NÝTT

VERÐDÆMI
Leðursófasett áður 239,000
Nú 119,900
Hornsófar tau áður 198,000
Nú 103,000
Hornsófar leður áður 249,000
Nú 149,000

Opnunartími
mán-fös 9.00-18.00 lau 11.00-16.00 sun 13.00-17.00

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Pantið gott pláss tímanlega
ATVINNUBLAÐIÐ
alltaf á laugardögum




atvinna@24stundir.is

Hvað ætlar þú að gera í dag?




- kemur þér við

GEFÐU LYKIL AÐ ÞÆGINDUM ÞESSI JÓLIN



Innifalið í lyklum að Hótel Örk er aðgangur að öllum þægindum hótelsins, svo sem gufubaði, sundlaug, heitum pottum, golfvellinum við Hótel Örk og Gufudalsgolfvelli.

Sælulykill

Gisting í eina nótt ásamt þriggja rétta veislukvöldverði, fordrykk og morgunverði af hlaðborði. Gildir frá sunnudegi til föstudags.

Fyrir 1: 11.950.-
Fyrir 2: 17.900.-

Laugardagslykill

Gisting aðfaranótt sunnudags ásamt fimm rétta veislukvöldverði, fordrykk og morgunverði af hlaðborði. Óvæntur glaðningur við komu.

Fyrir 1: 16.200.-

Helgarlykill

Gisting í tvær nætur frá föstudegi til sunnudags. Þriggja rétta veislukvöldverður ásamt fordrykk á föstudegi og fimm rétta veislukvöldverður ásamt fordrykk á laugardegi. Morgunverður af hlaðborði. Óvæntur glaðningur við komu.

Fyrir 1: 26.600.-
Fyrir 2: 39.800.-

Sparidagalykill

Gisting í fimm nætur fyrir 1 á Sparidögum ásamt kvöldverði alla daga. Aðgangur að dagskrá sparidaga og morgunverður af hlaðborði. .

Verð: 29.800.-

Auk þess sem lyklarnir eru að sjálfsögðu seldir á Hótel Örk er hægt að nálgast þá á Hótel Cabin.



WWW.HOTEL-ORK.IS
INFO@HOTEL-ORK.IS
TEL: +354 483 4700
HÓTEL ÖRK

ATVINNUBLAÐIÐ
fylgir blaðinu alla laugardaga
hringdu og pantaðu í síma 510-3728 eða atvinna@24stundir.is




Hagsmunagæsla Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi við sendiherra Bandaríkjanna og kom formlegum mótmælum á framfæri.

24stundir/Sverrir

# Að reka erindi landsins

Tilefni þess að ég skrifa þessar línur er tvær fréttir, hlið við hlið á blaðsíðu átta í 24 stundum þann 14. desember, sem varpa ljósi á mismunandi aðferðir í utanríkisþjónustu.

Það skal strax tekið fram að ég er ekki að fjalla um málið sem um var rætt heldur aðferðir í hagsmunagæslu þjóða, að þessu sinni Íslendinga og Norðmanna.

Sú fyrri fjallar um ósæmilega meðferð Bandaríkjamanna á íslenskri konu á JFK-flugvellinum í New York. Að því tilefni ræddi utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, við sendiherra Bandaríkjanna og kom formlegum mótmælum á framfæri vegna málsins.

Hin síðari fjallar um flug og siglingar Rússa milli norskra borpalla. Þetta eru Norðmenn ekki sáttir við. Því er sendiherra Norðmanna í Rússlandi falið að mótmæla þessu athæfi.

Fyrir mörgum árum, á tíma landhelgisstríðanna, skrifaði fyrrverandi sendiherra Íslands grein í Morgunblaðið og sagði að hann teldi sendiherra vannýtta í átökum sem þá áttu sér stað og sem eru áþekk því sem er að gerast nú um stundir enda þótt um ólík mál sé að ræða. Sendiherrann sagði hlutverk sendiráða vera að gæta hagsmuna þjóðarinnar gagnvart öðrum ríkjum. Það gerðu þeir með því að koma sjónarmiðum (mótmælum?) á framfæri við þá sem áhrif hefðu þannig að árangur yrði af. Ef sendiherra lands tæki við mótmælum væri á það litið sem ranga hagsmunagæslu ef hann væri að stússast í slíkum málum. Því væri slíkur erindrekstur illa séður í stjórnkerfi því sem sendiherrann til-

## UMRÆÐAN

Eggert Ásgeirsson



**Það sem síðra er er þegar utanríkisráðherra beitir aðferðum í hagsmunagæslu landsins sem eru til pólitísks framdráttar hans sjálfs, ekki til að ná árangri í tilteknu máli.**

heyrði og tími kominn til að flytja hann um set, ef ekki eitthvað vondslegra.

Það sem síðra er er þegar utanríkisráðherra beitir aðferðum í hagsmunagæslu landsins sem eru til pólitísks framdráttar hans sjálfs, ekki til að ná árangri í tilteknu máli.

Auðvitað er erfitt fyrir mig að kenna ráðherra frumatriði utanríkisþjónustu, ekki síst þegar áþekkar aðferðir hafa verið notaðar svo mörgum áratugum skiptir.

Samt þykir mér ekki ástæða til að þegja yfir þessu máli, eins og svo oft áður, er tilefni gefst er málið liggur ljóslega fyrir á blaðsíðu átta í 24 stundum.

Niðurstaða máls míns er sú að beita þurfi aðstöðu og hæfileikum sendiherra okkar og starfsmanna utanríkisþjónustunnar betur en gert hefur verið.

Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri.

## BRÉF TIL BLAÐSINS



# Góður þáttur á laugardögum

**Sigríður skrifaði:**
Mig langar til að lýsa ánægju minni með þáttinn Laugardagslögin í Ríkissjónvarpinu. Þótt ég sé ekki ýkja mikið fyrir tónlist þykir mér alltaf gaman að horfa á þáttinn sem er fjölbreyttur, skemmtilegur og líflegur. Undanfarið hef ég beðið alla vikuna til að sjá þetta líflega og skemmtilega fólk sem kemur fram í þættinum. Mér þykir það vera góð hugmynd að fá alls kyns lagahöfunda til að semja lögin því þannig höfðar þátturinn til allra. Gísli Einarsson hefur líka lengi verið í uppáhaldi hjá mér og horfi ég á alla þætti sem hann birtist í. Unga stúlkan sem kynnir þáttinn er ekki síðri og henni fer einkar vel að vera í sjónvarpi, þótt mér þyki klæðnaður hennar stundum svolítið furðulegur.


Oticon • Epoq



Ný kynslóð þráðlausra heyrnartækja

Epoq eru fyrstu heyrnartækin sem tala saman. Tvö Epoq senda stöðugt upplýsingar sín á milli og samræma hratt og örugglega stillingar og hljóðstyrk. Með Epoq heyrnartækjum kemstu nær eðlilegri heyrn en nokkurn tímann áður!

Epoq heyrnartækin geta tengst þráðlaust við farsíma og aðra hljóðgjafa í gegnum Epoq streymi. Með Epoq opnast því ný hljóðveröld sem auðveldar þér að eiga dagleg samskipti og njóta þess sem tækni 21. aldar hefur upp á að bjóða.

Pantaðu tíma í síma 568 6880



Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

# Þjóðkirkjan er kirkjan þín!

Um 82 prósent þjóðarinnar tilheyra Þjóðkirkjunni. Það gerir kirkjuna að stærstu fjöldahreyfingu landsins. Mikill áróður hefur verið gegn kirkju og kristni undanfarin misseri og þrátt fyrir það tilheyra fyrrnefnd 82 prósent kirkjunni. Öðrum kristnum trúfélögum tilheyra um 8 prósent þjóðarinnar. Samtals gerir þetta um 90 prósent landsmanna. Í því ljósi er mjög eðlilegt og rökrétt að snertiflötur kirkju og samfélags sé mikill. Það er í raun mjög eðlilegt að gott samstarf sé milli kirkju annars vegar og leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, sjúkrastofnana, fangelsa og annarra opinberra stofnana hins vegar. Það skerðir á engan hátt stjórnarskrárbundið trúfrelsi að hafa samstarfið gott og náið. Það væri frekar skerðing á trúfrelsi að slíta öll tengsl fyrrnefndra stofnana við kirkju og kristni.

UMRÆÐAN

Sigurður Grétar Sigurðsson



**Í því ljósi er mjög eðlilegt og rökrétt að snertiflötur kirkju og samfélags sé mikill. Það skerðir á engan hátt stjórnarskrárbundið trúfrelsi að hafa samstarfið gott og náið. Það væri frekar skerðing á trúfrelsi að slíta öll tengsl fyrrnefndra stofnana við kirkju og kristni.**

### Að rétt hlut hins smáa

Að tilheyra trúfélagi er val hvers og eins. Auðvelt er að velja annað trúfélag en það stærsta ef fólk vill. Engum er úthýst fyrir það. Sem prestur í níu ár hef ég skírt nokkurn fjölda barna og það er yndislegt að eiga samtal við foreldra fyrir skírn og skynja að einlægur vilji þeirra er sá að barnið alist upp sem kristin manneskja. Almenningur er vel meðvitaður um muninn á skírn og nafngjöf og velur nær alltaf skírn. Erindi kirkjunnar og kristninnar er hið góða, fagra og fullkomna. Kristnin leitast við að rétta hlut hins smáa og reisa upp hinn niðurbeygða. Kristnin leitast við að vernda þá sem geta ekki varið sig sjálfir og heldur á lofti þeim kristna mannskilningi að allir menn séu jafnir. Eins og það er eðlilegt að starfsfólk kirkjunnar geti mætt sóknarbörnum sínum á vettvangi hins daglega lífs þá er jafn eðlilegt að önnur trúfélög/lífsskoðunarfélög geti mætt sínum meðlimum á vettvangi hins daglega lífs.

### Kærleikshugsjón

Kristin trú og kristin gildi vilja manneskjunni vel, leita leiða til að styrkja sjálfsmynd manneskjunnar, hjálpa henni að velja hið góða og hafna því slæma. Kristin trú er lifandi samfélag við lifandi Guð, forvörn fyrir hinn fallvalta, gleði fyrir hinn gæfusama, björgunarhringur hins bjargarlausa og sálarró hinum sorgmæddu. Horfum yfir sviðið. Hvað sjáum við? Tugþúsundir kristinna manna sem mæta náunganum í daglegu lífi af virðingu, umhyggju og elsku. Hvort sem þar er kennari, læknir, bifvélavirki, smiður, sjómaður eða ræstitæknir. Alls staðar er fólk sem mótað er af kærleikshugsjón kristinnar trúar og er hin lifandi kirkja í samfélaginu. Guð gefi öllum gleðileg jól.

Höfundur er sóknarprestur á Hvammstanga



**Kærleikshugsjón** Alls staðar er fólk sem mótað er af kærleikshugsjón kristinnar trúar og er hin lifandi kirkja í samfélaginu.

24stundir/Ómar




KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnudaga til fimmtudaga
11.00 - 24.00
Opið föstudaga og laugardaga
11.00 - 02.00













**Maraþonfundur** Fulltrúar 190 ríkja samþykktu vinnuáætlun í loftslagsmálum til næstu tveggja ára á lokafundi Balí-ráðstefnunnar. 24stundir/AFP

# Vegvísirinn liggur fyrir

■ Samkomulag náðist um vegvísi að framtíðarsamkomulagi í loftslagsmálum ■ Ábyrgð allra ríkja að vinna að loftslagsmálum

**Eftir Andrés Inga Jónsson**
andresingi@24stundir.is

Mikið verk er framundan eftir að samkomulag náðist á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Balí á laugardaginn sem leið. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir að niðurstaða þessarar tveggja vikna ráðstefnu hafi látið bíða eftir sér.

„Það hékk á bláþræði að samkomulag næðist. Ráðstefnunni átti að ljúka á föstudeginum, en það var haldið áfram á laugardag svo það mætti ljúka þessu. Þetta leit ekki vel út á lokasprettinum en sem betur fer tókst að ná samkomulagi um vinnuáætlun til næstu tveggja ára með þátttöku allra ríkjanna með aðild að loftslagssamningnum,“ segir Þórunn.

### Upphafið að upphafinu

Meginmarkmið ráðstefnunnar á Balí var að fá ríki heims að samningaborðinu. Um tíma leit ekki út fyrir að Bandaríkin myndu samþykkja Balí-vegvísinn.

„Það er aðalatriði í þessu máli að hafa Bandaríkin með og líka þróunarlöndin, ekki síst stóru þróunarlöndin eins og Kína og Indland.“

Til að liðka fyrir samningaviðræðunum var bætt inn ýmsum ákvæðum sem sneru sérstaklega að því að hvetja þróunarríkin til að taka þátt. Þegar ljóst var að þau yrðu með fylgdu Bandaríkin fast á hæla þeirra.

### Ólík ábyrgð

Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, fagnar því að á Balí hafi svokallaður „Berlínarmúr loftslagsbreytinga“ fallið. Það nefnir de Boer þá afstöðu sem hann segir hafa ríkt, að ábyrgðin á umbótum í loftslagsmálum liggi hjá auðugari þjóðum heims.

Í Balí-vegvísinum er áhersla lögð á að öll ríki heims beri ábyrgð á þróun loftslagsmála, hvort sem um er að ræða rík iðnríki eða fátæk þróunarríki. Ábyrgðin er þó ólík, þar sem verkefni iðnríkjanna snúa að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda en verkefni þróunarríkjanna eru meira í ætt við forvarnastarf.

### Siðferðileg skylda

„Það gefur augaleið að þau lönd, sem hafa mengað mest og losað mest af gróðurhúsalofttegundum frá því að iðnbyltingin hófst, tilheyra næstum því öll Vesturlöndum. Iðnríkin bera mikla ábyrgð. Þau losa mikið núna og bera líka sögulega ábyrgð og það er einfaldlega hin siðferðilega hlið þessara mála sem krefst þess að tekið sé tillit til sögunnar í þessu,“ segir Þórunn.

Þórunn segist gleðjast yfir því að samkomulag skuli hafa náðst og bætir við: „Ég er stolt af því að Íslendingar voru á Balí-fundinum í hópi þeirra landa sem sýndu frumkvæði, forystu og ábyrgð í loftslagsmálunum.“

**LOFTSLAGSMÁL**

- **Kýótó-bókunin var samþykkt árið 1997. Framundan er tveggja ára samningalota vegna arftaka hennar.**
- **Lögð verður áhersla á að láta öll ríki heims bera ábyrgð í loftslagsmálum, jafnt auðug iðnríki sem fátækari þróunarríki.**

### HELSTU ÁLYKTANIR LOFTSLAGSÞINGSINS Á BALÍ

**Samningaferli**
Á fundi í Kaupmannahöfn árið 2009 á að ná nýju allsherjarsamkomulagi um arftaka Kýótó-bókunarinnar, sem fellur úr gildi í lok árs 2012.

**Aðlögunarsjóður**
Sérstakur sjóður verður stofnaður til að auðvelda þróunarríkjum að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga.

**Loftslagsnefnd SÞ**
Mið verður tekið af tilmælum vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC).

**Yfirfærsla tækni**
Iðnríki munu auka þróun og notkun loftslagsvænnar tækni og auðvelda aðgengi þróunarríkja að henni.

**Verkaskipting**
Iðnríki munu leita leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og þróunarríki munu forðast að láta aukinn hagvöxt haldast í hendur við aukna losun.

**Skógareyðing**
Baráttan gegn eyðingu regnskóganna verður efld og samþætt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.



# Jólagjöfin
## ...ekkert mál

HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Fyrir húsbyggjandann,**
sumarbústaðareigandann,
garðáhugamanninn og
alla hina líka!




Rafræna gjafakortið er gjöf sem kemur að góðum
notum og gildir í verslunum okkar um land allt.

Gjafakortin fást í öllum verslunum okkar. Einnig Blómavali Smáralind og Kringlunni

# FÉOGFRAMI

vidskipti@24stundir.is

**Ísland er að mestu óþekkt stærð á alþjóðavettvangi og það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulíf og trúverðugleika Íslands á alþjóðavettvangi að breyta því.**




Eirberg

**Swopper**
vinnustóllinn

- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Ánægja við leik og störf
- Fæst í ýmsum litum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25


# Ísland óþekkt stærð erlendis

■ Ímynd Íslands almennt jákvæð en veik ■ Vinna hafin við að styrkja ímynd landsins erlendis ■ Tillagna að vænta á næsta ári

**Eftir Frey Rögnvaldsson**
freyr@24stundir.is

Ímynd Íslands erlendis er almennt jákvæð en hún er ekki nógu sterk. Ísland er lítt þekkt víða erlendis og þeir sem þekkja til landsins þekkja einkum náttúru þess. Nauðsynlegt er að samþætta vinnu þeirra sem kynna Ísland á erlendri grundu. Þetta voru skilaboð fundarmanna á samráðsfundi atvinnulífsins og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð, en þema fundarins var skipulag ímyndarmála Íslands.

### Ímynd Íslands í nefnd

Forsætisráðherra skipaði 7. nóvember síðastliðinn nefnd til að gera tillögur um hvernig styrkja megi ímynd Íslands. Nefndinni, sem Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, er í forsæti fyrir, er ætlað gera úttekt á skipan ímyndarmála Íslands, móta stefnu í málaflokknum og leggja fram tillögur að skipulagi ímyndarmála og aðgerðum til að styrkja ímynd landsins. Leitað verður eftir samvinnu við fulltrúa atvinnulífsins, ferðamannaiðnaðinn, menntastofnanir, fjölmiðla og almenning við vinnu nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að hún skili tillögum til forsætisráðherra 1. mars næstkomandi.

### Vinna að sameiginlegri sýn

Svafa Grönfeldt lagði áherslu á að sú ímynd sem Ísland hefur hjá Íslendingum sjálfum yrði að ríma við þá ímynd sem kynnt væri erlendis. „Við náum vonandi að stilla saman strengi og vinna að sameiginlegri sýn sem við sem þjóð viljum senda frá okkur. Eins stefnum við að því að vinna ákveðna skipulagsvinnu og leggja línur um hvernig við viljum senda slík skilaboð. Ísland er að mestu óþekkt stærð á alþjóðavettvangi og það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulíf, menningu og trúverðugleika Íslands á alþjóðavettvangi að breyta því."




**Reynsla Sviss** Johannes Matyassy kynnti árangur Svisslendinga í ímyndarmálum.

24Stundir/Frikki

## ÍMYNDARÁTÖK

- **Fjölda verkefna til styrktar ímynd Íslands hefur verið hleypt af stokkunum. Mörg verkefnanna hafa verið tímabundin.**
- **Má þar nefna kynningu á íslensku skyri, embætti umboðsmanns íslenska hestsins og átak í markaðssetningu á íslensku lambakjöti í Bandaríkjunum.**
- **Fram að þessu hefur ekki verið um miðstýringu í þessum efnum að ræða þótt opinberir aðilar hafi staðið fyrir þessu.**

Johannes Matyassy, framkvæmdastjóri Presence Switzerland, sem ætlað er að vinna að ímyndarmálum Sviss, sagði í erindi sínu að nauðsynlegt væri fyrir ríki að vinna að ímyndarmálum sínum. „Það er ekki nóg að grípa til aðgerða þegar ríki lenda í þeirri stöðu að ímynd þeirra verður neikvæð í augum annarra.

### Þarf að vinna jafnt og þétt

Ímynd ríkja er ekki fasti heldur getur hún verið síbreytileg og það er nauðsynlegt að vinna jafnt og þétt að því að kynna kosti landsins."

Matyassy lagði áherslu á að áður en hægt væri að fara af stað með ímyndarherferðir væri mikilvægt að rannsaka hvaða ímynd landið hefði hjá útlendingum sem og íbúunum sjálfum. „Þetta er mjög mikilvægt í því skyni að finna ákveðna þætti í ímynd þjóða sem hægt er að styrkja og vinna með. Jafnframt þarf að beita mismunandi aðferðum gagnvart mismunandi hópum í kynningu landsins. Það er ljóst að það eru ekki sömu hlutir sem draga venjulega ferðamenn til landsins og draga erlenda fjárfesta að."

### Mikilvægt að nýta tækifærin

Matyassy lagði mikla áherslu á mikilvægi þess að nýta sér viðburði sem draga að sér mikinn fjölda fólks og vekja athygli. Hann nefndi sem dæmi Ólympíuleikana og aðra stórviðburði þar sem þjóðir ættu fulltrúa. Sömuleiðis væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ekki væri hægt að vinna að ímynd ríkja á öllum sviðum heldur væri mikilvægt að velja sér bardaga af kostgæfni.

## HVAÐ VANTAR UPP Á?

**Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á vidskipti@24stundir.is**


Ótrúlegt tilboð - 14 nátta ferð - með allt innifalið

**Dóminíska lýðveldið**
**18. janúar**
**frá kr. 73.560**



**Takmörkuð gisting í boði!**



Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 14 nátta ferð til Dóminíska lýðveldisins 18. janúar. Njóttu lífsins við ótrúlegar aðstæður í Karíbahafinu á þessari fögru paradísareyju sem býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn. Heimsferðir bjóða einstakt tækifæri til að upplifa stórkostlegar strendur, frábæra tónlistarmenningu, fjölbreytta afþreyingu og einstakt mannlíf. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

**Verð kr. 89.790**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 14 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 18. janúar.

**Verð kr. 73.560**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11 ára í 14 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 18. janúar.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Munið Mastercard ferðaávísunina


## MARKAÐURINN Í GÆR

### Hlutabréfaviðskipti með skráð bréf hjá OMX á Íslandi, 17. des. 2007

| Félög í úrvalsvísitölu | Viðskipta-verð | Hlutfallsl. breyting | Dagsetning viðsk.verðs | Fjöldi viðskipta | Viðskipti dagsins | Tilboð í lok dags: Kaup | Sala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Atorka Group hf. | 9,94 | -1,00% | 17.12.2007 | 9 | 52.697.785 | 9,92 | 9,98 |
| Bakkavör Group hf. | 57,00 | -2,73% | 17.12.2007 | 15 | 165.874.504 | 56,60 | 57,00 |
| Exista hf. | 21,30 | -5,12% | 17.12.2007 | 45 | 324.005.417 | 21,30 | 21,40 |
| FL Group hf. | 14,80 | -1,99% | 17.12.2007 | 17 | 5.079.399.960 | 14,70 | 14,79 |
| Glitnir banki hf. | 21,70 | -2,91% | 17.12.2007 | 31 | 407.559.907 | 21,70 | 21,75 |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | 36,25 | -0,68% | 17.12.2007 | 4 | 2.442.501 | 36,25 | 36,55 |
| Icelandair Group hf. | 25,70 | -1,72% | 17.12.2007 | 7 | 52.721.079 | 25,50 | 25,80 |
| Kaupþing Bank hf. | 867,0 | -2,14% | 17.12.2007 | 51 | 330.258.019 | 867,0 | 870,0 |
| Landsbanki Íslands hf. | 36,20 | -1,76% | 17.12.2007 | 29 | 244.982.494 | 36,10 | 36,30 |
| Straumur-Burðarás Fj.b. hf. | 15,00 | -1,64% | 17.12.2007 | 31 | 479.532.403 | 14,98 | 15,05 |
| Teymi hf. | 5,87 | -1,84% | 17.12.2007 | 8 | 24.792.994 | 5,85 | 5,87 |
| Össur hf. | 97,70 | -1,01% | 17.12.2007 | 8 | 21.113.031 | 97,70 | 98,40 |
| **Önnur bréf á Aðallista** | | | | | | | |
| 365 hf. | 1,96 | 0,51% | 17.12.2007 | 5 | 100.440.000 | 1,95 | 1,97 |
| Alfesca hf. | 6,84 | 0,00% | 14.12.2007 | - | 0 | 6,83 | 6,85 |
| Atlantic Airways | 255,5 | - | 14.12.2007 | - | 0 | 254,0 | 255,0 |
| Atlantic Petroleum P/F | 1648, | -5,83% | 17.12.2007 | 23 | 20.801.352 | 1630 | 1680 |
| Eik Banki | 495,0 | -5,71% | 17.12.2007 | 12 | 75.862.985 | 505,0 | 525,0 |
| Flaga Group hf. | 1,00 | 0,00% | 14.12.2007 | - | - | 0,99 | 1,00 |
| Føroya Bank | 180,0 | 1,12% | 17.12.2007 | 9 | 1.790.662 | 179,5 | 181,0 |
| Icelandic Group hf. | 5,38 | 0,00% | 7.12.2007 | 1 | 250 | 5,32 | 5,40 |
| Marel hf. | 98,00 | -0,20% | 17.12.2007 | 6 | 39.230.000 | 97,60 | 98,50 |
| Nýherji hf. | 23,20 | 0,00% | 17.12.2007 | 3 | 408.390 | 23,20 | 23,50 |
| SPRON | 9,98 | -3,76% | 17.12.2007 | 39 | 118.000.880 | 9,94 | 10,00 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 47,00 | 0,00% | 6.12.2007 | - | - | - | 46,90 |
| Vinnslustöðin hf. | 8,50 | 0,00% | 22.8.2007 | - | - | - | - |
| **First North á Íslandi** | | | | | | | |
| Century Aluminum Co. | 3305 | -4,48% | 17.12.2007 | 5 | 50.385.000 | 3290 | 3315 |
| HB Grandi hf. | 10,50 | 0,00% | 7.12.2007 | - | - | - | 10,20 |
| Hampiðjan hf. | 6,50 | 0,00% | 2.11.2007 | - | - | - | - |

- **Mesta viðskiptin** í Kauphöll OMX í gær voru með bréf í FL Group fyrir 5.079 milljónir króna.
- **Mesta hækkunin varð á bréfum í Færeyjabanka eða 1,12%. Bréf í 365 hækkuðu um 0,51%**
- **Mesta lækkunin** varð á bréfum í Atlantic Petroleum, 5,83%. Bréf í Exista lækkuðu um 5,12% og bréf í Century Aluminum um 4,48%.
- **Úrvalsvísitalan lækkaði um 2,32% og stóð í 6.316,18 stigum í lok dags.**
- **Íslenska krónan** styrktist um 0,29% í gær.
- **Samnorræna OMX-vísitalan lækkaði um 2,88%. Breska FTSE-vísitalan lækkaði um 1,8% og þýska DAX-vísitalan um 1,5%.**

# Jólagjöfin í ár

## góður nætursvefn

## á Mediflow-vatnskodda
## Hágæða heilsukoddi




**Keyptu vatnskodda og þú gætir unnið utanlandsferð eða einhvern hinna mörgu aukavinninga.**

**“við mælum hiklaust með mediflow-vatnskoddanum”**

**Starfsfólk HÝSIR.IS**



**Skoðaðu úrvalið á jólamarkaði okkar eða á nýrri heimasíðu frábær verð.**

# mediflow.is

* Hágæða heilsukoddi
  verð áður ~~9.900~~ kr. nú <u>6.900 kr.</u>
* Dömu og herra sloppar
* Vönduð handklæði
* Mjúkir barnasloppar
* Damask sænguvera sett



**Jólamarkaðurinn Reykjavíkurveigi 64**
**þriðjudag - miðvikudag kl. 11 - 20**
**Fimmtudag - laugardag kl. 11 - 22**



# KOLLAOGKÚLTÚRINN

kolbrun@24stundir.is

> Mér hættir til að lifa í fortíðinni vegna þess að mestallt líf mitt tilheyrir henni.
>
> Herb Caen






## Nýtt hefti Þjóðmála

**Vetrarhefti tímaritsins Þjóðmála er komið út. Meðal efnis er ritgerð eftir heimsþekktan hagfræðing, Geoffrey Wood, þar sem hann veltir vöngum yfir kostum þess fyrir Íslendinga að taka upp nýjan gjaldmiðil, t.d. svissneskan franka. Bjarni Bragi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarseðlabankastjóri, vísar hins vegar öllum slíkum hugmyndum á bug í annarri ritgerð. Gísli Freyr Valdórsson birtir nýja rannsókn sem sýnir hlutdrægni fréttastofu Útvarps við fréttaflutning af umræðum um ójöfnuð og fátækt veturinn 2006–2007. Guðni Th. Jóhannesson rýnir í óbirtar dagbækur Gunnars Thoroddsens og segir frá upphafi þingmennsku hans. Þá svarar Skúli Magnússon Kínafari ritdómi Morgunblaðsins um ævisögu Maós.**

## Sveinbjörn í útrás



**Afmælisútgáfa með verkum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar og íslenskum flytjendum í fremstu röð er komin út á nýjum geisladiski á vegum Naxos í 62 löndum. Sveinbjörn, hinn ástsæli höfundur þjóðsöngsins, er því kominn í útrás. Flytjendur á geisladiksnum eru: Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari, Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari.**

### AFMÆLI Í DAG

**Paul Klee**
**myndlistarmaður, 1879**
**Keith Richards**
**tónlistarmaður, 1943**



24stundir/Brynjar Gauti

**Ingólfur Örn og Embla Ýr** „Gunnar er hetjan okkar allra. Hann er Hetjan."

Teiknimyndasaga um Gunnar á Hlíðarenda

# Hetjan okkar allra

**Gunnar á Hlíðarenda er aðalpersónan í teiknimyndasögunni Hetjunni. Höfundar eru Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson en þetta er fjórða teiknimyndasagan sem þau gera upp úr Njálu.**

**Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur**
kolbrun@24stundir.is

Hetjan er teiknimyndasaga sem Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson hafa gert í sameiningu. Áður hafa þau sent frá sér teiknimyndasögurnar Blóðregn, Brennuna og Vetrarvíg, sem allar fjalla um atburði úr Njálu. Hver bók stendur sjálfstæð en þær tengjast innbyrðis.

**Sögurík Njála**

„Upphaflega ætluðum við bara að gera eina bók upp úr Njálu en við sáum fljótlega að efnið væri svo mikið að við gætum gert nokkrar bækur," segja Embla og Ingólfur. Þegar þau eru spurð af hverju þau hafi kosið að gera teiknimyndasögur upp úr Njálu en ekki einhverri annarri Íslendingasögu segja þau ástæðuna vera þá að Njála sé svo rík af sögum og henti því sérlega vel inn í teiknimyndasöguformið.

Vinnulag þeirra er með þeim hætti að þau gera gróft handrit að sögunni saman, Ingólfur gerir síðan teikningarnar og Embla fullvinnur textann. Um útlit persóna segir Ingólfur: „Við fylgjum útlitslýsingum Njálu að hluta en persónurnar fá líf þegar maður byrjar að teikna þær. Það hafa allir sína mynd af persónum Njálu þrátt fyrir nákvæmar lýsingar sögunnar. Það hefur verið afar skemmtilegt að teikna þessar persónur."

**Tvíeðli Gunnars**

Gunnar á Hlíðarenda er aðalpersónan í Hetjunni. „Gunnar er hetjan okkar allra. Hann er Hetjan," segja Embla og Ingólfur. „Um leið veit hann ekki hvað hann á að vera. Þetta tvíeðli hans vakti áhuga okkar. Hann er friðsemdarmaður, bóndi og eiginmaður og vill öllum vel. En um leið og hann grípur atgeirinn hikar hann ekki við að vega mann og annan."

Embla og Ingólfur hafa ekki sagt skilið við Njálu því síðasta bókin í bókaflokknum fer senn í vinnslu og fjallar um Hallgerði langbrók.

### BÆKURNAR

- **Höfundarnir hlutu Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur árið 2004 fyrir Blóðregn, þar sem sögð er saga Kára Sölmundarsonar.**
- **Höfundarnir hlutu síðan Vorvindaviðurkenningu Ibby árið 2005 fyrir Blóðregn og Brennuna.**



**Hetjan** Ein af myndum bókarinnar.




### MENNINGARMOLINN

# Spielberg fæðist

Á þessum degi árið 1946 fæddist leikstjórinn Steven Spielberg í Cincinnati. Hann var feimið barn sem kaus að tjá sig með því að gera myndir heima hjá sér. Tólf ára gamall var hann farinn að gera myndir eftir handritum og fékk nágrannakrakka til að leika í þeim.

Hann lagði stund á kvikmyndagerð og frami hans varð undraskjótur. Meðal þekktra mynda hans eru Jaws, Close Encounters, ET, Schindler's List og Saving Private Ryan.

Fyrri eiginkona hans var leikkonan Amy Irving. Sú seinni er Kate Capshaw sem hann leikstýrði í Indiana Jones and the Temple of Doom og samtals eiga þau sjö börn.

Spielberg er talinn einn mesti kvikmyndasnillingur sögunnar en hefur einnig hlotið sinn skammt af gagnrýni. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga á ferlinum, þar á meðal þrenn Óskarsverðlaun.



#  JÓLAMATUR

24stundir AUGLÝSINGASÍMI: 510 3744 AUGLYSINGAR@24STUNDIR.IS

### Allt gott ef félagsskapurinn er góður

## Njótið hvert annars

Nú gengur í garð sá árstími þegar flestir gera vel við sig í mat og drykk. En jólin snúast um svo miklu meira en að njóta góðra veitinga og það er ekki síst skemmtilegt að njóta hvert annars. Undir það tekur Þorri Hringsson myndlistarmaður en honum finnst best að snæða jólamatinn í góðum félagsskap. „Ég er ekki einn af þeim sem verða að fá rjúpur eða kalkún um jólin. Það sem mér finnst skipta mestu máli er félagsskapurinn. Ef hann er góður þá er yfirleitt allt gott.“ »28





### Indversk jól

George Holmes kemur frá Indlandi þar sem jólin eru stór hátíð en á Íslandi rekur hann veitingastaðinn Indian Mango. George leyfir Íslendingum að fá nasasjón af indverskum jólum með ljúffengum indverskum jólauppskriftum. »26



### Nýtið afgangana

Ragnar Ómarsson á Domo er með góðar hugmyndir um hvernig má nýta afganga af jólamatnum og útbúa brunch. Til þess þarf einungis örlítið hugmyndaflug og svo má ekki gleyma eggjunum. »27

### Jól án streitu

Jólin verða óhefðbundin hjá Þóru Tómasdóttur þetta árið. Á aðfangadagskvöld ætlar hún að elda eitthvað fljótlegt og þægilegt, enda er hún staðráðin í að halda jól án streitu. »31










Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

**Sérfræðingar í saltfiski**

**Ekta fiskur** Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita




Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt tilað klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan- Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.




**George Holmes** er frá Góa á Indlandi þar sem jólin eru haldin hátíðleg.

24stundir/Frikki

Rækjur, önd og svínakjötsréttir

# Indverskur jólamatur er fjölbreyttur

**George Holmes gefur hér uppskriftir að indverskum jólaréttum. Hann kemur frá Góa á Indlandi þar sem meirihluti íbúa er kaþólskrar trúar og jólin því stór hátíð.**

Eftir Maríu Ólafsdóttur
maria@24stundir.is

Jólaundirbúningur hefst um miðjan desember þegar fólk skreytir heimili sín og byrjar að spila jólatónlist, bæði á mállýsku héraðsins Konkani og ensku. Á aðfangadagskvöld fer fólk í miðnæturmessu en að henni lokinni er borðuð létt máltíð áður en haldið er á ball. Þar er bjór, vín og indverskur kókos- og kasjúhnetulíkjör í boði og skemmtir fólk sér fram undir morgun. Daginn eftir heimsækir fólk hvert annað með mat og gefur þeim sem minna eiga með sér.

**Hlaðborð af réttum**

Yfir jólin segir George að svínakjötsréttir séu vinsælir á svæðinu, t.d. svína-soapotel, sem er sterkur réttur búinn til úr rauðu chili og vínediki. Á heimili George er einnig steikt önd á borðum, marineruð í svokallaðri garamasala-kryddblöndu, þar sem blandað er saman engifer, hvítlauk, sítrónusafa og lárviðarlaufum. Einnig eru eldaðar rækjur með lauk og tómötum en rækjurnar eru marineraðar í sítrónusafa, salti og túrmerik. Að auki eru linsubaunaréttir og aðrir grænmetisréttir á borðum.

George gefur hér lesendum uppskrift að Dodol, indverskum eftirrétti úr kókosmjöli og pálmasykri. Kókosmjöl er mikið notað í matargerðina þar sem það er auðfáanlegt og ódýrt hráefni og segir George eftirréttinn vera vinsælan á veitingastaðnum. Auk þess gefur hann uppskrift að rækjurétti með tómötum og lauk og steiktri önd.

**Dodol**

**Eftirréttur fyrir 8 manns**
- **250 g hrísgrjón, ósoðin**
- **4 bollar kókosmjöl**
- **1 dós þykk, hrein kókosmjólk**

**GEORGE HOLMES**

- **Hefur búið hér í tæp sjö ár og rekur veitingastaðinn Indian Mango sem var opnaður árið 2005.**
- **Segir að svínakjötsréttir séu vinsælir á Indlandi yfir jólin.**
- **Kemur frá kaþólsku svæði á Indlandi þar sem jólin eru haldin hátíðleg.**
- **Býður Íslendingum indverskan jólamatseðil.**

- **375 g Jaggery (hreinn kókossykur)**
- **½ bolli kasjúhnetur, saxaðar fínt**
- **1 tsk. smjör**
- **1 tsk. vanilludropar**

**Aðferð:**
Látið hrísgrjónin liggja í bleyti yfir nótt, hellið vatninu af og malið fínt í kvörn eða matvinnsluvél.

Blandið öllu vel saman í matvinnsluvél. Hellið blöndunni í djúpa pönnu og sjóðið viðstöðulaust á meðalhita þar til blandan hefur rýrnað um helming og byrjar að losna frá hliðum pönnunnar. Hellið henni þá í fat og kælið. Borið fram í þykkum sneiðum, annaðhvort kalt eða volgt, en þá er gott að hafa vanilluís með.

**Rækju-masala frá Góa**

**Forréttur fyrir 8 manns**
- **1 kg stórar rækjur (risarækjur)**
- **120 ml (½ bolli) jarðhnetuolía**
- **90 g (½ bolli) laukur**
- **salt eftir smekk**

**Mauk:**
- **10 rauð, stór chili-piparaldin (veikustu sem fást). (Piparinn fæst þurrkaður í Mai Thai á Laugavegi.) (Notið minna af chili ef rétturinn á ekki að vera sterkur.)**
- **20 g (2 msk.) cummin-fræ (ekki kúmen, indverskt cummin)**
- **5 g (1 tsk.) túrmerik**
- **15 negulnaglar**
- **1 kanillengja, 2,5 cm**
- **30 g (3 msk.) ferskt engifer**
- **90 ml (6 msk.) maltedik**

**Aðferð:**
Saxið engiferið gróft, blandið öllum hráefnunum saman í matvinnsluvél. Bætið u.þ.b. 90 ml af vatni saman við. Maukið vel í matvinnsluvélinni. Hitið olíuna á pönnu, saxið laukinn mjög fínt og steikið létt við vægan hita þar til laukurinn verður gylltur. Bætið maukinu saman við laukinn á pönnunni, steikið létt þar til feitin skilur sig aðeins frá maukinu og lauknum (u.þ.b. þrjár mínútur) Bætið rækjunum og salti á pönnuna og eldið þar til rækjurnar eru tilbúnar, sem tekur um mínútu.

**Pönnusteikt kryddönd**

**Aðalréttur fyrir 8 manns**
**2 kg andabringur**

**Marinering:**
- **16 hvítlauksrif, meðalstærð**
- **2 msk. fínt saxað, ferskt engifer**
- **2 msk. sítrónusafi**
- **salt eftir smekk**
- **olía til steikingar**
- **10 piparkorn**
- **2,5 cm kanilstöng**
- **6 þurr, rauð, stór chilipiparaldin, skorin í bita.**

**Aðferð:**
Blandið átta hvítlauksrifum saman við engiferið og sítrónusafann og búið til mauk. Blandið öðrum hráefnum saman við. Nuddið marineringunni vel í andabringurnar og látið bíða í sex klst.

Skerið andabringurnar í stóra bita (má hafa þær óskornar) og pönnusteikið við meðalhita, hafið lokið á pönnunni á meðan. Steikið eftir smekk, en á Indlandi er öndin alltaf vel steikt.



Útbúið síðbúinn hádegisverð úr jólaafgöngum

# Notið hugmyndaflugið

Það eru kynstrin öll af ljúffengum mat á borðum á jólunum og oftar en ekki er töluverður afgangur. Sumir kjósa að útbúa síðbúinn hádegismat á jólunum og nota til þess ýmsa afganga. Ragnar Ómarsson, yfirkokkur á Domo, segir að það sé orðið algengara að fólk geri eitthvað skemmtilegt við afgangana, annað en bara að hita þá upp. „Það er tilvalið að setja saman nettan „brunch" en þá eru eggin algjörlega nauðsynleg, spæld, hrærð eða í eggjaköku. Það er í raun engin regla um hvernig megi útbúa góðan brunch, nema bara að nota afganga, bæta þá með fersku hráefni og nota hugmyndaflugið. Það er hægt að nota allt í brunch en það er nauðsynlegt að hugsa um að það er verið að sjóða saman morgunverð og hádegisverð. Maturinn má því vera nokkuð mikill og mettandi."

**Kjötafgangar nýttir**

Sjálfur segist Ragnar hafa gaman af því að bjóða upp á brunch heima hjá sér. „Þá er bara tekið til í kælinum og allir afgangar notaðir í eggjakökur, salöt og bixímat.

Það er til að mynda sniðugt að nota hamborgarhrygginn sem beikon, skera hann þunnt og steikja á pönnu og spæla egg með. Svo má gera eggjaköku úr nánast hverju sem er, hamborgarhrygg, kalkún, hangikjöti og öllum baunaafgöngum. Það klikkar aldrei að gera salöt með kjötafgöngunum og nota á gott brauð. Eins má skera kjöt í grófa strimla og steikja á pönnu, krydda létt með mexíkósku kryddi, setja í mexíkóska pönnuköku og bera fram með sýrðum rjóma og salsasósu. Svo eru gömlu góðu tartaletturnar alltaf góðar og þar þarf ekki alltaf að vera hangikjöt. Það má líka breyta til og blanda saman kalkún, kartöflum og maís með góðum rjómaosti."



**Rúnar Ómarsson:** „Það er tilvalið að setja saman nettan brunch eftir jólin og nýta kjötafgangana."

24stundir/G.Rúnar



## Heitt súkkulaði á jólum

**Þrátt fyrir að heitt kakó standi svo sannarlega fyrir sínu er fátt betra á jólunum en alvöru heitt súkkulaði með þeyttum rjóma. Súkkulaðið er vissulega saðsamara en bragðgott eftir því.**

- **2 lítrar nýmjólk**
- **2 plötur af suðusúkkulaði**
- **½-1 plata rjómasúkkulaði**

**Hita mjólkina í potti. Brjótið súkkulaðið út í og bræðið við lágan hita.**



## Skreyttar hveitikökur

**Laufabrauð telja margir ómissandi á jólum. Flestir vilja það með jólahangikjötinu en aðrir með rjúpum og villibráð. Laufabrauð var gert á fínni heimilum því vegna skorts á korni var nýnæmi að bjóða upp á steiktar og vandlega skreyttar hveitikökur. Siðurinn virðist einna útbreiddastur fyrir norðan og norðaustan og þá sérstaklega nálægt kirkjubústöðum og stærri bæjum.**



## Mímósur í „brunchinn"

**Margir hittast og borða saman góðan morgunverð í jólamánuðinum. Þá er ómissandi að lífga upp á borðhaldið með því að bjóða upp á mímósur. Mímósur eru léttar appelsínusafa-kampavínsblöndur.**
**Í blönduna þarf 4 dl af appelsínusafa á móti 2 dl af kampavíni og skvettu af Triple Sec eða öðrum appelsínulíkjör.**










Íslendingar eiga það til að gleyma um hvað jólin snúast

# Best að snæða jólamatinn í góðum félagsskap

**Þorri Hringsson myndlistarmaður segist sjaldan borða það sama á aðfangadag og telur að jólin eigi að vera hæfileg blanda af hinu nýja og gamla. Vaninn er þó að fara í hangikjöt til mömmu á jóladag.**

**Eftir Hildu H. Cortez**
hilda@24stundir.is

„Það er misjafnt hvað ég borða á aðfangadag og fer eftir því hvar ég er og með hverjum," segir Þorri. „Ég held að ég eigi mér ekki einu sinni neina uppáhaldsjólarétti og er ekki einn af þeim sem verða að fá rjúpur eða kalkún um jólin. Það sem mér finnst skipta mestu máli er félagsskapurinn. Ef hann er góður þá er yfirleitt allt gott."

### Matargerð allan ársins hring

„Mér finnst gaman að prófa eitthvað nýtt en svo má auðvitað segja að jólin verði að vera hæfileg blanda af hefðum og nýjungum. Á jóladag hefur til dæmis alltaf verið hangikjöt hjá mömmu minni og ég sé ekki að það breytist neitt. Það er fínt og tilheyrir jólunum. Þannig að jóladagur er oft miklu meira í föstum skorðum heldur en aðfangadagur hjá mér. Á annan í jólum hef ég síðan oft farið í heimsókn til vina minna og þá er bara eldað það sem mann langar til, villibráð eða fiskur eða hvað sem er."

Þorri er mikill matgæðingur og hefur meðal annars gefið út bækur um vín og vínmenningu ásamt því að starfa hjá Gestgjafanum. „Ég er alltaf að stússa eitthvað í eldhúsinu þannig að desember er kannski ekkert svo frábrugðinn öðrum tímum árs. Maður reynir kannski að gera ekkert alltof mikið og flott frá miðjum nóvember til þess að það verði skemmtilegra í lok desember."

Ekki er bakað mikið af smákökum í eldhúsi Þorra fyrir jólin. „Ég er ekki mikill smákökukarl. Ég fæ smákökur þegar ég kem til mömmu minnar og það dugir mér alveg. Ég þarf ekkert mikinn skammt af smákökum til þess að komast í jólaskap og geri kannski frekar konfekt eða sætar kökur, nokkra bita til að eiga en það geri ég endrum og eins og hugsa að ég geri það núna."



24 stundir/Jim Smart

**Þorri Hringsson** Borðar hangikjöt á jóladag en hefur snætt ýmislegt á aðfangadag.

**ÞORRI HRINGSSON**

- **Þorri Hringsson er myndlistarmaður en er einnig þekktur mat- og vínáhugamaður.**
- **Þorri hefur starfað hjá Gestgjafanum.**
- **Árið 2003 gaf Þorri út bókina Vín sem er handbók um vín og vínmenningu.**

### Aldrei hamborgarhryggur

Aðspurður um eftirminnilegasta jólamatinn segir Þorri ekkert sérstakt koma upp í hugann. „Það er ekkert sem hefur verið fullkomlega afbrigðilegt. En ég hef prófað mig áfram með allskonar mat. Ég hef borðað grænmetismat á jólunum og ég hef borðað villibráð. Ég hef borðað allt held ég nema hamborgarhrygg og stefni ekki að því. Mér finnst hann vondur matur og finnst ekki að hann ætti að vera á borðum og allra síst á jólunum."

### Inntak jólanna gleymist

„Mér finnst fólk ekki vera að stressa sig á smákökubakstri og matargerð um jólin, en það er að stressa sig á ýmsu öðru. Íslendingar reyna að gera allt of mikið og leggja ekki áherslu á réttu hlutina. Forgangsröðunin er ekki góð finnst mér. Ég vildi gjarnan sjá meiri afslöppun. Það tala allir um að hafa rólegan desember en svo gerir enginn neitt í því. Fólk vinnur botnlaust, er hlaðið verkefnum sem þarf að klára og ég held að það sé að eyðileggja fyrir fólki. Fókusinn er ekkert lengur á jólunum. Inntak jólanna virðist ekki skipta neinu máli. Þetta er merkileg hátíð en fólk eyðir alltof miklum peningum og er að stressa sig á hlutum sem það á ekki vera að stressa sig á eins og að mála alla íbúðina viku fyrir jól. Það á frekar að njóta samverunnar og hafa það gott."



Birkisafinn frá Weleda hefur verið vinsæll undanfarin misseri enda er hann einkar góður fyrir heilsuna. Birkisafinn hefur sérstaklega verið vinsæll hjá þeim sem vilja léttast enda örvar hann vatnslosun og styður við náttúrulega úthreinsun líkamans, en eins og margir vita er úthreinsun líkamans mikilvæg fyrir líkamlega vellíðan og vert að hafa í huga núna um hátíðarnar.
Birkisafinn losar bjúg.
Birkisafinn er unnin úr þurrkuðum birkiblöðum.
Hægt er að fá birkisafann með og án hunangs.
Þrátt fyrir að safinn sé kenndur við birki bragðast hann síður en svo eins og þessi ágæta trjátegund. Þetta er bragðgóður drykkur sem gott er að blanda með vatni og eiga tilbúinn í kæliskáp.



Birkisafi örfar vatnslosun og er því hentug lausn fyrir þá sem vilja missa nokkur kíló.

Útsölustaðir:
Heilsuhúsin, Fræið Fjarðarkaupum, Maður lifandi , Heilsuhornið Akureyri, Blómaval, Lyfja og Apótekið, Lyf og heilsa og Apótekarinn , Sólarsport Ólafsvík, Femin.is, Lífsins lind Hagkaupum, Lyfjaval, Barnaverslanir, Góð heilsa gulli betri, Græna torgið Nóatúni og sjálfstætt starfandi apótek

Uppskriftin að heitu lifrarkæfunni, vel varðveitt leyndarmál frá 1971

# Christensen-bræður í Kjöthöllinni

„Nei, þú færð ekki uppskriftina," segja bæði Björn og Sveinn Christensen í Kjöthöllinni eftir ítrekaðar tilraunir blaðamanns til að fá uppskrift að ótrúlega bragðgóðri, heitri lifrarkæfu þeirra bræðra.

„Við höfum haldið vörð um uppskriftina síðan 1971," segir Björn og segist varla gefa hana upp núna. Verslunin Kjöthöllin hefur verið starfrækt síðan 1944 en faðir Sveins og Björns, Christian Christensen, stofnaði hana og tóku bræðurnir við rekstrinum.

### Margir búa til eigin kæfu

Björn segir kæfuna njóta sívaxandi vinsælda en uppskriftina rakst hann á við nám í Danmörku. Hann segir marga vilja búa til eigin kæfu og þá eigi þeir



24stundir/Frikki

**Fjölskyldufyrirtæki** Bræðurnir selja hinn vinsæla niðursultaða lauk.

bræður allt til verksins.

„Að búa til kæfu er huggulegt, þá kemur þessi fína lykt og stemning í húsið. Við erum einir af fáum sem erum með hakkaða svínalifur og spekk fyrir þá er vilja búa til eigin kæfu, við setjum þá ýmislegt út í eftir óskum, til að mynda lauk og fleira."

### Öl og rauðlaukur með

Björn segir nauðsynlegt að fá sér öl með kæfunni. „Þá er gott að hafa niðursoðinn rauðlauk ofan á kæfuna og sumir steikja beikon og sveppi til að færa með og öðrum finnst ómissandi að hafa rifsberjahlaup með herlegheitunum."

Gómsætir afgangar nýttir til fulls

# Jólamaturinn daginn eftir

Að aðfangadegi og jóladegi loknum eru næstum alltaf afgangar af kjöti, meðlæti og sósum eftir sem má nýta til þess að útbúa dýrindis rétti.

**Kalkúnn með beikoni**

Kalkúnninn klárast sjaldan á einu kvöldi en gera má úr afgöngum bragðgóða pottrétti, pastarétti eða gómsætar samlokur.

- **3 smátt skornar beikonsneiðar**
- **ólífuolía**
- **1 laukur saxaður**
- **1 hvítlauksgeiri**
- **kalkúnakjöt**
- **150 grömm grænar baunir**
- **40 ml rjómi**
- **salt og pipar**

Steikið beikonið á pönnu þar til það er orðið stökkt. Lækkið hitann og bætið við lauknum og hvítlauknum. Steikið þar til laukurinn er mjúkur en ekki brúnaður.

Bætið við baununum ásamt örlitlu vatni og látið sjóða smástund. Bætið svo við kalkúnanum og hitið í gegn. Hellið rjómanum saman við, saltið og piprið.

Þetta er gott að bera fram með pasta og parmesanosti eða njóta með sætum eða brúnuðum kartöflum.

**Jólasamlokur**

Kaldur hamborgarhryggur bragðast dásamlega og hann má bæði hita upp og snæða með meðlætinu frá kvöldinu áður eða skera kaldan niður og úbúa girnilegar samlokur.

- **2 brauðsneiðar**
- **2 kjötsneiðar**
- **klettasalat**
- **1 tómatur**
- **2 matskeiðar parmesanostur**

Smyrjið brauðið og komið kjötinu, salatinu og ostinum fyrir á sneiðunum. Með þessu getur verið gott að setja sinnep eða aðrar sósur.



**Samlokur** Úr jólamatnum má búa til girnilegar samlokur sem hægt er að njóta með köldu meðlæti frá kvöldinu áður.

24 stundir/Árni Sæberg



## Heitur jóladrykkur

**Um jólin er gott að ylja sér við heitan drykk.**

- **2 flöskur þurrt rauðvín**
- **½ bolli púrtvín eða brandý**
- **12 heilir negulnaglar**
- **Rifinn börkur af einni appelsínu**

**Setjið allt í pott og hitið rólega. Gætið þess að blandan sjóði ekki. Hitið í um það bil 20 mínútur og berið fram í stórri skál. Skreytið með kanilstöngum og rifnu múskati.**



## Heitt, hvítt jólakakó

**Kakó úr hvítu súkkulaði er afskaplega bragðgott.**

- **½ bolli hvítt súkkulaði**
- **½ teskeið vanilludropar**
- **2 bollar mjólk**
- **¼ bolli rjómi**
- **3 anísstjörnur**

**Setjið súkkulaðið og vanilludropana í skál og hitið mjólkina, rjómann og anísinn að suðu. Hellið yfir súkkulaðið og hrærið vel þar til bráðið.**



## Gómsætt súkkulaðisíróp

- **1 bolli rjómi**
- **1 bolli síróp**
- **½ bolli sykur**
- **½ bolli púðursykur**
- **1/8 teskeið salt**
- **1 bolli súkkulaði saxað**
- **¼ bolli smjör**

**Hrærið saman rjóma, sírópi, sykri, púðursykri og salti. Látið sjóða í 8 til 10 mínútur. Hrærið súkkulaðinu við og látið bráðna. Notið sírópið til þess að bragðbæta kaffibollann.**







Aðventumatseðill á kaffihúsinu í Vogum í Mývatnssveit

# Heimatilbúnir ostar og hrátt hangikjöt

**Kaffihúsið í Vogum í Mývatnssveit er innbyggt í fjósið á bænum. Þar er í boði þjóðlegur matur á aðventunni en kaffihúsið er nú opið um helgar fram til 23. desember.**

Eftir Maríu Ólafsdóttur
maria@24stundir.is

Það hefur verið vaxandi aðsókn hjá okkur núna á aðventunni en um 15 til 20.000 gestir heimsækja okkur á ári, flestir erlendir á sumrin. Nú í desember erum við með sérstakan aðventumatseðil og erum líka í samstarfi við jólasveinana sem búa í Dimmuborgum. Þeir koma og heimsækja okkur um helgar klukkan hálfsex, á mjaltatíma, segir Ólöf Hallgrímsdóttir, eigandi kaffihússins.

### Hrátt hangkjöt með kotasælu

Á aðventumatseðlinum má finna margt þjóðlegt, meðal annars hverabrauð, hangikjöt og reyktan silung. Auk þess er á matseðlinum heimagerður mosarella- og fetaostur framleiddur á staðnum. „Hverarúgbrauðið er bakað við jarðhita í sólarhring og það notum við mjög mikið með öllum réttum. Síðan bjóðum við upp á hrátt hangikjöt sem við berum fram með kotasælu og heimagerðri bláberjasultu, en þetta þrennt fer mjög vel saman. Fólki finnst hráa hangikjötið mjög gott og vinsældir þess hafa tekið kipp, en er það kjörið í smá- og forrétti. Að reykja kjötið tekur sinn tíma þar sem það tekur lágmark tíu daga upp í hálfan mánuð og síðan er það látið hanga eftir á. Í fetaostinn sem við framleiðum tínum við villtar jurtir eins og blóðberg og birki og förum svo út í eyjar hér skammt undan og tökum hvannarfræ sem við notum í olíuna þannig að osturinn fær svolítinn keim af villijurtum. Fetaosturinn þarf um viku til að verða góður, en hann er bestur eftir að hafa legið dálítinn tíma í olíunni. Mosarellaosturinn er þægilegri í framleiðslu en hann er búinn til í dag og borðaður á morgun. Einnig erum við ætíð með gúllassúpu á matseðlinum og notum einungis okkar kjöt í hana eins og annað en það má segja að einkunarorð okkar séu þú ert það sem þú borðar og því viljum við vita hvaðan hráefnið kemur. Loks verkum við og taðreykjum silung samkvæmt okkar gömlu hefðum en fiskinn kaupum við hjá eldisstöð í Kelduhverfi,“ segir Ólöf.



**Vinsælt** Hráa hangikjötið er mjög vinsælt og borið fram með sultu og kotasælu.

**KAFFIHÚSIÐ Í VOGUM**

- **Notast við matvæli frá bóndabæjum í nágrenninu, svo sem grænmeti og ís.**
- **Tekur á móti hópum á aðventunni með öllu tilheyrandi.**
- **Hefur til sölu mývetnskar gjafakörfur fullar af heimagerðu góðgæti sem hafa verið afar vinsælar.**

### Mývetnskar gjafakörfur

Fyrir jólin er einnig hægt að kaupa mývetnskar matarkörfur í Vogum en í þær getur fólk valið úr þeim matvælum sem framleidd eru á staðnum. Auk þess er hægt að setja í körfurnar konfekt jólasveinanna í Dimmuborgum og nýja spilið Fiskispil, sem er hönnun stráks úr Mývatnssveitinni. Segir Ólöf að vinsældir hafi verið vonum framar og sé hangikjötið af veturgömlu svo til uppselt. Körfurnar eru sendar víða um land og þær er hægt að panta í síma 464 4344.



## Hollt nasl á jólunum

Fyrir þá sem vilja ekki alveg tapa sér í konfektinu um hátíðarnar er tilvalið að hafa skálar af ávöxtum, hnetum og rúsínum um allt hús. Konfektátið stafar oft hreinlega af leiða og vegna þess að það er uppi við. Að sama skapi er tilvalið að hafa hollari valkost í boði og þá eru minni líkur á að konfektið sé alltaf valið. Best er að skera ávextina niður því þá eru þeir aðgengilegri auk þess sem meiri líkur eru á að fólk næli sér í bita, séu þeir niðurskornir og lokkandi. Hnetur og rúsínur eru að sama skapi góður kostur og seðja þessa sætindaþörf, sem hellist yfir marga á jólunum.


Jólatilboð



Carl Weill
hnífaparatöskur
72 hlutir, verð 16.000 krónur
gyllt eða stál
114 hlutir, aðeins 25.000 krónur
stál
Ice-Atlantic ehf.
www.pottar.is
Pöntunar sími 897-0513
Sýni vörurnar í heimahúsum á höfuðborgarsvæðinu ef óskað er.

weber




Söluaðilar.: Garðheimar - Húsasmiðjan - EGG - Búsáhöld, Kringlunni - Pottar og Prik, Akureyri
www.weber.is

Hnetusteik á jólaborðið þitt



Einstaklega ljúffeng jólahnetusteik frá Maður lifandi ásamt meðlæti s.s. villisveppasósu og epla-trönuberja chutney.

Til sölu allan desember hjá Maður lifandi í Borgartúni og í Hæðasmára.
maður lifandi
Borgartúni 24 s: 585 8700
Hæðarsmára 6 s: 585 8710
www.madurlifandi.is

24 stundir/Þorkell



**Jólamaturinn** Það getur tekið langan tíma að undirbúa matinn um hátíðarnar og ætti að hefjast handa í tíma.

Það tekur tíma að undirbúa jólamatinn

# Tímanlega í jólamatinn

Hátíðarmaturinn krefst undirbúnings og er nauðsynlegt að skipuleggja sig vel áður en hafist er handa. Sumt er hægt að undirbúa snemma í desember og frysta í allt að eina til tvær vikur.

**Byrjaðu degi fyrr**

Á Þorláksmessu skal fara yfir allt sem nota á í jólamatinn og ganga úr skugga um að ekkert vanti til matargerðarinnar.

Eftirréttinn má gera tilbúinn á Þorláksmessu og jafnvel fyrr, til dæmis ef um heimatilbúinn ís er að ræða en hann má búa til snemma þar sem hann er hvort sem er frystur.

Ef borinn er fram kalkúnn á aðfangadag skal ekki gleyma því að það tekur nokkra daga að affrysta fuglinn í ísskáp.

Ef fuglinn er fylltur má búa til fyllinguna og setja hana inn í fuglinn á Þorláksmessu sem gefur enn betra og meira bragð og eins má fara að huga að sósunni. Það er tilvalið að búa til soðið sem á að setja út í sósuna.

Leggðu á borð og ljúktu við að stússast í skreytingum á heimilinu tímanlega þannig að ekkert þurfi að huga að þess háttar umstangi.

Hafðu eldunartímann á öllu sem á að elda á hreinu þannig að þú byrjir nógu snemma að matbúa á aðfangadag.

**Á aðfangadagsmorgun**

Undirbúðu allt snemma þannig að þú eigir einhvern rólegan tíma yfir daginn. Ef sósan er ekki tilbúin byrjaðu þá á henni þar sem hún má malla góða stund. Settu kjötið tímanlega í ofninn og ef þú ert ekki með forsoðnar kartöflur settu þá kartöflurnar í suðu. Taktu til það meðlæti sem á að vera með matnum og settu í skálar. Brúnaðu kartöflurnar á meðan steikin mallar.

**JÓLAMATURINN?**



## Óhefðbundin jól án streitu

**Þóra Tómasdóttir**
**sjónvarpskona**

„Það verður frjáls aðferð í eldhúsinu þessi jólin. Flestir úr minni fjölskyldu verða erlendis og ég ætla því að hafa eitthvað fljótlegt, ætli það verði ekki hreindýr, carpaccio og eitthvað óvænt og óhefðbundið.

Ég hef yfirleitt borðað rjúpu en það hefur breyst undanfarin ár. Ég þekki ekki nægilega góðar skyttur, það hefur að minnsta kosti enginn fært mér rjúpur í ár og ég þarf því að velja það sem er næst efst á óskalistanum. Rjúpan er besta villibráðin og ég á eflaust eftir að sakna hennar á jólunum en ég borða hana á áramótunum í staðinn. Það er algjörlega óráðið hvað verður í matinn aðra jóladaga og ég er ekki einu sinni farin að hugsa út í það. Þetta verða mjög óvenjuleg jól hjá mér. Eina markmiðið með jólunum núna er að það verði ekkert stress og ég nenni ekki að eyða heilum dögum í eldhúsinu, ég ætla bara að slaka á.“



## Held ekki fast í hefðirnar

**Sigmundur Ernir Rúnarsson, forstöðumaður fréttasviðs Stöðvar 2**

„Ég er dálítið frjálslegur í þessu og held ekki endilega fast í hefðirnar. Við höfum því prófað að hafa ýmislegt í jólamatinn, allt frá saltfiski til hangikjöts. En ætli við verðum ekki með humar í forrétt þetta árið og í aðalrétt verður purusteik sem ég elda með sérstökum hætti. Við eldum jólamatinn saman enda er ég vaskur í eldhúsinu,“ segir Sigmundur Ernir og hlær. „Aðalatriðið er að gefa sér góðan tíma til að elda og framreiða jólamatinn. Við erum líka alltaf með hangikjöt og hamborgarhrygginn á sínum stað og oftast er það kalkúnn á gamlárskvöld. Við kryddum þetta líka aðeins með því að hafa líka ýmsa fiskrétti svo maður fái ekki hundleiða á kjöti.“





# Nýárskvöld í Perlunni

LYSTAUKI
Hors d´oeuvre

PARMASKINKA PROSCIUTTO
**með strengjabaunasalati, balsamic-hlaupi og rjóma-jarðsveppsaosti**
Parma ham Prosciutto with balsamic jelly and cream-truffle cheese
*1 glas „Le Rosse“ Pinot Grigio 2006. Valpolicella - Ítalía. Tommasi.*

HUMARSÚPA
**rjómalöguð með Madeira og grilluðum humarhölum**
Cream of lobster with Madeira and grilled lobster tails
*1 glas Pouilly Fuissé „Clos Reyssié“ 2005. Domaine de Lalande. Frakkland.*

ANDABRINGA
**með soðkartöflum, rjómasoðnu hvítkáli og kóngasveppasósu**
Roasted duck breast with creamed cabbage and wild mushroom sauce
*1 glas. Niedermayr Pinot Nero Riserve 2004. Suður Tríol - Ítalía.*

SÚKKULAÐIFRAUÐ
**með pistasíuís og marineruðum ávöxtum í freyðivínshlaupi og vanillu**
Chocolate mousse with pistaccio ice cream and fruits in jelly and vanilla
*1 glas Banyuls Grand Cru 1998 L'Abbé Rous. Frakkland.*

**Þórir Baldurs spilar kvöldverðartónlist & hljómsveit Þóris Baldurs spilar fyrir dansi.**

**9.990 kr.**
*Verð með 20% stórhátíðarálagi*

**Verð með fjórum glösum af víni og 20% stórhátíðarálagi 14.190 kr.**
Spariklæðnaður — Húsið opnar kl. 19:00
Pantið borð í síma 562 0200 eða með tölvupósti perlan@perlan.is.

Hringbrot

PERLAN

Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

Kampavínskokteill og líflegur sparidrykkur

# Ljúffengir drykkir á gamlárskvöld

Þrátt fyrir að malt og appelsín standi alltaf fyrir sínu vill fólk oft drekka eitthvað annað um hátíðirnar, og ekki síst á gamlárskvöld þegar margir lyfta sér upp. Á gamlárskvöld freistast fólk oft til að prófa eitthvað nýtt en láta það gamla lönd og leið. Þótt margir kjósi fremur áfenga drykki eru síst færri sem vilja óáfenga en ljúffenga drykki. Hvort heldur sem er, þá er tilvalið að prófa nýja drykki og oft er netið gagnlegt í leit að þeim. Hér eru til að mynda þrír ljúffengir drykkir sem hægt er að gæða sér á á gamlárskvöld sem og önnur kvöld.

**Klassískur kampavínskokteill**

- **Sítrónusafi**
- **Síróp**
- **Kampavín**
- **Gin**

Setjið sítrónusafann í hristara og bætið sírópi út í. Fyllið hristarann af kampavíni og gini. Berið fram í kampavínsglasi.

**Líflegur sparidrykkur**

- **Ávaxtasafi að eigin vali**
- **Sprite eða sódavatn.**

Blandið saman í könnu, smakkið til og hellið í glös. Það er tilvalið að skreyta glösin með appelsínu- eða sítrónusneiðum.

**Blóðuga marían**

- **100 g klaki**
- **175 ml vodka**
- **örlítið af sellerífræjum**
- **skvetta af sérrii**
- **skvetta af Worcestershire-sósu**
- **1 msk. kremuð piparrót**
- **1 lítri tómatsafi**
- **sítrónusneiðar**
- **Tabasco-sósa**
- **sellerístilkar**

Setjið klaka, vodka, sellerífræ, sérrí, Worcestershire-sósu, piparrót og tómatsafa í stóra könnu og hrærið vel. Rennið sítrónusneiðum meðfram barmi glassins og hellið blöndunni í glasið. Berið fram með Tabasco sósu og sellerii.



**Áramót** Það er alltaf gaman að prófa að skála í nýjum drykkjum.



## Sænskar jólakökur

- **200 g smjör**
- **175 g sykur**
- **1 matskeið síróp**
- **550 ml hveiti**
- **1 teskeið matarsódi**
- **50 g möndlur**

**Blandið saman smjöri, sykri og sírópi. Bætið söxuðum möndlum út í ásamt hveiti og matarsóda. Hnoðið deigið og mótið í kúlur. Bakið við 200 gráður í 15 mínútur.**



## Jólabrauð í líki Jesúbarnsins

**Í Belgíu er hefð fyrir því að baka jólabrauð í líki Jesúbarnsins. Brauðið er búið til úr hveiti, eggjum, mjólk, geri, rúsínum og sykri. Brauðið er yfirleitt borið fram á jóladag með bolla af heitu súkkulaði. Ýmsar útgáfur eru til af brauðinu og fer það eftir landssvæðum hvað brauðið kallast, hver uppskriftin er nákvæmlega og með hverju brauðið er borið fram.**



## Jólamaturinn endar í ruslinu

Það eru ekki aðeins Íslendingar sem gera vel við sig í mat og drykk um jólin. Í fyrra snæddu 60 milljónir Breta um 11 milljónir kalkúna sem þeir skoluðu niður með 142 milljónum lítra af bjór og 40 milljón léttvínsflöskum. Um 3 milljónum tonna af rusli er fargað yfir jólin í Bretlandi og 10 milljónir plastpoka eru notaðir við innkaupin. Um 16.000 tonn af jólamatnum enda í ruslinu.




Ný bók eftir höfundinn Sirrý Sig

# Allir kannast við Örn

**Örn Hilmar er fjörugur og hugmyndaríkur 12 ára strákur sem býr einn með mömmu sinni, leitar á náðir gömlu konunnar í kjallaranum og fer óvenjulegar leiðir til að ná athygli skólafélaganna.**

Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur
hilduredda@24stundir.is



**Börnin mín ýttu mér út í þetta** Sirrý Sig.

Bókaútgáfan Tindur hefur gefið út bókina Gegnum rifurnar eftir Sirrý nokkra Sig. Bókin fjallar um hinn fjöruga og hugmyndaríka Örn Hilmar sem býr einn með mömmu sinni sem vinnur mikið, þannig að hann leitar mikið til Guggu gömlu sem býr í kjallaranum. Eins og alla langar hann að eiga vini og vera vinsæll en það er ekki alltaf auðvelt. Hann fer því óvenjulegar leiðir til að ná athygli skólafélaganna og fær að kynnast skrifstofu skólastjórans meira en hann kærir sig um. „Þetta er raunsæ saga um skemmtilegan strák sem lendir í alls kyns ævintýrum," segir Sirrý. „Það besta við hann er að hann er svona karakter eins og margir kannast við og það er örugglega allavega einn svona í hverjum bekk í grunnskóla."

Þó svo að þetta sé fyrsta bók Sirrýjar er hún þegar komin með töluverða reynslu af skrifum, enda hlaut hún fyrstu verðlaun í smásagnakeppni Nýs Lífs í ár og hefur verið einn af pennunum á ritinu hringur.is um nokkuð skeið. „Það voru í raun og veru börnin mín fjögur sem hvöttu mig til þess að fara með söguna til útgefanda, enda lásu þau yfir hana og voru stórhrifin. Ég lét tilleiðast og niðurstaðan varð sú að Tindur á Akureyri féllst á að gefa hana út," segir hún og bætir því við að hún sé ánægð með viðbrögðin sem hún hefur fengið við þessari fyrstu bók sinni. „Um daginn var ég til dæmis að lesa upp fyrir grunnskólanemendur í Njarðvík og þeir voru afar áhugasamir og spurðu þess margs konar spurninga eftir að lestrinum lauk. Áður höfðu fullorðnir hrósað sögunni en það eru auðvitað börn og unglingar sem eru markhópurinn."

Sirrý segist þegar vera búin að skrifa næstu bók. „Það er myndskreytt barnabók og það eina sem ég á eftir að gera er að fara með hana til útgefanda."

**SIRRÝ SIG**

- **Heitir í raun Sigríður Sigurðardóttir en er alltaf kölluð Sirrý Sig.**
- **Á fjögur börn og jafnmörg barnabörn og býr í Njarðvík.**

**Húðum alla málma innan sem utan húss.**
**Tökum bílfelgur og sandblásum og pólýhúðum þær þannig að þær verða sem nýjar.**
**Möguleikar í áferð eru miklir frá möttu uppí háglans, sanserað, með sandblástursáferð, hrufótt osv.frv.**
Pólýhúðun Akureyri
Draupningsgata 7,m
603 Akureyri
S: 462 - 6600
polyak@simnet.is






# MENNING

menning@24stundir.is

**Ég er alltaf að útskýra fyrir fólki frá grunni hvað ég er að gera, en það fylgir þessu bara á meðan þetta er ekki þekkt fyrirbæri.**



## Síðasta sýningarhelgi

**Jólasýningu Hafnarborgar lýkur um helgina, en hún var sett upp í lok nóvember síðastliðins. Um er að ræða sýningu á nýjum myndskreytingum Brians Pilkingtons úr bókinni Tryggðartröllum og er höfundur textans Steinar Berg. Safnið er opið alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og á fimmtudögum er opið til kl. 21.**

## Áfram aðventuævintýri



**Aðventuævintýri, sem staðið hefur yfir á Akureyri undanfarna daga, heldur áfram í dag. Jólasýning Listhlaupadeildar Skautafélagsins verður í Skautahöllinni milli klukkan 17 og 19, nemendur Point-dansstúdíósins sýna í Ketilshúsinu klukkan 16 og jólasöngleikurinn Kraftaverk á Betlehemsstræti verður sýndur í Akureyrarkirkju klukkan 17.30.**



## Bjarga miðbænum

**Til stendur að rífa nærri 100 hús í miðbæ Reykjavíkur, á Laugavegi, Hverfisgötu og í Þingholtunum ásamt því sem Kolaportinu verður hugsanlega rutt í burtu og bílastæði sett þar í staðinn. Af þessu tilefni verður haldinn fundur í kvöld á Boston við Laugaveg þar sem formaður Torfusamtakanna, Snorri Freyr Hilmarsson, heldur tölu. Markmiðið með fundinum er að freista þess að bjarga miðbænum.**



24 Stundir/Kristinn Ingvarsson

Spennandi að vinna með vídeómiðilinn Sigrún Lýðsdóttir.

Óvenjulegur dvd-diskur með þjóðlegu yfirbragði

# Vídeólistaverk heima í stofu

**Ung íslensk listakona hefur gefið út dvd-disk með samansafni vídeólistaverka sem öll bera þjóðlegt yfirbragð. Verkin hafa ekki verið sýnd á sýningum áður enda eru þau sérstaklega hugsuð sem listaverk heima í stofu.**

**Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur**
hilduredda@24stundir.is

Út er kominn óvenjulegur dvd-diskur sem ber heitið Eyelove Iceland, en það er hönnuðurinn og listakonan Sigrún Lýðsdóttir sem hefur veg og vanda af útgáfunni. Á disknum eru sex vídeóverk eftir Sigrúnu sjálfa og hafa þau öll afar þjóðlegt, íslenskt yfirbragð. Í fyrsta verkinu er horft yfir mosabreiðu og í því næsta birtist íslensk lopapeysa með hefðbundnu mynstri og á henni birtast alls kyns náttúruleg fyrirbæri á hreyfingu, eins og til dæmis snjókorn, hlaupandi hestar, stjörnur og fljúgandi fuglar. Í þriðja verkinu sést gamli bærinn í Reykjavík á mikilli hreyfingu þar sem húsin raðast öll upp á nýtt og snúast sum hver á hvolf. Íslenska sauðkindin birtist áhorfendum í allri sinni dýrð í næstsíðasta verkinu og það síðasta er myndskeið af kraumandi goshver sem púslast saman. Að sögn Sigrúnar er hugmyndin á bak við diskinn sú að hann geti nýst sem hvert annað listaverk inni í stofu, ekki síst þegar gesti ber að garði. „Vídeóverk er í raun að mörgu leyti eins og málverk eða ljósmynd á hreyfingu, en fæstir sjá svoleiðis verk nema á sérstökum listasýningum. Með þessu er hægt að myndskreyta stofuna með vídeóverkum," segir hún, en svona diskar hafa ekki verið gefnir áður út hér á landi. „Það eru náttúrlega til svipaðir diskar með arineldi og fiskabúrum, sem eru notaðir til skrauts, en þetta er öðruvísi. Þessi diskur býður upp á þann möguleika að hvert og eitt verk sé endurtekið aftur og aftur eða að diskurinn sé spilaður í heild sinni, allt eftir smekk hvers og eins," bætir hún við.

### Brjáluð hugmynd

Vídeóverkin tóku alls um hálft ár í vinnslu og hafa ekki verið sýnd annars staðar, enda eru þau sérstaklega gerð fyrir þessa útgáfu. Sigrún segist þó hafa gengið með hugmyndina að disknum í maganum nokkuð lengi.

*Er ekki óðs manns æði að fara út í svona útgáfu algjörlega á eigin vegum?*

„Jú, það má auðvitað segja það, ekki síst af því að þetta hefur ekki verið gert áður. Ég er alltaf að útskýra fyrir fólki frá grunni hvað ég er að gera, en það fylgir þessu bara á meðan þetta er ekki þekkt fyrirbæri." Hverju verki fylgir íslensk tónlist sem Sigrún valdi sjálf í samstarfi við 12 tóna, en það eru Ólöf Arnalds, Apparat Organ Quartett, Jóhann Jóhannsson, Evil Madness, Skúli Sverrisson og Paul Lydon sem eiga lögin á disknum. „Ég lærði sviðs-, búninga- og ljósahönnun úti í Bretlandi og hef unnið dálítið með tónlistarmönnum við gerð vídeósviðsmynda fyrir tónleika. Í þeim tilfellum hafa vídeóverkin verið gerð eftir tónlistinni en núna var það öfugt, ég valdi tónlistina eftir að ég var búin að gera verkin," segir hún. Framundan er áframhaldandi vinna á þessu sviði. „Mig langar að gera fleiri svona diska þótt ég sé reyndar ekki byrjuð á þeim næsta, enda er nóg að gera við að fylgja þessum eftir og kynna hann fyrir fólki. En ég á líka eftir að læra meira í þessari tölvutækni sem þarf til þess að gera svona verk. Vonandi kemst ég á námskeið í Bretlandi á komandi ári. Það verður heilmikil vinna að læra meira og halda mér við, enda breytist tæknin mjög ört."

**SIGRÚN**

- **Fyrirtæki hennar, sem gefur diskinn út, heitir Eyelove og er heimasíða þess á slóðinni eyeloveco.com. Þar má sjá brot úr verkunum og lista yfir útsölustaði.**
- **Tók þátt í SEQUENCES-listahátíðinni fyrr á árinu og gerði svokallað hreyfanlegt graffiti-verk í samstarfi við kærastann sinn sem er graffiti-listamaður.**
- **Hefur meðal annars gert vídeó-sviðsmynd fyrir hljómsveitina Gus Gus.**







# Hagnýt og nýstárleg dagatalsbók

Í byrjun hverrar viku og mánaðar á kona orðið í þessari myndskreyttu dagatalsbók. Hugleiðingarnar eru frá konum héðan og þaðan í þjóðfélaginu.

*Hluti af ágóða bókarinnar rennur til rannsókna á þunglyndi kvenna á Íslandi.*

„Sjálfstraustið býr í brjósti okkar, ekki í brjóstunum á okkur.“
Guðrún Helgadóttir, rithöfundur

**Konur, þetta er bókin okkar!**




„Það er bara eitt enn sem við þurfum að gera áður en við slökum á – og það er að bjarga heiminum!“
Andrea Ólafsdóttir, nemi og Íslandsvinur

Salka www.Salka.is

Salka/GBÓ




**RÉTTU HANDTÖKIN**
**RÉTTU GRÆJURNAR**
**RÉTTA STEMMNINGIN!**

***Frábær matreiðslubók með gleði og einfaldleika í fyrirrúmi.***



- Ljúffengar sælkerauppskriftir
- Kjöt, fiskur, pasta, grænmeti
- Forréttir, aðalréttir, eftirréttir
- Listin að velja, skera og skreyta

**ATH.: Ef bókin hefur ekki haft tilætluð áhrif á bætta eldamennsku karlmannsins innan þriggja mánaða – má skila honum til forlagsins.**

# LÍFSSTÍLLFERÐIR

ferdir@24stundir.is

**Það ríkir meiri ró yfir öllu úti. Búðir eru ekki opnar eins lengi og fólk er búið að öllu fyrr. Það gefst nægur tími til að lesa jólabækurnar og spila.**

## Ísland vekur áhuga Indverja



Samkvæmt úttekt indverska blaðsins The Economic Times er Ísland fimmti áhugaverðasti áfangastaðurinn í heiminum að mati þarlendra ferðamanna. Blaðið, sem er annað stærsta viðskiptadagblað í heimi, tekur fram að Ísland sé óvænt á þessum lista, en aðeins Bandaríkin, Sviss, Austurríki og Þýskaland eru eftirsóknarverðari áfangastaðir í augum indverskra ferðamanna. Ferðamannaiðnaðurinn á Indlandi vex gríðarlega ört og þá fjölgar þeim sérstaklega sem fara út fyrir landsteinana.

**Duglegir að eyða**

Það gefur augaleið að þeir Indverjar sem ferðast hingað til lands eru flestir loðnir um lófana enda er afar kostnaðarsamt að fara hingað í frí. Á ferðum sínum um heiminn eyðir hver Indverji að meðaltali tíu til sautján þúsund krónum á dag.

Ferðaskrifstofur beina því sjónum sínum í auknum mæli að Indverjum og keppast við að selja þeim ferðir á áfangastaði sína. Aðalástæðan fyrir auknum ferðalögum Indverja er að sögn The Economic Times hækkun ráðstöfunartekna landsmanna. Rúmlega 8 milljónir indverskra ferðamanna lögðu upp í ferðalög árið 2006 þannig að það er eftir miklu að slægjast, og ljóst er að íslenskar ferðaskrifstofur hugsa sér gott til glóðarinnar þegar kemur að þessum stóra markaði.

hh

Casa Firma
Fasteigna- firma- & atvinnutækjasala. Guðmundur Þórðarson hdl., löggildur fasteignasali
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi. Veffang: firmus.is. Sími : 517 2600; fax : 517 2604
SÖLUÞÓKNUN 1,4 %
Vantar flestar tegundir eigna á söluskrá. Halldór Svavarsson í síma 897 3196 eða halldor@firmus.is

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar
• Auðvelda þér að standa upp
• Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval
Verð frá 98.000 krónum
www.eirberg.is · 569 3100 · Stórhöfða 25

Sækja í friðsæl jól í Ósló þar sem börnin fá að njóta sín

# Í Trivial með börnunum á jólunum

**Íslendingar eiga það til að gleyma sér í stressi og verslunarferðum á síðustu stundu yfir hátíðarnar. Helga Sverrisdóttir og Bjarni Ármannsson ætla að njóta jólanna í friði og ró í Ósló þar sem börnin verða í aðalhlutverki.**

Eftir Hauk Harðarson
haukurh@24stundir.is

„Við förum út til að njóta samverunnar með börnunum okkar og njóta þess að vera hvert með öðru," segir Helga Sverrisdóttir en hún og eiginmaður hennar, Bjarni Ármannsson, ætla að fara með börnin sín fjögur til Óslóar og dvelja þar yfir jólin. Þau eru nú í óðaönn að klára allt sem þarf að gera áður en haldið er út, en þar ætla þau að slappa af og njóta jólanna.

**Jólamaturinn valinn úti í búð**

„Það ríkir meiri ró yfir öllu úti. Búðir eru ekki opnar eins lengi og fólk er búið að öllu fyrr. Það gefst nægur tími til að lesa jólabækurnar og spila. Trivial Pursuit og Party og co. eru ofarlega á vinsældalistanum hjá krökkunum," segir Helga sem var að leggja lokahönd á jólakortaskrif ásamt Bjarna þegar viðtalið var tekið. Einfaldleikinn ræður ríkjum í jólahaldinu hjá Helgu og Bjarna en til marks um það ákveða þau hvað verður í jólamatinn úti í búð og fá börnin miklu ráðið um hvað verður á borðum á aðfangadagskvöld.

**Sækja í rólegheit**

„Íbúðin sem við verðum í er í skemmtilegu hverfi þar sem er gaman að rölta um og útrétta síðustu hlutina fyrir jólin. Við kaupum til dæmis jólatré hjá blómasalanum á horninu." Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fjölskyldan dvelur erlendis yfir jólin því fyrir tveimur árum voru þau í Kaupmannahöfn.



**Fjölskyldan** ætlar að hafa það náðugt í Ósló.

**STÓRFJÖLSKYLDA**

- **Helga og Bjarni eiga 4 börn. Þau eru Tómas, 13 ára, tvíburarnir Benedikt og Helga Guðrún, 9 ára, og Auður, 4 ára.**
- **Fjölskyldan hefur áður dvalið erlendis yfir jólin, þá í Kaupmannahöfn.**

„Það var mjög gaman og friðsælt. Til marks um rólegheitin fórum við fjölskyldan á skautasvell á Kóngsins nýja torgi á Þorláksmessu og í gönguferð klukkan fjögur á aðfangadag. Heima er ég yfirleitt á barmi taugaáfalls á þeim tíma."

**Meiri tími með börnunum**

En hvernig skildi krökkunum lítast á að fara út yfir jólin? „Þau eru mjög spennt og hlakka mikið til. Þau vita sem er að þarna úti gefst tími til að gera hluti sem ekki væri hægt að gera heima með foreldrunum." Fjölskyldan kemur heim fyrir gamlárskvöld og segir Helga að allir vilji vera á Íslandi um áramótin. „Bjarni verður að fá að hlaupa í gamlársdagshlaupi ÍR og það toppar enginn okkur Íslendinga á gamlárskvöld. Þá skal vera handagangur í öskjunni," segir Helga að lokum.

Gefðu góða Gjöf
GEFÐU GJAFABRÉF Í HARÐVIÐARVAL
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík
Sími 567 1010

www.ford.is

Nýtt tákn um gæði




**Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900***

**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.**

**Ford Ka**
**1,3 lítra bensín**
**5 gíra beinskiptur**
**70 hö 106 Nm**
**$CO_2$ losun 141 g/km**
**Eyðsla í blönduðum akstri 5,9 l/100 km**

# Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)

taktu ka



**Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).**
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.**

Jólatilboð Brimborgar

Kauptu jólagjöfina í Brimborg

Jólasveinatilboð ársins. Gæða vetrardekk undir bílinn og sumardekkin í skottið.
Verðmæti 45.000 íslenskar jólakrónur.

*Talaðu endilega við söluráðgjafa Brimborgar í dag – þeir eru í voða góðu jólaskapi.*

Ka er visthæfur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor heldurðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# LÍFSSTÍLLMENNTUN

menntun@24stundir.is

**Nú gerir fólk meiri kröfur til þess að þarna sé unnið faglega með börnin og ánægja með leikskólana er mjög mikil í landinu.**



## Jólafrí hefjast senn í skólum

**Jólafrí eru framundan í skólum landsins og jafnt kennarar sem nemendur farnir að hlakka til. Forráðamönnum yngstu nemendanna er ráðlagt að skrifa hjá sér hvenær börnin eiga að mæta í skóla aftur á nýári. Þó að flest börn séu með það á hreinu hvenær fríið hefst vefst gjarnan fyrir þeim hvenær alvara lífsins tekur aftur við. Fullorðnir gleyma því einnig þegar vanafesta hversdagsins fer úr skorðum. Jólafrí hefst í nær öllum grunnskólum Reykjavíkur hinn 21. desember og stendur til 3. janúar samkvæmt skóladagatali menntasviðs.**



## Frumvörp um menntastefnu

**Á vefsíðunni nymenntastefna.is er hægt að nálgast helstu upplýsingar um fjögur ný frumvörp til laga sem menntamálaráðherra hefur lagt fram. Þar er meðal annars að finna svör við algengum spurningum auk þess sem fólki gefst kostur á að senda sjálft inn spurningar.**
**Um er að ræða frumvarp um leikskóla, um grunnskóla, um framhaldsskóla og frumvarp um menntun og ráðningar kennara.**

Bergur Felixson hefur ritað sögu leikskóla Reykjavíkur 1975-2005

# Mannekla ekki nýr vandi

**Leikskólar Reykjavíkur voru illa í stakk búnir til að mæta aukinni eftirspurn eftir plássum upp úr miðjum áttunda áratugnum. Margt hefur áunnist á þessum tíma þó að mannekla sé viðvarandi vandi.**

**Eftir Einar Jónsson**
einarj@24stundir.is



**Margt hefur batnað** Margt hefur breyst til hins betra í starfi Leikskóla Reykjavíkur á undanförnum þremur áratugum þó að sum vandamál séu viðvarandi.

Bergur Felixson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur, hefur ritað sögu leikskóla borgarinnar á árunum 1975-2005. Miklar þjóðfélagsbreytingar áttu sér stað á þessum tíma í kjölfar þess að konur fóru í auknum mæli út á vinnumarkaðinn. Þær breytingar höfðu áhrif á starf leikskólanna enda þurfti einhver að gæta barnanna á meðan foreldrarnir voru í námi eða vinnu.

### Vorum illa í stakk búin

„Við vorum mjög illa í stakk búin að taka á móti þeirri breytingu á sínum tíma því að bæði vantaði fagfólk og starfsfólk – sem vantar reyndar enn – og svo vorum við aðeins með hálfsdagsleikskóla. Þetta er tími sem nútímafólk þekkir ekki þó að manni finnist kannski ekki langt síðan,“ segir Bergur.

„Menn urðu að redda hinum helmingnum af deginum með einhverjum ráðum af því að fólk var í námi eða komið í starf. Þá leitaði fólk kannski til dagmæðra eða mömmu og pabba og þaut á bílum um bæinn. Af þessu skapaðist streita og mikil óánægja meðal ungs fólks sem þurfti að standa í þessu. Það hefur samt tekist ótrúlega vel að koma til móts við þetta þó að enn stöndum við frammi fyrir starfsmannaskorti,“ segir Bergur.

### LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK

- **Áður en borgin tók við rekstri leikskólanna voru þeir reknir af Sumargjöf.**
- **Fjöldi heilsdagspláss í leikskólum Reykjavíkur hefur fimmfaldast frá því Bergur hóf störf hjá leikskólunum.**
- **Tæplega 1.700 manns unnu hjá Leikskólum Reykjavíkur á síðasta ári.**

### Fólk gerir meiri kröfur

Viðhorf almennings til leikskóla og þess starfs sem þar er unnið hefur einnig breyst mikið á þessum þrjátíu árum að mati Bergs. „Fólk leit á leikskólana eins og hvern annan stað en nú gerir fólk meiri kröfur til þess að þarna sé unnið faglega með börnin og ánægja með leikskólana er mjög mikil í landinu,“ segir Bergur og bætir við að skoðanakannanir hafi sýnt þetta. „Við byrjuðum á því að gera skoðanakannanir en þá var eiginlega nýtt í stjórnsýslunni að menn væru spurðir um hvernig þeim líkaði við opinbera þjónustu. Ánægja fólks jókst sem og álit á því hvort þarna væri unnið faglegt starf þannig að við sáum að leikskólarnir voru á réttri leið,“ segir hann.

Ný lög um leikskóla voru sett árið 1991 og 1994 og segir Bergur að þau hafi breytt miklu. „Með þeim voru gerðar faglegar kröfur til leikskólanna og að fram færi reglubundið mat á starfinu og annað slíkt,“ segir hann.

Bergur vann að leikskólamálum í borginni í þrjá áratugi og segist hann geta litið glaður um öxl. Hann vill þó ekki eigna sjálfum sér allan heiðurinn af því sem vel var gert. „Stéttin var óskaplega dugmikil og meðvituð og þurfti að sanna sig. Ég held að það hafi fyrst og fremst verið hún sem vann mest að þessu. Konurnar tóku mjög virkan þátt í lagagerð og unnu að því að bæta starfið og gera meiri kröfur til þess,“ segir hann.

Bergur hefur unnið að ritun bókarinnar frá því að hann hætti sem framkvæmdastjóri Leikskólanna árið 2005. „Mér fannst þetta svolítið erfitt til að byrja með en gaman eftir að ég var kominn út í það. Og sérstaklega þegar ég var búinn,“ segir Bergur Felixson að lokum.




**Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma**

## Jólaþjónusta starfsfólks

### Jól í görðunum

Á jólum kemur fjöldi fólks í Fossvogskirkjugarð, Gufuneskirkjugarð og Hólavallagarð við Suðurgötu til þess að huga að leiðum ástvina sinna. Við munum leitast við að leiðbeina ykkur eftir bestu getu. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum: ***www.gardur.is***

### Þjónustusímar 585 2700 og 585 2770

Aðalskrifstofan í Fossvogi, sími 585 2700 og skrifstofan í Gufunesi, sími 585 2770, eru opnar á Þorláksmessu og aðfangadag frá kl. 9.00 til 15.00. Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhlynningu leiða og afhendum ratkort ef þörf krefur.

### Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00, verða starfsmenn Kirkjugarðanna á vettvangi og taka á móti ykkur og leiðbeina að leiðum.
Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 10:00 til 15:00.
Á aðfangadag frá kl. 09:00 til 15:00 er allur akstur um kirkjugarðinn í Fossvogi óheimill, nema fyrir hreyfihamlaða.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

## Gleðilega jólahátíð

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is




## Hugmyndalisti fyrir jólafríið

**Námsmenn eru að ljúka prófum um þessar mundir og fagna því að vera lausir v ið bækurnar í fáeina daga. 24 stundir tóku saman hugmyndalista fyrir námsmenn sem vita ekki hvað þeir eiga af sér að gera í jólafríinu.**

- **Jólin eru upplagður tími til að njóta samvista við fjölskyldu og vini. Farið í stuttar ferðir saman, borðið góða máltíð eða takið í spil.**
- **Fátt jafnast á við að setjast í hægindastól og sökkva sér ofan í góða bók, sérstaklega ef veðrið er leiðinlegt. Námsbækurnar mega þó bíða betri tíma.**
- **Sjónvarpsgláp er einnig kærkomin skemmtun þegar veður er leiðinlegt í jólafríinu. Ef dagskráin stenst ekki væntingar má alltaf leigja góða spólu.**
- **Sinnið áhugamálunum. Þegar maður er í fullu námi er hætt við að áhugamál þurfi að sitja á hakanum. Á jólum gefst kærkomin stund til að bæta úr því.**




## OG FYRSTA GREIÐSLA Í MARS 2008







Nú getur þú keypt þér alvöru amerískt heilsurúm frá King Koil og fengið að skipta því niður á allt að 12 mánuði VAXTALAUST (Visa/Euro) ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.




**DÆMI UM VERÐ**
King Koil Comfort Solution
Bal Harbor (Queen size 153x203)
**kr. 12.924** í 12 mánuði eða
**kr. 147.657** staðgreitt

### AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises

### Mikið úrval fjölstillanlegra rafstýrðra heilsurúma frá Þýskalandi og USA



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

**rekkjan**
H E I L S U R Ú M

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# LÍFSSTÍLLÍ JÓLASKAPI

lifstill@24stundir.is

**Við byrjum að velta okkur upp úr nýjum hugmyndum á haustin ef ekki fyrr og finna út hvaða straumar eru í gangi fyrir jólin.**














24stundir/Frikki

**Glysgjörn** Sólveig skreytir í öllum regnbogans litum.

## Jólamaturinn þarf ekki að vera hefðbundinn

# Girnileg hnetu-steik í jólamatinn

**Jólamaturinn er í mörgum tilfellum sá sami ár eftir ár og ekki eru allir tilbúnir til þess að breyta. Þeir sem vilja vera frumlegir geta hins vegar prófað að elda framandi villibráð og holla grænmetisrétti.**

Eftir Írisi Ölmu Vilbergsdóttur
iris@24stundir.is

Gestgjafinn er alltaf með puttann á púlsinum þegar matar- og vínmenning er annars vegar. Sólveig Baldursdóttir, ritstjóri blaðsins, er því rétta manneskjan til að mæla með nýjum og spennandi jólaréttum.

„Jólin eru nokkuð hefðbundin á mínu heimili og ganga mikið út á að borða góðan mat, eins og hjá flestum, en þó geri ég ráð fyrir að áherslan á mat sé eðlilega nokkuð mikil hjá mér. Fyrir tveimur árum veiktist ég um jól og þá þurftu aðrir fjölskyldumeðlimir að taka að sér matartilbúninginn. Það urðu ein skemmtilegustu jól sem ég hef upplifað," segir Sólveig en jólin eru undirbúin snemma á Gestgjafanum. „Við byrjum að velta okkur upp úr nýjum hugmyndum á haustin ef ekki fyrr og finna út hvaða straumar eru í gangi fyrir jólin.

**SÓLVEIG BALDURSDÓTTIR**

- **Er ritstjóri Gestgjafans sem gefinn hefur verið út í tæp 26 ár.**
- **Blaðið fjallar um allt frá hversdagsmatargerð til stórra veisluhalda.**
- **Blaðið var stofnað árið 1981 af hjónunum Hilmari B. Jónssyni og Elínu Káradóttur.**
- **Gestgjafinn heldur einnig úti vefsíðunni www.gestgjafinn.is.**

### Villibráð á jólaborðið

Jólin eru í flestum tilfellum í mjög föstum skorðum og ekki mikið svigrúm fyrir breytingar nema nauðsyn beri til. Nú eru til dæmis margir þvingaðir í að finna eitthvað annað en rjúpu í jólamatinn og þá bregðast kaupmenn auðvitað vel við og flytja inn alls konar villibráð, þ.e.a.s. ef fólk vill halda sig við bráðina.

Annars er ég farin að prófa mig áfram með alls konar grænmetismat og komst upp á bragðið með hnetusteik sem ég hef haft í nokkrum matarboðum og öllum líkar vel," segir Sólveg en hægt er að kaupa hnetubuffið frosið í Melabúðinni og þangað fer Sólveg oft til að fá innblástur að nýjum réttum.

„Ég fer einnig mikið í Ostabúðina á Skólavörðustíg og svo fann ég yndislega rómantíska búð á Hverfisgötunni sem heitir Súkkulaði og rósir og Edda Heiðrún Backman rekur. Þar er til dæmis hægt að finna fínar og frumlegar jólagjafir. Annars var ég svo heppin að eiga erindi til Bandaríkjanna fyrir skömmu og þar lauk ég við jólagjafainnkaup sem var hið besta mál og mjög hagkvæmt fyrir mig."

Jólaskreytingarnar eru Sólveigu einnig mikilvægar en hún skreytir yfirleitt með miklum litum. „Sterkir litir eiga vel við um jólin og það vill til að ég er glysgjörn inn við beinið og þykir gott að hafa liti í kringum mig. Ég vil hafa mikið af ljósum í öllum regnbogans litum.

## Klementínurnar boða jólin

# Seljast í tonnatali um jólin

Klementínurnar boða jólin á sama hátt og lóan boðar vorið. Í desember fyllast ávaxtaborðin í stórmörkuðum af þessum gómsætu ávöxtum sem seldir eru í tonnatali í aðdraganda jólanna. Klementínur eru sívinsælar í skólanestið, á borðið í kaffistofunni og sem hollt snakk við sjónvarpið.

Uppruni klementínanna er óljós en sumir halda því fram að þær hafi orðið til fyrir slysni hjá prestinum Clément Rodier sem stundaði garðyrkju á munaðarleysingjahæli sínu.

Aðrir segja að sögu þeirra sé hægt að rekja til Kína og að þær hafi verið til löngu fyrir tíma Cléments.

Klementína er sæt, steinalaus og auðvelt er að flysja hana. Stundum eru klementínurnar þó með steinum en það er aðeins eftir að býflugur hafa mengað þær með fræjum úr öðrum ávöxtum. Snemma á síðasta ári hótuðu bændur í Kaliforníu málsókn á hendur býflugnabændum vegna skemmda sem flugurnar ollu á uppskeru þeirra.



**Girnilegar** klementínur eru gómsætar og safaríkar

Uppskerutími klementína í Kaliforníu er frá því nóvember og fram í janúar og þar eru þær þekktar sem jólaklementínur líkt og á Íslandi.



iittala



marimekko®



iittala

# Fyrir þá sem eiga allt og fyrir þá sem vantar allt

epal



vipp





normann COPENHAGEN



marimekko®

Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

# ÍÞRÓTTIR

ithrottir@24stundir.is

**Aðeins eru sex mánuðir síðan reglum hérlendis var breytt á þann veg að börn niður í sex ára aldur gætu ekið smámótorhjólum. Áður var aldurstakmarkið tólf ár.**

## SKEYTIN INN

Kaká um alla eilífð. Framkvæmdastjóri AC Milan, **Adriano Galliani,** fullvissar stuðningsmenn liðsins um að Brasilíumaðurinn Kaká ætli sér að skrifa undir framlengdan samning við liðið í júní og það alla leið til ársins 2013. Stjórinn fær plús í kladda stuðningsmannanna fyrir vikið en undarlegt má vera að Kaká skuli skrifa undir svo langan samning svo stuttu eftir að hafa viðrað hugmyndir um að spila einhvern daginn á Spáni.



Annars fer milli mála hvort styrkja á lið Milan eftir áramót. Gengið hefur verið brokkgengt og sem fyrr eru stjörnur þess allnokkrar komnar yfir sitt besta. **Galliani** framkvæmdastjóri segir búið að gera ráðstafanir til að kaupa tvo leikmenn en **Silvio Berlusconi,** eigandi liðsins, segir enga þörf á viðbótum enda sé **Ronaldo** að ná sér af meiðslum og andlegum verkjum og annar Brasilíumaður sem miklar vonir eru bundnar við, **Alexandro Pato,** fær loks leikleyfi í janúar. Spurning hvort ekki sé kominn tími á fund hjá strákunum.



Þrátt fyrir tvo heimsklassamarkmenn, sem reyndar þola ekki hvor annan, hefur Valencia fengið á sig fleiri mörk í fyrsta átta heimaleikjum sínum nú en allt síðasta tímabil. **Canizares** og **Hildebrand** hafa fengið tækifæri til skiptis en án árangurs en ekki er langt síðan spænska liðið þótti sýna hvað bestan varnarleik í Evrópu ár eftir ár.



Risaleikur Barcelona og Real Madrid á sunnudaginn verður minni en vonir stóðu til. **Leo Messi** verður ekki með og munar um minna.





**Hundrað prósent einbeiting** Krakkarnir, sem sumir hverjir voru að setjast á hjól í fyrsta skipti, voru einbeittir með afbrigðum.

# Jólahjól

## ■ Aldurstakmark í krakkamótorkrossi var lækkað úr 12 í 6 ár
## ■ Allt að þúsund slík hjól í notkun og eru þau vinsæl í jólapakkann

**Eftir Albert Örn Eyþórsson**
albert@24stundir.is

Það var ekki að sjá að þarna væru byrjendur á ferð, og þaðan af síður að sumir þátttakenda væru aðeins sex ára gamlir.

Þannig var það nú engu að síður í reiðhöll Gusts um helgina þegar tugir barna tóku þátt í fyrsta krakkamótorkrossæfingamóti sem haldið hefur verið hér á landi. Tókst það afar vel í alla staði enda tók enginn þátt án þess að öllum öryggisskilyrðum væri fullnægt. Ekki minnkaði spenningurinn hjá börnunum þegar sérútbúinn jólasveinn með hlífar og hjálm skaut upp kollinum á miðri æfingu.

Æfingamótið var ætlað börnum á aldrinum sex til níu ára og voru engin hjól öflugri en 50cc. Sökum þess að ekið er á lokuðum brautum geta börnin leikið sér á slíkum hjólum takmarkalaust en gerð er krafa um 17 ára aldur og vélhjólapróf fyrir þá sem hug hafa á að aka hjólum af slíkri stærð á götum úti.

Ætlunin er að halda fleiri slík æfingamót fyrir þau yngstu strax á næsta ári enda er áhuginn gríðarlegur og fjölmennt var á mótinu þótt mótorkrosshjól af þessum toga kosti vart undir 200 þúsundum króna.

Ýmsum kann að þykja undarlegt að svo ung börn aki um á mótorhjólum en reglur hérlendis eru þær sömu og víðast erlendis. Börn niður í sex ára aldur mega aka um á slíkum hjólum á þar til gerðum brautum svo lengi sem öllum öryggisreglum er framfylgt og börnin eru í tilskildum hlífðarfatnaði. Er það svo að mestu á ábyrgð foreldra að stilla kraft hjólsins hverju sinni. Aðeins eru sex mánuðir síðan reglum hérlendis var breytt á þá lund að börn niður í sex ára aldur mættu aka slíkum tækjum. Áður var aldurstakmarkið tólf ár.

Tæplega 800 slík smáhjól með vél undir 50cc eru skráð hér á landi.



**Bara gaman** Innibrautin vakti lukku enda auðveld og engin urðu óhöppin



**Allir sáttir** Tæplega 30 börn tóku þátt í æfingamótinu í þetta skipti og fengu þau öll glaðning frá jólasveininum. Myndir 24stundir/G.Rúnar



**Fysta sinn** Aldrei áður hefur braut verið sett upp inni hér á landi.



## Hallelúja

**Takið ofan hattinn og það ekki seinna en nú fyrir Boston Celtics í NBA-deildinni. Margfrægt liðið hefur ekki byrjað leiktíð betur síðan 1963 en liðið hefur aðeins tapað tveimur af 20 leikjum sínum og leiðir NBA í nánast hverjum einasta flokki sem tölfræði er haldin yfir.**
**Meira að segja næsta lið, SA Spurs, er í rykinu langt á eftir með 18 sigurleiki og fimm tapleiki.**



## Jones út

**Alþjóðaólympíunefndin hefur nú formlega eytt öllum gögnum um árangur frjálsíþróttastjörnunnar Marion Jones úr skrám sínum og er hún því persona non grata í heiðurshöll frjálsra íþrótta og Ólympíuleika. Henni er ennfremur meinað að taka þátt í næstu Ólympíuleikum detti henni það í hug, sem er fráleitt.**



## Allt er þegar þrennt er

**Tennisstjarnan fornfræga Chris Evert og golfséníið Greg Norman hafa trúlofað sig á sextugsaldrinum. Bæði hafa reynt hinn gullna giftingarveg tvívegis áður.**

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi




TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

# FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!

# 56%

**landsmanna lesa 24 stundir á degi hverjum***




**17. - 23. okt** **24. - 30. okt** **31.okt - 6. nóv**

Frá því 24 stundir tóku við af Blaðinu sem nýtt, ferskt og skemmtilegt fríblað hefur lestur þess aukist jafnt og þétt. Ný könnun Capacent Gallup sýnir að 56% landsmanna lesa 24 stundir á hverjum degi, og á höfuðborgarsvæðinu lesa 62% fólks 24 stundir að jafnaði hvern útgáfudag. Þessar frábæru viðtökur lesenda eru okkur mikil hvatning og við ætlum okkur enn stærri hluti í framtíðinni. Þið fylgist með!

**- Blað sem kemur þér við**

*Heimild: Könnun Capacent Gallup fyrir 24 stundir, gerð dagana 17.október til 6.nóvember 2007.

# »SMÁAUGLÝSINGAR

SÍMI 510 3737 • SMA@24STUNDIR.IS • OPIÐ 9-17 ALLA VIRKA DAGA **24stundir**




## JÓLASKEMMTANIR




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S: 6926020 / 6926010, gryla@jolasveinarnir.is

## HEILSA

### NUDD

**Nýtt og mikið breytt Svæðanuddkort 2007** Ásamt korti frá Asíu. Sigurður Guðleifsson sími 587-1164 og 895-8972 sigurdurg@simnet.is

## HEIMILIÐ

### HÚSAVIÐHALD

**Parket og smíðar ehf** Parketlagnir/parketslípun. Glerjun/gluggaísetningar. Öll almenn smíðavinna. Uppl í s. 896 9819

## TÓMSTUNDIR

### MATUR




## EINKAMÁL

### EINKAMÁL

46 ára karlmaður, í góðum málum, vill kynnast konu á svipuðum aldri eða yngri, með skemmtun í huga. Augl. hans má heyra í gjaldfrjálsum inngang kvenna að Rauða Torginu Stefnumót, s.555-4321, augl.nr. 8113.

Karlmaður, ríflega fimmtugur, myndarlegur og hress, fjárhagslega sjálfstæður, leitar konu á svipuðum aldri sem ferðafélaga í mánaðarlangt ferðalag sem verður farið í byrjun frebrúar 2008. Auglýsingu hans má heyra í gjaldfrjálsum inngang kvenna að Rauða Torginu Stefnumót, s. 555-4321, augl.nr. 8538.

Stórkostleg upptaka ungrar, dökkhærðar konu. Upptakan hefst í ljúfum leik en svo æsast leikar og lokaspretturinn er hreint magnaður. Þú heyrir upptökuna í Kynl.sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930, upptökunúmer 8386.

**Auglýstu frítt á Rauða Torginu:** Stefnumót, konur: 555-4321 Stefnumót, karlar: 535-9923 Fantasíur, konur: 535-9933 Fantasíur, karlar: 535-9934 Konur spjalla frítt Spjall, konur: 555-4321

**Rauða Torgið - símaskrá** Stefnumót: 905-2000 Stefnumót: 535-9920 Spjall: 904-5454 Spjall: 535-9940 Sögur: 905-2002 Sögur: 535-9930 Fantasíur: 905-5000 Fantasíur: 535-9950 Spjalldömur: 908-6000 Spjalldömur: 535-9999 Frekari uppl. um þessar vönduðu þjónustur má finna á www.raudatorgid.is.

**Rauða Torgið,** www.raudatorgid.is. Símaskránin á netinu ásamt ýtarlegum upplýsingum.

**Rósa símadama** hyggst skemmta sér og viðmælendum sínum upp úr kl. 22:00 í kvöld. Dömurnar á Rauða Torginu, s. 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

**Tvær góðar 908 6666** Við erum hérna tvær góðar og langar að eiga góða stund með þér. Hvenær sólarhringsins sem þú vilt. Lilja og Birta.

## VERSLUN

### ÞJÓNUSTA













## ÞJÓNUSTA







ÍSHLUTIR

Völuteigur 4, 270 Mosfellsbær

Sími: 575 2400 www.ishlutir.com

## TIL SÖLU


NPK Fleygur með platta fyrir JCB240


Rammer B90N City árg 04 án platta


Rammer G80N City árg 03 platti fyrir Komatsu PC360LC-7


Rammer G88 árg 05 platti fyrir Komatsu PC290LC-7


Rammer G90N City árg 04 platti fyrir Hitachi ZX350LC-3


Montabert BRV-43 árg 95 fyrir Komatsu PC300


Rammer G90 city árg 06 platti fyrir Hitachi ZX350LC-3

**Hafið samband við sölumenn okkar í síma 6933222, 6943800 og 6943700**

Hlý jólagjöf



Ullarjakkar
og kápur
í miklu úrvali
Stærðir 34-46
Verð 9990

FLASH
Laugavegi 54
sími 552 5201




Maxwell House
Gott til síðasta dropa

ATVINNUBLAÐIÐ
24stundir
Vallý s.510 3728
Böddi s.510 3726
atvinna@24stundir.is
PANTIÐ GOTT PLÁSS Í TÍMA

# 24LÍFIÐ

24@24stundir.is

Myndin á nokkra góða spretti, en annars er um þunnan þrettánda að ræða og frammistaða Vince Vaughn veldur töluverðum vonbrigðum.

## Frumleg hugmynd illa útfærð

Fred Clause, eða Bróðir jólasveinsins, er enn ein grínjólamyndin úr smiðju Hollywood, en helsta einkenni hennar er að hún fjallar um eldri bróður jólasveinsins, Fred, leikinn af hinum ágæta Vince Vaughn. Fred, sem hefur verið í skugga bróður síns frá barnæsku og gengur ekkert allt of vel að fóta sig í lífinu, fær loks tækifæri til að sýna í hvað honum býr þegar hann fer á norðurpólinn að heimsækja bróður sinn.

Myndin á nokkra góða spretti en annars er um þunnan þrettánda að ræða og frammistaða Vince Vaughns veldur töluverðum vonbrigðum. Paul Giamatti sem jólasveinninn er þó ekki slæm hugmynd, súrrealísk og sniðug í senn. Verst að handritið skuli ekki hafa verið meira í þeim stíl, því efniviðurinn er vissulega fyrir hendi. Hins vegar er myndin allt of klisjuleg, andlaus og einföld til að geta talist góð.

Forvitnilegt hefði verið að nálgast hana með kaldhæðnari raunsæisblæ í stað þeirrar sykurhúðuðu sígildu jólafroðu þar sem pólitískri réttsýni barnalegs boðskapar og ofuráherslu á fjölskylduskemmtun er gert hátt undir höfði. Myndin gerir nokkrar góðar tilraunir til þess að vera óhefðbundin og svöl, en er rög við að fara alla leið. Og hik er sama og tap.

**Fred Claus**



**Bíó:** Sambíóin Kringlunni, Álfabakka, Akureyri, Selfossi og Keflavík

**Leikstjóri:** David Dobkin

**Aðalhlutverk:** Vince Vaughn, Paul Giamatti, Kevin Spacey.

Eftir Trausta Salvar Kristjánsson
traustis@24stundir.is

BÍÓ ★★



Bæði ásatrúarmenn og kristnir eigna sér sólkrossinn

## Heiðið tákn á nýrri Biblíu?

**Sólkrossinn er eldri en bæði ásatrú og kristni, en þó nota hvor tveggja þessi fornu trúarbrögð sama táknið í sinni þjónustu. Óvíst er hvor urðu fyrri til.**

Eftir Trausta Salvar Kristjánsson
traustis@24stundir.is

Á sumum eintökum nýþýddrar Biblíu má finna tákn sem rekja má aftur til bronsaldar, eða um 1800-500 fyrir Krist. Táknið, sem oftast er nefnt sólkrossinn, er einnig þekkt sem kross Óðins úr goðafræðunum, en kristnin hefur einnig tekið táknið upp á sína arma, eins og Karl Sigurbjörnsson, biskup og stjórnarformaður Biblíufélagsins, sem gefur út Biblíuna, bendir á. „Ásatrúarmenn hér og víðar á Norðurlöndum hafa eignað sér þetta tákn. Í kristinni táknfræði táknar kross inni í hring gjarnan alheiminn og fjórar álfur hans og vísar til þess að Kristur er frelsari alls heimsins. Það er þó ævagamalt í kristninni, þekkist frá fyrstu öldum kristninnar við austanvert Miðjarðarhaf og er einkar algengt í keltneskri skreytilist frá 7. öld. Það er því óhætt að fullyrða að þetta sé fornhelgað kristið tákn sem ásatrúarmenn hafa tekið sér í seinni tíð, tákn sem notað hefur verið óslitið í kirkjulist og tilbeiðslu um allan hinn kristna heim hátt í tvö þúsund ár,“ segir Karl en bætir við: „Hver notaði táknið fyrst verður þó seint fullyrt.“ Egill Baldursson, lögsögumaður í Ásatrúarfélaginu, segist ánægður með þá ákvörðun kristinna að nota táknið á Biblíunni. „Þeir hafa hoppað á alla hátíðisdaga heiðninnar hingað til og kannski ætla þeir að hoppa á þennan kross líka! En þeim er velkomið að nota hann okkar vegna, það er bara gaman að því.“



**Þróunin** Sólarkrossinn, Hakakrossinn og Caddokrossinn eru allir svipaðir að gerð.



Sjöl og prjónasmávara, fjölbreytt úrval og verð
Sígildar peysur 8.400
Engar venjulegar peysur 6.900
Handbróderaðar silkitöskur 6.900
Peysur við öll tækifæri 7.200
Ný sending komin af skarttrjám 2.700-5.500
Diza Laugavegi 44 - s. 561 4000 - www.diza.is

Skatan beint á borðið
Engin biðröð
Matseðill:
Blandaðir síldarréttir
Kæst skata, saltiskur og saltfisk réttur
Stóruvalla-hamsatólg
Verð kr 2.950-
Einar Ben
Veitingahúsið Einar Ben Veltusund 1 (við Ingólfstorg)
S: 511 5090 einarben@einarben.is



BT
BESTA VERÐIÐ!
MESTA ÚRVALIÐ!
FLESTAR VERSLANIR!
JÓLIN ERU AÐ KOMA
SONY
Cyber-shot
GIGABYTE
DENVER
PLAYSTATION 3
MEDION
SAMSUNG
Panasonic
acer
TOSHIBA
ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA











**Nýjasta kvikmynd Wills Smiths gerði sér lítið fyrir um síðastliðna helgi og sló met, sem myndin Lord of the Rings: The Return of the King átti áður.**

Kvikmyndin I am Legend er vinsælust vestanhafs

# Mynd Will Smith slær aðsóknarmet

**Kvikmyndin I am Legend sló um síðastliðna helgi fjögurra ára gamalt met er hún átti bestu frumsýningarhelgi desembermánaðar. Will Smith fer með hlutverk manns sem er líklega síðasti maðurinn á jörðinni, að utanskildum skrímslunum.**

**Eftir Viggó I. Jónasson**
viggo@24stundir.is

Nýjasta kvikmynd Will Smith gerði sér lítið fyrir um síðastliðna helgi og sló met sem myndin Lord of the Rings: The Return of the King átti áður, þegar hún átti bestu frumsýningarhelgi desembermánaðar.

Þegar Return of the King var frumsýnd árið 2003 halaði hún inn 72,6 milljónir dollara fyrstu helgina. Nú hefur I am Legend bætt um betur en hagnaður af henni yfir frumsýningarhelgina var 76,5 milljónir dollara, eða ríflega 4,8 milljarðar íslenskra króna.

Þótt þessi árangur sé býsna góður nær myndin þó ekki nema 16. sæti á listanum yfir bestu frumsýningarhelgar allra tíma.

### Palli var einn í heiminum

Það er óhætt að fullyrða að umfjöllunarefni I am Legend sé ekki í takt við hinn hefðbundna jólaanda. Myndin segir frá manni að nafni Robert Neville sem er, að öllum líkindum, síðasti maðurinn á jörðinni eftir að skelfilegur vírus, sem er manngerður og átti að vera lækning við krabbameini, hefur gengið yfir heimsbyggðina og fellt um 90 prósent mannkyns.



**Brenndur maður forðast skrímslin** Þegar þú ert umkringdur milljónum skrímsla er öruggara að vera vel varinn.

**I AM LEGEND**

- **Fyrsta myndin sem byggð var á sögunni var The Last Man on Earth árið 1964 og skartaði hún Vincent Price í aðalhlutverki.**
- **The Omega Man var svo gerð árið 1971 og þá var ekki ómerkari maður en Charlton Heston í aðalhlutverkinu.**

Þeir sem smitast af þessum vírus deyja þó ekki heldur breytast í einhvern óskapnað sem nærist á þeim sem veiktust ekki af vírusnum. Í myndinni er fjallað um lífsbaráttu Neville á götum New York-borgar sem er svipur hjá sjón eftir að öll siðmenning hefur farið til fjandans.

### Vinsæl saga

Kvikmyndin I am Legend er byggð á samnefndri vísindaskáldsögu eftir rithöfundinn Richard Matheson frá árinu 1954.

Saga hans hefur þrívegis verið kvikmynduð en söguþráður hinnar nýju myndar á lítið sameiginlegt með hinni upprunalegu bók þar sem bæði endi sögunnar og lykilatriðum hennar hefur verið breytt mjög mikið. Myndin hefur fengið misjafna dóma gagnrýnenda en hún verður frumsýnd á Íslandi 26. desember.

## Serkis leikur í Tinnamyndum

**Peter Jackson ætlar að sjá til þess að leikarinn Andy Serkis hafi nóg að gera en hinn knái leikstjóri hefur nú opinberað að Serkis komi til með að leika í hinum þremur væntanlegu Tinnamyndum sem Jackson er að undirbúa ásamt Steven Spielberg. Jackson hefur fullyrt að Serkis komi ekki til greina sem hinn ævintýragjarni Tinni en margir standa í þeirri trú að Serkis sé ætlað að fara með hlutverk Kolbeins kafteins, hins bölvandi og sídrekkandi félaga Tinna. Jackson er ekki að vera ókunnur verkum Serkis því hann hefur tvívegis leikið í myndum Jacksons, fyrst lék hann Gollum í Hringadróttinssögu og svo ofvöxnu górilluna Kong í stórmyndinni King Kong.** vij





## Hikstandi í háloftum

Sú var tíðin að Medal of Honor-leikirnir voru hápunkturinn á hverju ári skotleikjaunnandans. Nú hefur gæðastimpill seríunnar horfið sömu leið og diskótónlistin og fótanuddtækin. Medal of Honor Airborne reynir að blása lífi í leikjaröðina með því að láta hvert borð hefjast á því að leikmaðurinn stekkur út úr flugvél og notar síðan fallhlíf til að stýra falli sínu til jarðar.

Í Medal of Honor Airborne fer leikmaðurinn í fótspor Boyd Travers, fallhlífahermanns sem hefur fengið það sígilda verkefni að frelsa Evrópu undan ofríki og illsku nasistanna. Grafík leiksins er vel fyrir neðan það sem maður myndi kalla viðunandi og ofan á það bætist síðan þó nokkuð hikst í spilun leiksins þegar hasarinn hefst fyrir alvöru. Því er það hægara sagt en gert að þurrka út hersveitir nasista ef maður sér ekkert hvert eða hvað maður er að skjóta.

**MEDAL OF HONOUR AIRBORNE**
PS3
16+



| | |
|---|---|
| SPILUN: | 56% |
| ENDING: | 68% |
| GRAFÍK: | 59% |
| HLJÓÐ: | 86% |

**Viggó Ingimar Jónasson** viggo@24stundir.is

**=67%**

Stjórnkerfi leiksins er vægast sagt óþægilegt, þó venst það með tímanum en verður aldrei það gott að gott flæði komi á leikinn. Það er vissulega hægt að kreista nokkra dropa af skemmtun út úr leiknum en þeir eru fáir og alltof dýru verði keyptir.

# JÓLAGJÖFIN
## FÆST Í SPORTLANDI




Mikið úrval af líkamsræktarfatnaði frá Better Bodies


4.490.-
Umbro Sugar Hettupeysa


5.990.-
Umbro barna úlpa



3.990.-
Umbro Espen Hettupeysa


6.990.-
Umbro Abbie Lined suit


2.990.-
Flíssett - Buxur og peysa. Frábær undirfatnaður
XS-XL kr. 3.990 kr. 128-164. kr. 2.990


Mikið úrval af handboltaskóm og boltum frá KEMPA


Vinsælustu markmannsvörurnar frá UHLSPORT


2.790.-
Frábært sett ótrúlegt verð, stuttb. og bolur. Stærðir 128-140-152-164-S-M.
4 litir: svart, hvítt, silfur og gull.


5.990.-
Landsliðstreyjan frá Kempa



Topphlaupaskór og hlaupafatnaður frá Mizuno

**FÓTBOLTAR HANDBOLTAR OG KÖRFUBOLTAR**
**VERÐ FRÁ KR. 500**

SPORTLAND
www.sportland.is

Mizuno Umbro Kempa

Ármúli 17 / Sími 581 1212 / mán-fös 11-18 / lau 11-14

Better Bodies uhlsport GASP

**107.000 eintök á dag - ókeypis**

**Auglýsingasíminn er 510 3744**



- kemur þér við

# 24ÚTI Á LÍFINU

24@24stundir.is

**Þetta er í 5. skipti sem ég syng með Frostrósunum og hef ofsalega gaman af því enda að syngja með bestu söngkonum landsins.**

# Jólagleði True North og Vesturports

Víða um bæ er jólagleði og jólaglögg þegar líða tekur að hátíð ljóss og friðar. Á Skólabrú slógu Vesturport og True North upp árlegri veislu. „Þetta var allt saman mjög flott," segir Magnús Jónsson leikari, en hann var einn gesta, og bætir við að skemmtiatriðin hafi verið söguleg. „Skafti Ólafsson söng jólalög við harmónikuleik Ingvars E. Sigurðssonar en ég held að þeir hafi aldrei spilað saman áður," segir hann. Magnús mætti ásamt fríðu förnuneyti á Skólabrú eftir jólaskemmtun í Borgarleikhúsinu. „Jú, það má segja að fólk hafi komið ansi hresst á staðinn," segir Magnús en hann er við stífar æfingar þessa dagana á Jesus Christ Superstar. „Ég fer með hlutverk Kaífasar æðstaprests og við frumsýnum 28. desember." segir leikarinn spurður um verkið. bjorg@24stundir.is



24stundir/G.Rúnar

**Stóðu þétt saman á jólahlaðborðinu** Lára Sveinsdóttir og Magnús Jónsson umvafin jólabirtu- og fögru skrauti.



**Skemmtu sér í jólagleðinni** Katrín Guðmundsdóttir og Helga Margrét Reykdal, framkvæmdarstjóri True North.



**Skál í boðinu** Þríeykið Sigrún Sól Ólafsdóttir, Yesmine Olsson og Arngrímur Fannar Haraldsson létu sjá sig á Skólabrúnni.



**Í góðu yfirlæti** Greipur Gíslason kom sér vel fyrir á milli þeirra Pálínu Bjarkar Matthíasdóttur og Unnar Hjálmarsdóttur.

# Frostrósir í hátíðarbúningi

**Þrátt fyrir vonskuveður var Laugardalshöll pakkfull af aðdáendum Frostrósa. Margrét Eir er ein þeirra en hún lét tónana flæða ásamt valinkunnu hæfileikafólki. „Við héldum 11 tónleika af þessari gerð, bæði á landsbyggðinni og í Reykjavík," segir Margrét Eir. „Þetta er í fimmta skipti sem ég syng með Frostrósum og hef ofsalega gaman af því, enda er ég að syngja með bestu söngkonum landsins."** bm



**Prúðbúin á aðventutónleikum** Ragnar Gunnlaugsson og Sigríður Hrefna Magnúsdóttir voru hýr á brá og brún.



**Rómantíkin sveif yfir vötnum** Þau Áslaug Karlsdóttir og Birkir Árnason skelltu sér á Frostrósirnar í skemmdeginu.



**Kappklæddar systur** Vaka og Birgitta Róbertsdætur gerðu sér dagamun.



**Öll hersingin á sviðinu** Dívur og tenórar þenja raddböndin.

LEÐUR BLAÐAGRINDURNAR KOMNAR AFTUR

SVARTAR OG HVÍTAR



Lene Bjerre

Feim-Lene Bjerre
Bæjarlind 6
www.feim.is

**Opnunartímar**

Mánudag - föstudags 10 - 19
22.des. Laugardagur 10 - 18
23.des. Þorláksmessa 10 - 22
24.des. Aðfangadagur 10 - 12
27.des. Fimmtudagur lokað

Glæsilegt úrval af náttfötum í jólapakkann.



iðunn tískuverslun
Laugavegi 51, s. 561 1680
Kringlunni, s. 588 1680



Fylltur og flottur í CD skálum á kr. 2.350,- buxur í stíl á kr. 1.250,-



Mjög vel fylltur, stækkar þig um skálastærð, fæst í BC skálum á kr. 2.350, buxur í stíl á kr. 1.250,-



Mjúkur, saumlaus í BCD skál á. kr.2.350, buxur í stíl á kr. 1.250,-

Misty, Laugavegi 178,
Sími 551 3366
Góð þjónusta – fagleg ráðgjöf
www.misty.is

# Langar þig í alvöru leikfang?

EOS 400d myndavélin skilar þér hámarks gæðum en krefst lágmarks kunnáttu. Leiktu þér að ljósmyndun.

**FRÍTT**
200 fríar stafrænar framkallanir og kennsla fylgja í kaupbæti!




| **Tilboð** - Canon 400d | 10.1 megapixla myndflaga / Taktu þrjá ramma á sekúndu / Létt, nett og sterkt hús | **Verð 4.862 kr. á mánuði*** Staðgreiðsluverð 89.990 kr. |
|---|---|---|

| INTERFIT heimastúdíó | CANON Speedlite FLASS 430EX | HAMA þrífætur | LOWEPROE töskur |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| 2 flasshausar, 2 þrífætur, 1 "Softbox", 1 regnhlíf. | Sniðið fyrir aðdráttar- og endurkasts flass myndatöku. | Léttir og meðfærilegir, innbyggt hallamál. | Vandaðar töskur fyrir allar aðstæður. |
| **Verð: 39.990 kr.** | **Verð 34. 900 kr.** | **Verð frá 6.990 kr.** | **Verð frá 7.390 kr.** |

* Meðalverð á mánuði m.v. 24 mánaða greiðslukortasamning. nóv. 2007.

**www.hanspetersen.is**

» Laugavegur 178, 105 Reykjavík, Sími 412 1840
» Bankastræti 4, 101 Reykjavík, Sími 412 1810
» Kringlan, 103 Reykjavík, Sími 412 1830
» Smáralind, 201 Kópavogur, Sími 412 1870
» Fjörður, 220 Hafnarfjörður, Sími 412 1820

**HANS PETERSEN**
*Engu gleymt í 100 ár*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# DAGSKRÁ

Hvað veistu um Kevin Costner?

1. Í hvaða mynd lék hann með Sean Connery og Robert De Niro?
2. Hvaða íþrótt kemur iðulega fyrir í myndum hans?
3. Fyrir hvaða mynd hlaut hann tvenn Óskarsverðlaun?



Svör
1. The Untouchables
2. Hafnabolti
3. Dances With Wolves

**RÁS 1** 92,4 / 93,5 • **RÁS 2** 90,1 / 99,9 • **REYKJAVÍK FM** 101,5 • **BYLGJAN** 98,9 **FM** 95,7 • **XIÐ** 97,7 • **ÚTVARP SAGA** 99,4 • **LÉTTBYLGJAN** 96,7 • **GULLBYLGJAN** 90,9 • **RONDÓ** 87,7

## HVAÐ SEGJA STJÖRNURNAR?

**Hrútur**
(21. mars - 19. apríl)
Þér gengur allt í haginn en þú vilt ennþá meira. Leyfðu metnaðargirninni að stjórna för.

**Naut**
(20. apríl - 20. maí)
Þú getur ekki keypt þér leið úr þessum aðstæðum. Haltu fast í peningana og hugsaðu þinn gang.

**Tvíburar**
(221. maí - 21. júní)
Þú þekkir marga sem geta rétt þér hjálparhönd ef á þarf að halda. Það er gott að vita.

**Krabbi**
(22. júní - 22. júlí)
Þér líður eins og þú sért upp á kant við ákveðinn einstakling en það er ímyndun ein. Þetta eru flókin samskipti.

**Ljón**
(23. júlí - 22. ágúst)
Einstaka sinnum gefast tækifæri sem eru skemmtileg ásamt því að vera fræðandi. Gangi þér vel.

**Meyja**
(23. ágúst - 22. september)
Þér finnst sem þú hafir öðlast nýjan tilgang og góða skapið helst út daginn. Ekki hafa áhyggjur af framtíðinni.

**Vog**
(23. september - 23. október)
Þú átt auðvelt með að heilla hvern sem er, sérstaklega í dag. Nýttu það þér í hag.

**Sporðdreki**
(24. október - 21. nóvember)
Þú finnur fyrir þörf til að ögra sjálfri/sjálfum þér í dag. Byrjaðu á einhverju nýju, einhverju sem þú hefur lengi hræðst en mun koma þér vel.

**Bogmaður**
(22. nóvember - 21. desember)
Það hafa allir gott af því að setja sig í spor barna einstaka sinnum, því börn flækja ekki málin – annað en fullorðnir.

**Steingeit**
(22. desember - 19. janúar)
Þú ert eilítið pirraðri en venjulega og lítið við því að gera annað en að bíða eftir að það fjari út.

**Vatnsberi**
(20. janúar - 18. febrúar)
Þú ert önnum kafin/n og hefur um margt að hugsa en átt samt erfitt með að einbeita þér.

**Fiskar**
(19. febrúar - 20. mars)
Það er erfitt að líta á heildarmyndina en samt sem áður ættir þú að geta náð einhverjum árangri.

# Fréttir í geimskipi

Fréttastofa Stöðvar 2 montaði sig um daginn af því að þar yrði tekið í notkun fyrsta þrívíddarmyndver landsins. Stoltir og hrærðir sögðu fréttamenn stöðvarinnar frá byltingunni sem því fylgdi, en myndverið átti að vera það flottasta sinnar tegundar í heiminum.

Skiljanlega var ég gríðarlega spenntur fyrir breytingunum og beið með öndina í hálsinum eftir fréttum í þrívídd. Ég hafði reyndar ekki gert mér grein fyrir því að ég hafði horft á fréttir í tvívídd heillengi, en ég velti mér ekki upp úr því og setti popp í örbylgjuna, kældi bjór og taldi niður í fyrsta fréttatímann í þrívídd.

Loks var komið að því. Klukkan var hálfsjö og fréttirnar hófust. Það sem blasti við mér var hálfsúrrealísk sýn. Logi Bergmann sat í einhvers



konar geimskipsumhverfi sem var eins og klippt út úr þáttunum Babylon 5 eða jafnvel Star Wars. Í glugganum sást jörðin í fjarlægð og ég gerði mér grein fyrir því að ég hafði ekki hugmynd um hvað þrívídd er í raun og veru.



**Atli Fannar Bjarkason**
Skrifar um geimskipið sem þrívíddarmyndver Stöðvar 2 er.
FJÖLMIÐLAR atli@24stundir.is

Vonbrigðin leyndu sér ekki og ég tók niður þrívíddargleraugun. Ég hélt að fréttastofan myndi birtast ljóslifandi inni í stofu hjá mér í því sem ég hélt að væri þrívídd, en í staðinn hefur fréttastofa Stöðvar 2 sett á svið vísindaskáldsögu með Loga Skywalker og Eddu prinsessu í aðalhlutverkum.

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 ▶Sportið** (e)
**16.35 ▶Leiðarljós**
**17.20 ▶Táknmálsfréttir**
**17.30 ▶Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.50 ▶Geirharður bojng bojng**
**18.15 ▶Nigella og jólamaturinn**
**18.45 ▶Jóladagatal Sjónvarpsins – Jól á leið til jarðar** (e)
**19.00 ▶Fréttir**
**19.30 ▶Veður**
**19.35 ▶Kastljós**
**20.10 ▶Mæðgurnar** *(Gilmore Girls VI)*
**21.00 ▶Úr dagbók slökkviliðsins** Mynd í léttum dúr um brunavarnir heimilanna.
**21.15 ▶Danska keisaraynjan** *(Dagmar zarina fra Danmark)* Dönsk heimildamynd um Dagmar Danaprinsessu, dóttur Kristjáns IX og Lovísu drottningar, sem fæddist árið 1847 og dó 1928. Dagmar giftist stórfurstanum Alexander, varð keisaraynja í Rússlandi og tók sér nafnið Maria Fjodorovna.
**22.00 ▶Tíufréttir**
**22.25 ▶Lögmál Murphys** *(Murphy's Law IV)* Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Meðal leikenda eru *James Nesbitt, Claudia Harrison* og *Del Synnott.* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.** (2:6)
**23.20 ▶Glæpurinn** *(Forbrydelsen)* (e)
**00.20 ▶Kastljós** (e)
**01.10 ▶Dagskrárlok**

## STÖÐ TVÖ

**07.00 ▶Stubbarnir**
**07.25 ▶Jesús og Jósefína** (18:24)
**07.45 ▶Kalli kanína og fél.**
**08.10 ▶Oprah**
**08.55 ▶Í fínu formi**
**09.10 ▶Glæstar vonir**
**09.30 ▶Á vængjum ástarinnar** *(Wings of Love)*
**10.15 ▶Fyrst og fremst** (14:18)
**11.15 ▶Veggfóður** (15:20)
**12.00 ▶Hádegisfréttir**
**12.45 ▶Neighbours**
**13.10 ▶Glansgatan**
**14.30 ▶Nábúar**
**15.20 ▶Sjáðu**
**15.55 ▶Shin Chan**
**16.15 ▶Ginger segir frá**
**16.38 ▶Skjaldbökurnar**
**17.03 ▶Jesús og Jósefína** (18:24)
**17.28 ▶Glæstar vonir**
**17.53 ▶Neighbours**
**18.18 ▶Ísland í dag og veður**
**18.30 ▶Fréttir**
**18.50 ▶Ísland í dag**
**19.25 ▶Simpsons**
**19.50 ▶Næturvaktin** (6:13)
**20.20 ▶Kapphlaupið mikla** (5:13)
**21.10 ▶NCIS** (16:24)
**21.55 ▶Kompás**
**22.30 ▶60 mínútur**
**23.15 ▶Fangelsisflótti** *(Prison Break)* (6:22)
**24.00 ▶The Closer** (3:15)
**00.45 ▶Miðillinn** (14:22)
**01.30 ▶Ókunnugir** *(Intimate Strangers)* Athyglisverð frönsk kvikmynd um konu sem tekur ranga beygju á leiðinni til sálfræðings og endar í trúnaðarsambandi með ókunnugum manni.
**03.15 ▶Glansgatan**
**04.40 ▶NCIS** (16:24)
**05.25 ▶Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 ▶Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁR EINN

**07.30 ▶Dýravinir** (e)
**08.00 ▶Dr. Phil** (e)
**08.45 ▶Vörutorg**
**15.55 ▶Vörutorg**
**16.55 ▶How to Look Good Naked** (e)
**17.45 ▶Dr. Phil**
**18.30 ▶The Drew Carey Show** (e)
**19.00 ▶Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**20.00 ▶According to Jim**
**20.30 ▶Allt í drasli** (12:13)
**21.00 ▶Innlit / útlit - Lokaþáttur**
**22.00 ▶State of Mind** . (7:8)
**22.50 ▶The Drew Carey Show**
**23.15 ▶C.S.I: New York** (e)
**00.15 ▶Charmed** (e)
**01.10 ▶Nátthrafnar**
**01.11 ▶C.S.I: Miami**
**02.00 ▶Ripley's Believe it or not!**
**02.45 ▶Trailer Park Boys**
**03.10 ▶Vörutorg**
**04.10 ▶Óstöðvandi tónlist**

## SIRKUS

**15.25 ▶Þristurinn**
**16.00 ▶Hollyoaks**
**17.00 ▶The George Lopez Show**
**17.30 ▶Johnny Zero**
**18.15 ▶Ren & Stimpy**
**19.00 ▶Hollyoaks**
**20.00 ▶The George Lopez Show**
**20.30 ▶Johnny Zero**
**21.15 ▶Ren & Stimpy**
**22.00 ▶Side Order of Life**
**22.45 ▶Crossing Jordan**
**23.30 ▶Þristurinn**
**00.05 ▶Janice Dickinson Modelling Agency**
**00.50 ▶E–Ring**
**01.35 ▶Tónlistarmyndbönd**

## SÝN

**17.35 ▶Race of Champions 2007**
**19.35 ▶Enski deildabikarinn** *(Blackburn – Arsenal)* Bein útsending frá leik Blackburn og Arsenal í 8–liða úrslitum enska deildarbikarsins.
**21.40 ▶Enski deildabikarinn** *(Man. City – Tottenham)*
**23.20 ▶Kevin Keegan / Horseracing** *(Inside Sport)*
**23.50 ▶Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**00.20 ▶Enski deildabikarinn** *(Blackburn – Arsenal)*

## SÝN2

**16.20 ▶Enska úrvalsdeildin** *(Reading – Wigan)*
**18.00 ▶Heimur úrvalsdeildarinnar** *(Premier League World)* Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 ▶Coca Cola mörkin 2007–2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 ▶Enska úrvalsdeildin** *(Liverpool – Man. Utd.)*
**20.40 ▶Enska úrvalsdeildin** *(Arsenal – Chelsea)*
**22.20 ▶Ensku mörkin 2007/2008**
**23.15 ▶Enska úrvalsdeildin** *(West Ham – Everton)*

## OMEGA

**09.00 ▶Blandað efni**
**11.30 ▶Við Krossinn**
**12.00 ▶Blandað ísl. efni**
**13.00 ▶Trúin og tilveran**
**13.30 ▶Way of the Master**
**14.00 ▶Jimmy Swaggart**
**15.00 ▶Tissa Weerasingha**
**15.30 ▶T.D. Jakes**
**16.00 ▶Ljós í myrkri**
**16.30 ▶Michael Rood**
**17.00 ▶Creflo Dollar**
**18.30 ▶Global Answers**
**19.00 ▶Samverustund**
**20.00 ▶Trúin og tilveran**
**20.30 ▶Við Krossinn**
**21.00 ▶Way of the Master**
**21.30 ▶T.D. Jakes**
**22.00 ▶David Wilkerson**
**23.00 ▶Benny Hinn**
**23.30 ▶Kall arnarins**

## STÖÐ TVÖ BÍÓ

**08.15 ▶Monsieur N**
**10.20 ▶Hildegarde**
**12.00 ▶The Perez Family**
**14.00 ▶Monsieur N**
**16.05 ▶Hildegarde**
**18.00 ▶The Perez Family**
**20.00 ▶Open Range**
**22.15 ▶Spin**
**24.00 ▶Children of Corn 6**
**02.00 ▶From Dusk Till Dawn 2: Texas**
**04.00 ▶Spin**

## N4

**10.30 ▶Auglýsinga og upplýsinga sjónvarp**
**18.15 ▶Að norðan**
Fjölbreyttur mannlífsþáttur. Umsjón: Dagmar Ýr Stefánsdóttir. Endursýndur á klst fresti til kl 10.40 daginn eftir.
**21.00 ▶Bæjarstjórnarfundur** (e). Fundur frá 11 des.



S·K·Í·F·A·N

Kláraðu Jólin í Skífunni




# VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN

## Jólin 2007 er HIGH SCHOOL MUSICAL

Nú er High school Musical lent í Skífunni. Náðu í geisladiskinn, tölvuleikinn og DVD.

# 24FÓLK

folk@24stundir.is

**Góður brandari er sjaldan of oft kveðinn**



Er brandarinn ekki búinn?

Óttar M. Norðfjörð skrifaði eftirminnilega „ævisögu“ Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í mjög litlu broti. Nú hefur Brissó B. Johannsson skrifað svipaða ævisögu um Óttar, án hans vitundar.

Bjarni Kristinsson vill opna Starbucks-kaffihús í miðbæ Reykjavíkur

# Ræðir við Starbucks um opnun á Íslandi

**Viðræður um opnun Starbucks á Íslandi hafa staðið í nokkur ár, en fyrirtækið óttast að íslenski markaðurinn sé of lítill. Nú hefur undirskriftalisti litið dagsins ljós á Starbucks.is sem þrýstir enn frekar á fyrirtækið.**

Eftir Atla Fannar Bjarkason
atli@24stundir.is

„Ég er búinn að vera í viðræðum við Starbucks um að opna á Íslandi í mörg ár,“ segir Bjarni Kristinsson, framkvæmdastjóri Skífunnar.

Bjarni hefur sett af stað undirskriftalista, á slóðinni Starbucks.is, sem ætlað er að þrýsta á eigendur kaffihúsakeðjunnar Starbucks um að gefa vilyrði fyrir opnun á Íslandi. „Ég er mikill áhugamaður um Starbucks á Íslandi,“ segir Bjarni. „Þeim finnst markaðurinn svo lítill á Íslandi að það taki því ekki að sprikla hér. En þau vita af undirskriftalistanum og munu örugglega fylgjast með. Ég mun hafa samband þegar listinn er orðinn almennilegur.“

### Opna sjö kaffihús á dag

Starbucks er stærsta kaffihúsakeðja heims með yfir 15.000 kaffihús í rúmlega 40 löndum. Fyrirtækið er í mjög örum vexti og opnar að meðaltali sjö kaffihús á hverjum degi.

Fyrr á þessu ári stofnaði Starbucks útgáfufyrirtækið Hear Music. Paul McCartney var fyrsti listamaðurinn til að skrifa undir hjá fyrirtækinu, en hann hafði lengi verið á mála hjá EMI-útgáfunni sögufrægu. Hear Music lokkaði einnig til sín kanadísku tónlistarkonuna Joni Mitchell, sem gaf út sína fyrstu breiðskífu með frumsömdu efni í tíu ár hjá fyrirtækinu.

Bjarni hefur áhuga á að blanda saman rekstri Skífunnar og Starbucks. „Sem framkvæmdastjóri Skífunnar er ég mjög heitur fyrir að tengja það saman, Skífuna og Starbucks,“ segir hann. „Þeir selja mikið af tónlist. Ég er með kjallara undir allri Skífunni á Laugavegi þar sem við erum með alls kyns uppákomur og fjör. Við myndum klárlega vilja sjá Starbucks þar. Byrja í 101 og halda svo áfram.“




**Starbucks á Íslandi?** Markaðurinn á landinu þykir frekar lítill.

**STARBUCKS**

- **Starbucks-kaffihúsakeðjan var stofnuð í Seattle í Bandaríkjunum árið 1971.**
- **147.436 manns starfa hjá fyrirtækinu um allan heim.**



**Viðræður í mörg ár** Bjarni vill opna Starbucks í Skífunni.

## HEYRST HEFUR …



**Ómar Eyþórsson**, fyrrverandi dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar RVK FM, segir á bloggsíðu sinni að dagar stöðvarinnar séu taldir, enda heyrðist bara surg á tíðninni 101,5 um helgina. Sögur Ómars af andláti stöðvarinnar eru stórlega ýktar þar sem tónlist var farin heyrast á henni upp úr hádegi í gær. Skýringin ku vera sú að útsendingarloftnet stöðvarinnar lenti illa í óveðri síðustu daga. afb



**Heiðdís Lilja Magnúsdóttir**, fráfarandi ritstjóri Nýs lífs, hyggst taka sér frí frá fjölmiðlaheiminum og setjast á skólabekk. Miklar hrókeringar urðu á dögunum hjá útgáfufélaginu Birtíngi og tímaritið Ísafold rann inn í Nýtt líf. Einhverjir skildu fréttirnar þannig að Heiðdís hefði verið rekin, en það ku ekki vera rétt. Hún var búin að segja upp eins og **Guðmundur Magnússon**, ritstjóri DV.is. afb



Vinsældir sýningarinnar **Laddi** 6-tugur ætla engan endi að taka. Troðfullt var á 81. sýningu grínkóngsins á laugardagskvöld og fólk stóð upp og ætlaði aldrei að hætta að klappa eftir sýningu. Athygli vakti að Laddi var með sárabindi um þumalinn. Fólk velti fyrir sér hvort Skúli rafvirki hefði gripið um vitlausan vír eða hvort Eiríkur Fjalar hefði misst sig í gleðinni við gítarglamur og söng … afb

Ekki spurt um aldur í lúxusbílaæði á Íslandi

# Börn fá Range Rover í jólagjöf

„Fjarstýrður Range Rover fyrir þau allra flottustu. Spilar tónlist og er með alls konar flottum ljósum. Alvörukaggi!“ Svona er fjarstýrðum Range Rover-jeppa lýst í Hagkaupum í Smáralind.

Samkvæmt upplýsingum frá leikfangadeild Hagkaupa í Smáralind er mikil spenna fyrir fjarstýrðum lúxusbílum, þrátt fyrir að þeir séu ekki mjög hentugir í torfærur, en börn eru jafnan spenntari fyrir hólum og hæðum heldur en hefðbundnum götuakstri.

### Fjarstýrðir lúxusbílar vinsælir

Lexus- og Ford Mustang-bílar eru einnig fáanlegir í fjarstýrðum útgáfum, en starfsmaður í Hagkaupa sagði að verslunin hefði nýlega tekið inn þessar tegundir af bílum.

Sannkallað lúxusbílaæði hefur gripið þjóðina og þar er greinilega ekki spurt um aldur. Skemmst er að minnast þess þegar Blaðið (nú 24 stundir) sagði frá því að 2007 yrði metár í lúxusbílasölu.

Það sem af er ári hafa 127 nýir Range Rover-jeppar selst samkvæmt upplýsingum af vef Umferðarstofu. Verðið á þeim er frá tæpum 8 milljónum upp í rúmar 17 milljónir. Verðkröfur barnanna eru ögn hógværari, en fjarstýrður Range Rover kostar 6.990 krónur í Hagkaupum. Ef barnið hyggst taka bílalán til 84 mánaða hjá TM fyrir bílnum þyrfti það að punga út rúmum 400 krónum á mánuði, miðað við 20% innborgun. Fjarstýrði bíllinn myndi á endanum kosta rúmar 33.000 krónur.

atli@24stundir.is




**Lúxusbílar fyrir börn** Range Rover og Lexus eru vinsælir meðal barnanna.

## BLOGGARINN

**„Og enn er elsti maður heims látinn. Rétt einu sinni. Það virðist vísun á bráðan dauða að vera elsti maður heims. Lífslíkurnar minni en hjá flestum öðrum þjóðfélagshópum, gæti ég trúað. […] Ég vona að ég verði aldrei elsti maður heims. Mig langar að lifa svolítið lengur.“**

Hlynur Þór Magnússon
hlynur.eyjan.is

**„Ég fór í Blóðbankann um daginn til að leggja inn, ég hafði ekki gefið blóð síðan 1984. Það var bara tekin prufa […] Svo hringdi ég til að tékka á þessu og þau vilja bara ekki mitt blóð […] Veit ekki alveg af hverju þetta var niðurstaðan. Sennilega héldu þau að ég væri gömul fyllibytta.“**

Sigurður Helgi Magnússon
zorglubb.blog.is

**„Sjálf hefi ég aðeins einu sinni á ævinni étið rjúpur. Ekki þóttu mér þær neitt sérstakar á bragðið og tek flestan mannamat fram yfir rjúpur og kæsta skötu á hátíðarborði. Þá er maður sömuleiðis laus við meltingartruflanir af því að kyngja höglunum.“**

Anna K. Kristjánsdóttir
velstyran.blog.is




## Su doku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | 3 | 4 | | 9 | | 2 |
| 3 | | | | 7 | | | 1 | 5 |
| | | 9 | 8 | 1 | | | | |
| | | | | 3 | 1 | 4 | 5 | |
| 4 | 1 | | | | | 6 | | 9 |
| | | | 9 | | | 7 | | |
| 7 | 5 | | | 8 | | | | |
| | | | | | 3 | 5 | | |
| 1 | 6 | 3 | | | | | | |

Su Doku þrautin snýst um að raða tölunum frá 1-9 lárétt og lóðrétt í reitina, þannig að hver tala komi ekki nema einu sinni fyrir í hverri línu, hvort sem er lárétt eða lóðrétt. Sömu tölu má aukin heldur aðeins nota einu sinni innan hvers níu reita fylkis. Unnt er að leysa þrautina út frá þeim tölum, sem upp eru gefnar.

## HERMAN®

by Jim Unger




**Getur einhver sagt Ella að ég hafi fundið jakkann hans!?**

# JÓLAGJÖF

## fyrir þá sem eiga allt!




crocs

- Crocs-sandalinn vegur aðeins 150 grömm sem gerir hann að léttasta sandala í heimi.
- Crocs-sandalinn er með hálkuvörn og hrindir frá sér lykt og bakteríum.
- Crocs-sandalinn hefur munstur á innanverðum sóla sem gefur létt nudd og örvar blóðrásina.
- Crocs-sandalann er hægt að þrífa með bæði sápu og klór.
- Með sínu sérstaka útliti og litaúrvali, líkist hann engum sandala sem við höfum áður séð.



Notkunarmöguleikarnir eru því óendanlegir, úti sem inni, með eða án hælbands, heima, í vinnuna eða hvar sem er.
Gefðu jólagjöf sem hittir í mark...

**Verð**
**Fullorðinsstærðir 36-47 verð 5.900.-**
**Barnastærðir 24-35 verð 4.900.-**

**Sendum í póstkröfu.**

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

24 stundir

**Ritstjórn**
Sími: 510 3700
ritstjorn@24stundir.is

**Auglýsingar**
Sími: 510 3700
auglysingar@24stundir.is

www.bomba.is
Flugeldasala Víkurhvarf 6




# Starbucks á Íslandi?




Bjarni Kristinsson er búinn að ræða við forsvarsmenn kaffihúsakeðjunnar Starbucks í mörg ár um að opnað verði útibú á Íslandi. Markaðurinn þykir of lítill, en Bjarni er hvergi banginn og hefur sett af stað undirskriftasöfnun á Starbucks.is sem á að þrýsta á keðjuna.

«54



«46

# Heiðið trúartákn?

Á sumum eintökum nýþýddrar Biblíu má finna tákn sem rekja má aftur til bronsaldar. Táknið er oftast nefnt sólkrossinn, en er einnig þekkt sem kross Óðins úr goðafræðunum.

# Vinsæl vestanhafs

Nýjasta mynd Will Smith, I am Legend, hefur slegið öll aðsóknarmet í Bandaríkjunum fyrir desembermánuð. Myndin segir frá manni sem er líklega síðasti maðurinn á jörðinni.



«48



## 365 í jólastuði

■ Stórglæsilegt, árlegt jólahlaðborð 365 var haldið í Perlunni helgina sem leið. **Ari Edwald**, **Pétur Pétursson**, **Sigmundur Ernir**, **Steingrímur Ólafsson**, **Sölvi Tryggvason**, **Lára Ómarsdóttir** ásamt manninum sínum, **Hauki Olavsson**, **Edda Andrésdóttir**, **Jón Gunnar Geirdal**, **Valtýr Björn**, **Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir**, **Svali**, **Sigga Lund**, **Jón Kaldal** og **Sólveig Bergmann** mættu, ásamt fjölda manns, prúðbúin í herlegheitin þar sem jólagleðin réð ríkjum fram á rauða nótt.



## 30 mínútur á dag

■ Það er virkilega ánægjulegt að geta styrkt grunninn því grunnurinn er allt sem við byggjum á," sagði **Hafdís Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri World Class, þegar hún og Björn opnuðu nýja heilsuræktarstöð við Lágafellslaug í Mosfellsbæ um helgina og styrktu að sama skapi fimleikadeild Aftureldingar. Er nóg að æfa í 30 mínútur á dag? „Já, tvímælalaust. Ef þú hefur bara hálftíma lausan þá er það betra en engin æfing." Sjáðu viðtalið á Sviðsljós.is.



## ORA-fiskibollujól

■ Ég ætla að vera með 8 manna hljómsveit með mér og leika lög af þremur síðustu plötunum mínum í bland við vinsælustu lögin mín," svarar **Ragnheiður Gröndal** aðspurð um tónleikana sem hún heldur á Nasa 20. desember. „Ég eyði jólunum á æskuheimilinu mínu í Garðabæ með fjölskyldunni minni. Við borðum alltaf svokallaðar tartalettur í forrétt, sem eru fylltar með hvítvíns-, rækju-, ORA-fiskibollu- og aspasgumsi, en þetta er gömul uppskrift úr fjölskyldunni hans pabba og var þetta alltaf eldað á hans heimili."

sviðsljós.is

Umsjón: Elly Ármanns
elly@svidsljos.is




Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)